TÍSKUVIKAN Í NEW YORK

Marc Jacobs og Rodarte slá í gegn með vorlínum sínum

McCain vann forsetakosningarnar

Atli Bollason og Anna Ólafsdóttir Björnsson ræða bíómenningu, tannlækningar og bandaríska pólitík

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. september 2008 — 249. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

SMÁR VÖXTUR ER LEYNIVOPNIÐ MITT

Leikkonan Anita Briem segir frá uppvextinum, korselettum í Tudors og ástinni á bardagalistum.

VIÐTAL 26

FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA VÆTA Í dag verða suðaustan 5-13 m/s, hvassast með ströndum sunnan til og austan. Mikil rigning suðaustan til, annars víða skúrir en þó þurrt að kalla norðaustan til fram á kvöld. Hiti víðast 12-17 stig.

VEÐUR 4

Lögreglumönnum fækkar á meðan íbúum fjölgar

Í árslok 1990 voru lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu 327 en nú eru þeir 311. Á sama tíma hefur íbúum á svæðinu fjölgað um rúmlega 40 þúsund. Ekki tókst að ráða í 25 lögreglustörf sem auglýst voru í sumar.

LÖGREGLUMÁL Fjöldi lögreglumanna sem nú starfa á höfuðborgarsvæðinu er 311, að sögn Harðar Jóhannessonar, aðstoðarlögreglustjóra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Það þýðir að þeir hafa ekki verið færri frá því fyrir 1990, en á sama tíma hefur íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um rúmlega 40 þúsund.

Ef lögreglunemar eru taldir með var starfslið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 21 manni fámennara í ár en í fyrra. „Við auglýstum eftir 25 lögreglumönnum í sumar en náðum aðeins átján," segir Hörður. „Þetta er ekkert neyðarástand en vissulega þýðir þetta meira álag á þá sem eru á vakt." Hann segir einnig hugsanlegt að aukin harka í ofbeldismálum sem lögreglan þarf að takast á við valdi því að fólki hugnist síður að leggja lögreglustörf fyrir sig.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Fréttablaðið að á góðum degi ættu 20 til 25 lögreglumenn að vera við eftirlit. En samkvæmt heimildum blaðsins voru 11 lögreglumenn úr almennri deild á vakt á hádegi í gær.



„Við erum búnir að vera að vekja athygli á þessu lengi," segir Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna. „Það sem ég heyri frá lögreglumönnum gefur ástæðu til að álykta að menn vilji ekki vinna við lögreglustörf á höfuðborgarsvæðinu miðað við það álag sem þar er og þau lágu laun sem í boði eru." Hann segir grunnlaun lögreglumanns vera 181.202 krónur og litlir möguleikar séu á að hækka þau fyrstu fimm árin.

Hann segir enn fremur: „Auðvitað er það óviðunandi að lögreglumenn séu færri nú en árið 1990. Á sama tíma hefur íbúum fjölgað, bílum fjölgað og erlendum íbúum fjölgað, en mál er varða þá taka yfirleitt lengri tíma og eru þyngri í vöfum, og svo tel ég alveg víst að málum hafi fjölgað og harkan aukist." - jse

ÍSLAND ER MITT LAND NÚNA Lena Mazar kom til nýrra heimkynna sína á Akranesi aðfaranótt þriðjudags, ásamt sonum sínum Abdhulla og Mohammed, og dótturinni Nadiu. Hún er staðráðin í að samlagast samfélaginu á Skaganum og strákarnir eru strax byrjaðir í boltanum. sjá síðu 28

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umhverfisráðherra:

Skoða á stuðning við strætó

SAMGÖNGUR Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra er þeirrar skoðunar að skoða beri hvort ríkisvaldið eigi að taka upp beinan stuðning við almenningssamgöngur. „Við verðum að skoða möguleikann á niðurfellingu þeirra gjalda sem nú eru lögð á almenningssamgöngur. Þá er hægt að horfa til skattaívilnana eða jafnvel beinna ríkisstyrkja.

Allt þetta þarf að skoða og ég er tilbúin til þess. Almenningssamgöngur eru tæki til að draga úr mengandi útblæstri," segir Þórunn.

Kristján L. Möller samgönguráðherra segir enga ákvörðun hafa verið tekna um beinan stuðning. Almenningssamgöngur verði þó efldar, enda kveði á um það í stjórnarsáttmálanum.

- kóp / sjá síðu 12

Björgólfsfeðgar eiga í raun yfir tvo þriðju Eimskips og gætu tekið félagið yfir að fullu:

Virði Eimskips tíund af skuldum

VIÐSKIPTI Björgólfsfeðgar ráða meira en tveimur þriðju af Eimskipafélaginu. Þeir velta fyrir sér að taka félagið yfir í heild sinni, samkvæmt heimildum Markaðarins, vegna ábyrgðar sem fellur á félagið vegna gjaldþrots XL Leisure Grop í gær.

Gengi hlutabréfa í Eimskipafélaginu féll enn á ný þegar fréttist af gjaldþrotinu. Lán Eimskipafélagins nema 150 milljörðum króna. Markaðsvirði Eimskipafélagsins er hins vegar ríflega tíu sinnum minna.

Gengi hlutabréfa í félaginu hefur fallið um 77 prósent frá áramótum. Þá var markaðsvirði félagsins tæplega 70 milljarðar króna, en var komið í niður í rúma fjórtán milljarða við lokun markaðar í gær.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, segir að unnið sé að sölu eigna sem ekki tengjast flutningastarfsemi. Mikið grynnki á skuldum og fjármagnskostnaði félagsins eftir nokkra mánuði, þegar það sé um garð gengið. Um helmingur skulda Eimskips nú sé vegna kanadíska félagsins Versacold Atlas.

- ikh / sjá síður 16 og 17

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Opið 10-18
Nýtt kortatímabil
Kringlan

SPURNING DAGSINS

Arnar, varð ykkur ekki skotaskuld úr þessari heimsókn?

„Nei, en Skotarnir skildu svo mikið eftir með jákvæðni og skemmtilegheitum að gróði eða skuld skiptir ekki öllu máli."

Stuðningsmenn skoska landsliðsins settu mark á Reykjavík og létu til sín taka á knæpum borgarinnar. Arnar Gíslason rekur English Pub í Austurstræti.

Samningafundi ríkisins og ljósmæðra frestað fram á mánudag:

Gagnrýni á stefnu ekki svarað

ÁRNI MATHIESEN

VINNUMARKAÐUR Samningafundi ljósmæðra og ríkisins var frestað seinni partinn í gær og hittast samninganefndirnar aftur á mánudag. Ljósmæður hafa boðað nýtt þriggja sólarhringa verkfall á miðnætti á þriðjudag. Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, vill ekki gefa upplýsingar um gang viðræðna.

Fjármálaráðuneytið hefur stefnt ljósmæðrum fyrir ólögmætar uppsagnir og verður málið tekið fyrir í félagsdómi eftir helgina. Gunnar skilur ekki hvers vegna stefnan veki undrun og bendir á að fjármálaráðuneytið hafi tilkynnt ljósmæðrum þetta með bréfi í júlí.

„Við tilkynntum jafnframt að við myndum fá úr því skorið fyrir dómstólum ef ekki yrði breyting á þannig að það lá alltaf fyrir. Við vonuðumst hins vegar til þess að málið leystist áður en til þess kæmi en gátum bara ekki beðið lengur. Uppsagnirnar taka gildi um mánaðamót þannig að það voru síðustu forvöð að fá úr þessu skorið," segir hann.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra var í réttum á föstudaginn og vildi því ekki svara spurningum um það hvers vegna ríkið hefði ákveðið að stefna ljósmæðrum eða hvaða sannanir ríkið hefði fyrir því að um hópuppsagnir væri að ræða. Árni vildi heldur ekki svara gagnrýni Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um að stefnan hefði ekki verið klókt útspil hjá honum.

„Það fer ekki saman að vera í réttum og veita viðtöl," sagði Árni. „Þú bara náðir ekki í mig."

- ghs

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

25 prósent er of stór biti í einu

VINNUMARKAÐUR „Það er sama hvaða ráðherra það er, það er skilningur á því í ríkisstjórninni að ljósmæður þurfi að fá ákveðna leiðréttingu á sínum kjörum og fá viðurkennda sína menntun," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

„Hvort það á endilega að fela í sér í 25 prósent launahækkun í einu skrefi, fram til mars næstkomandi, það er önnur saga. Það held ég að okkur öllum finnist svolítið stór biti að kyngja." Hún bendir á að það séu fjölmargar aðrar kvennastéttir sem eru vanhaldnar í launum og þurfi að lyfta á kjörtímabilinu.

- ss

Annasamt á fæðingardeild:

Fimm fæddust frá eitt til þrjú

HEILBRIGÐISMÁL Fæðingarhrina var á fæðingardeild Landspítalans í verkfalli ljósmæðra síðustu tvo sólarhringa og þéttsetinn bekkurinn á fæðingardeildinni.

Fimm börn fæddust milli klukkan 13.10 og 14.46 í gær og höfðu þá ellefu börn fæðst frá miðnætti.

Sautján börn fæddust á fæðingardeildinni fyrsta sólarhring verkfallsins.

Samtals höfðu því minnst 28 börn fæðst í verkfallinu síðdegis í gær, þar af einir tvíburar.

Þrjár konur voru í fæðingu seinni partinn í gær.

- ghs

Maður fótbrotnaði við veiðar:

Féll sjö metra ofan í gljúfur

SLYS Maður fótbrotnaði þegar hann féll um sjö metra niður í gljúfur við Stóru-Laxá í Árnessýslu í gærmorgun. Mildi þykir að hann hafi ekki hlotið alvarlegri meiðsl.

Maðurinn var við veiðar ásamt félaga sínum þegar hann rann á blautum mosa og féll niður í gljúfrið, þar sem hann lenti á grjóti. Félagi mannsins gerði Neyðarlínunni viðvart og voru Björgunarsveitir í Árnessýslu sendar á vettvang, auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. Björgunarstarf gekk vel og flutti þyrlan manninn á slysadeild Landspítalans.

- kg

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Tafir hjá ísbjarnarnefnd

Starfshópur sem umhverfisráðherra skipaði til að gera tillögur um viðbrögð vegna hugsanlegrar landtöku ísbjarna á Íslandi skilaði ekki tillögum til ráðherra innan tilskilins frests. Þetta kemur fram á heimsíðu Skagafjarðar.

Prestur ákærður fyrir kynferðislega áreitni

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur séra Gunnari Björnssyni, sóknarpresti á Selfossi. Honum er gefið að sök kynferðislegt áreiti og blygðunarsemisbrot gegn tveimur ungum stúlkum. Fimm stúlkur lögðu fram kæru.

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari gaf í gær út ákæru á hendur Gunnari Björnssyni, sóknarpresti á Selfossi. Þetta staðfesti Daði Kristjánsson saksóknari, sem kvað ekki unnt að gefa frekari upplýsingar um málið að svo stöddu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er sr. Gunnar ákærður fyrir kynferðislegt áreiti og blygðunarsemisbrot gegn tveimur ungum stúlkum.

SÉRA GUNNAR

Alls bárust lögreglu og ákæruvaldi fimm kærur vegna meintra brota Gunnars, sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Ákært var vegna tveggja málanna en þrjú þeirra voru felld niður þar sem þau töldust ekki líkleg til sakfellis.

Málið hófst þegar foreldrar annarrar stúlkunnar sem presturinn er ákærður fyrir að hafa brotið á, ræddu við formann sóknarnefndar í byrjun apríl. Hin stúlkan mun hafa hrökklast úr starfi innann kirkjunnar fyrir rúmu ári eftir meint áralangt kynferðislegt áreiti prestsins. Þegar hún heyrði af máli fyrri stúlkunnar brotnaði hún niður og kom líka fram. Síðar í sama mánuði barst lögreglunni á Selfossi erindi frá barnaverndaryfirvöldum. Stúlkurnar tvær kærðu sóknarprestinn skömmu síðar fyrir kynferðislega áreitni. Þær voru sextán og sautján ára.

SELFOSSKIRKJA Meint brot sóknarprestsins á Selfossi gegn tveimur ungum stúlkum eru talin hafa byrjað þegar þær voru í fermingarfræðslu hjá honum.

Meint brot sóknarprestsins gegn þeim eru talin hafa byrjað þegar þær voru í fermingarfræðslu hjá honum. Grunur leikur á að þau hafi staðið í nokkur ár. Stúlkurnar voru báðar virkar í starfi innan kirkjunnar.

Réttargæslumaður stúlknanna hefur sagt þær hafa litið á kirkjuna sem griðastað og nú sé búið að eyðileggja það fyrir þeim.

Í maí kærðu svo tvær stúlkur til viðbótar sóknarprestinn fyrir sömu sakir. Nokkru síðar barst fimmta kæran sem einnig varðaði meint kynferðislegt áreiti.

Séra Gunnar óskaði eftir hálfs árs leyfi frá störfum þegar kærur tóku að berast. Honum var veitt það og lét hann samstundis af störfum.

Biskupsstofa ætlar að óska eftir ákæru saksóknara á hendur Gunnari. Frá þessu var greint á Vísi.is í gær og þar sagði jafnframt að lögfræðingur Biskupstofu myndi fara yfir ákæruna.

Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

jss@frettabladid.is

GAMLI BÚNINGURINN Leikmenn West Ham munu leika í auglýsingalausum búningum á morgun. Hér sést miðjumaðurinn Scott Parker í búningnum eins og hann var.

Knattspyrnuliðið West Ham:

Engin auglýsing á búningum

VIÐSKIPTI Enska knattspyrnuliðið West Ham, sem er í eigu Björgólfs Guðmundssonar, ákvað í gær að fjarlægja auglýsingar frá helsta bakhjarli liðsins, ferðaskrifstofunni XL Leisure, af búningum liðsins í kjölfar gjaldþrots ferðaskrifstofunnar í gær.

Mun liðið því leika í auglýsingalausum búningum gegn West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni á morgun. Þá hefur merki XL einnig verið fjarlægt af leikvangi West Ham.

- bih

Þjófar í Bolungarvík:

Brotist inn í bíla og hús

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í sex bíla og farið inn í hús í Bolungarvík í fyrrinótt. Ýmsum munum, til að mynda i-pod spilara og GPS-tæki, var stolið úr bílunum.

Auk þess voru talsverðar skemmdir unnar á bíl sem stóð á hafnarsvæðinu. Allar rúður voru brotnar ásamt ljósum og speglum, og hljómflutningstæki tekin traustataki.

- kg

Íbúum á strönd Texas sagt að forða sér undan Ike eða eiga dauðann vísan:

Ike skellur á af fullum þunga

BANDARÍKIN, AP Fellibylurinn Ike skall á strönd Texas af fullum þunga í nótt og var byrjaður að valda miklum usla strax seinni partinn í gær. Íbúar við ströndina voru hvattir til að forða sér að heiman, „eða eiga dauðann vísan".

Íbúar í Houston, höfuðborg Texasríkis, voru þó hvattir til að halda sig heima við, og var þar stuðst við reynsluna frá 2005 þegar fellibylurinn Rita reið yfir borgina. Brottflutningur íbúanna olli þá fleiri dauðsföllum heldur en fellibylurinn sjálfur.

Búist var við sex metra hárri flóðbylgju og einstaka öldur voru orðnar allt að 15 metra háar síðdegis í gær. Þá var búist við 25 sentimetra úrkomu ofan á allt.

„Við byrjuðum að sjá vatnið flæða yfir göturnar, og síðan kom þetta. Við bara settum allt í bílinn og náðum í gæludýrin, við erum að fara," sagði Tony Munoz, íbúi í bænum Galveston, sem búist var við að yrði einna verst úti. „Ég hef séð óveður áður, en þetta er öðru vísi."

Einstaka íbúar vildu þó hvergi fara. Þannig sagðist Emorie Sallie, 44 ára íbúi í Galveston, hafa staðið af sér storma áður og bjóst ekki við að þessi yrði neitt öðruvísi.

Fellibylurinn Ike er sá fyrsti sem skellur á stórborg í Bandaríkjunum síðan Katrina reið yfir New Orleans fyrir þremur árum.

- gb

HAMFARIR Í AÐSIGI Randy Smith, lögreglustjóri í bænum Surfside Beach í Texas, þurfti að vaða elginn þegar hann hvatti íbúa til að forða sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðustu dagar

Háfur
Amica OWC96791, 90 sm, eyja, stál
1850557

39.990

Mun auðveldari
hreingerning á baðherberginu þínu

Ósýnileg meðhöndlun á gler-og keramik yfirborðsflötum, sem gerir það að verkum að mun auðveldara verður að fjarlægja kalk, sápurestar og önnur óhreinindi.

TILBOÐ 1.495

TCnano
Hreinsiefni f/hreinlætistæki
9019003

40% AFSLÁTTUR

Örbylgjuofn
Bomann, hvítur, 17 ltr. 700W
1840893

5.990 ~~10.395~~

30% AFSLÁTTUR

22.790 ~~32.630~~

Salernisskál
Vegghengd, seta fylgir. Siflon húð sem gerir þrif auðveldari.
8076003

Electrolux

76.990

Ofn Electrolux
Blástursofn úr ryðfríu stáli, 3 falt gler í hurð, barnalæsing.
1830118

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Ísskápur Electrolux
Kælir/frystir, 176x90.5x68x2 sm. Kælirými 357 ltr. Frystir 165 ltr. Hurðir stál, aðrir fletir svartir
1839907

198.990 ~~227.700~~

13.899 ~~23.180~~

Blöndunartæki
Baðkar, sturtu
8000590

20.990 ~~34.180~~

Eldhúsvaskur
1,5 h, m borði, 98 x 48 sm
8032550

Electrolux

3 ÁRA ÁBYRGÐ

45.990

Þurrkari
EDE 36130W, m/barka
1805460

Eldhús og Baðdagar

Gildir til 17. september eða á meðan birgðir endast.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 12.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	90,42	90,86
Sterlingspund	160,10	160,88
Evra	127,52	128,24
Dönsk króna	17,107	17,207
Norsk króna	15,713	15,805
Sænsk króna	13,399	13,477
Japanskt jen	0,8418	0,8468
SDR	139,32	140,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
168,4152
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Níræður afi dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að níðast á dótturdóttur sinni:

Besti pabbi í heimi reyndist níðingur

DÓMSMÁL Níræður maður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í fjögurra ára fangelsi fyrir að misnota dótturdóttur sína kynferðislega um ellefu ára skeið. Hann á að greiða stúlkunni 1,5 milljónir króna í bætur.

Samkvæmt dómnum hófst misnotkunin þegar stúlkan var aðeins fjögurra ára og endaði ekki fyrr en hún var orðin fimmtán ára haustið 2005. Þá var afi hennar 87 ára.

Maðurinn er meðal annars dæmdur fyrir að þvinga stúlkuna til munnmaka og fyrir að troða fingrum sínum í leggöng hennar. Brotin fóru fram á heimilum þeirra beggja, í sumarbústað og á ferðalögum, meðal annars í hjólhýsi.

Maðurinn neitaði alfarið sök og bar því meðal annars við að hafa verið getulaus frá því fyrir sextugt.

Á árinu 2003 var maðurinn kærður fyrir að hafa misnotað annað barnabarn sitt. Ákæra var ekki gefin út því brotið var fyrnt. Móðir stúlkunnar, sem maðurinn hefur nú verið dæmdur fyrir að brjóta gegn, fékk vitneskju um kæruna á hendur föður hennar á árinu 2003. Hún sagði sig og mann sinn hafa talið útilokað að faðir hennar hefði komið eitthvað nálægt börnum þeirra. Hún hafi „alltaf talið sig eiga besta pabba í heimi“.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Háldraður afi eyðilagði barnæsku dótturdóttur sinnar.

Stúlkan sagði að við tíu ára aldur hafi afi hennar farið að setja puttana upp í leggöng hennar. „Var henni minnistætt fyrsta skiptið sem ákærði hefði gert það, en það hafi verið heima hjá honum þegar amma hennar var á spítala vegna krabbameins,“ segir í dóminum.

Stúlkan sagði afa sinn hafa kúgað hann til þagnar, meðal annars með hótun um að hún yrði gefin burt af heimili sínu. Hann hafi brotið niður sjálfsmynd hennar. „Ákærði hefði mjög oft átt það til að segja að hún væri feit og ljót. Hún væri með ljót brjóst og allt væri ljótt við hana,“ segir í dóminum. **- gar**

JACOB ZUMA Dansaði og söng þegar úrskurður dómara lá fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákærum vísað frá dómi:

Zuma slapp með skrekkinn

SUÐUR-AFRÍKA, AP Jacob Zuma, leiðtogi Afríska þjóðaráðsins, slapp með skrekkinn þegar dómari í Suður-Afríku ákvað að vísa frá dómi ákærum á hendur honum vegna spillingarmála.

Chris Nicholson dómari gagnrýndi saksóknara málsins harðlega og gagnrýndi einnig stjórnmálamenn og jafnvel Thabo Mbeki forseta. Nicholson gaf í skyn að málatilbúnaðurinn væri af pólitískum rótum.

Zuma tók í desember síðastliðnum við af Mbeki sem leiðtogi Afríska þjóðaráðsins og verður jafnframt forsetaefni flokksins í kosningum, sem haldnar verða næsta vor. - gb

VIÐSKIPTI

Decode aftur á botninn

Gengi hlutabréfa í Decode lækkaði um 10,5 prósent á hlutabréfamarkaði í New York á föstudag. Í lok dagsins var gengi bréfanna aðeins 85 sent á hlut. Lægsta skráða lokagengi Decode til þessa var 84 sent þann 19. júní í sumar.

Þingmenn gagnrýna stefnu Íslandspósts

Fjárfestingar Íslandspósts og yfirlýst stefna um sókn á flutningamarkaði var gagnrýnd af stjórnarliðum og stjórnarandstöðu á Alþingi í gær. Samgönguráðherra varði ákvarðanir fyrirtækisins og sagði framkvæmdir þess nauðsynlegar.

SAMGÖNGUR Þingmenn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna gagnrýndu lokun pósthúsa og uppbyggingu flutningaþjónustu hjá Íslandspósti, sem er í eigu ríkisins, harðlega í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær. Kristján L. Möller samgönguráðherra varði ákvarðanir fyrirtækisins staðfastlega.

Styrkir það rekstrargrundvöll einkarekinna flutningsfyrirtækja, sem berjast í rekstrarumhverfi sem einkennist af hárri verðbólgu, háum vöxtum, lækkandi gengi krónu og hærra eldsneytisverði, að „fá í ofanálag í andlitið samkeppni frá ríkinu, af öllum aðilum?“, spurði Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, samgönguráðherra í fyrirspurn sinni í gær. Hann bætti við hvort hann teldi einhver takmörk fyrir því hvað ríkið, undir merkjum Íslandspósts, gæti gengið langt í útvíkkun sinni og sókn inn á markaði sem einkaaðilar hafa sinnt.

Samgönguráðherra svaraði ekki þessum spurningum þingmannsins beint en sagði Íslandspóst hafa verið í flutningaþjónustu um langt árabil og fréttaflutning Fréttablaðsins ónákvæman hvað það varðaði. Hann sagði byggingu tíu pósthúsa, sem sérhönnuð eru sem vörumóttökur, ekki eingöngu vera til að efla flutningastarfsemi í samkeppni við einkafyrirtæki, þvert á orð Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra Íslandspósts, í Fréttablaðinu á fimmtudag.

„Ég held að það sé af því góða að það sé meiri samkeppni á flutningamarkaði“, sagði Kristján og að gjaldskrár fyrirtækja á þeim markaði væru svipaðar. „Ég hef ekki skoðað þær gagnvart Íslandspósti, en ég held að þetta sé ágætlega gert og rangt sem kemur fram í fjölmiðlum að Íslandspóstur sé að nota skattfé almennings til að byggja upp eða niðurgreiða flutningastarfsemi, svo er örugglega ekki.“

Í PÓSTHÚSI Breytingar á þjónustu og uppbygging í flutningaþjónustu Íslandspósts er þrætuepli stjórnarliða. FRÉTTABLAÐIÐ/

SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

KRISTJÁN MÖLLER

JÓN BJARNASON

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri-grænna, spurði samgönguráðherra hvort hann ætlaði að láta það líðast að hvert sveitarfélagið af öðru væri sett „á dauðalista Íslandspósts“ og þjónusta yrði skert enn frá því sem orðið er. Vitnaði hann þar til yfirlýsinga um lokanir póstafreiðslustöðva á landsbyggðinni nýlega.

Kristján sagði stjórn Íslandspósts vera að fylgja eftir nokkurra ára gamalli ákvörðun um að breyta á nokkrum stöðum á landinu formi póstdreifingar. Hann sagði ljóst að breytingarnar væru nauðsynlegar og þjónusta myndi ekki versna, nema síður væri.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra vildi ekki tjá sig um málið í gær. **svavar@frettabladid.is**

MORGAN TSVANGIRAI Leiðtogi stjórnarandstöðunnar horfir fram á betri tíma. NORDICPHOTOS/AFP

Samningar tókust:

Tsvangirai fær umtalsverð völd

SIMBABVE, AP Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabve, fær nú völd yfir bæði ríkisstjórn og lögreglu landsins, og getur þar með stöðvað þær ofsóknir sem stjórnarandstaðan hefur mátt sæta undanfarin tvö ár.

Robert Mugabe forseti heldur þó að mestu valdi sínu yfir her landsins, samkvæmt samkomulagi sem Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, hafði milligöngu um.

Mbeki skýrði frá því seint á fimmtudag að samningar hafi tekist, en ekki verður skýrt að fullu frá innihaldi þeirra fyrr en á mánudag. **- gb**

REYKJAVÍK

Sölubúð við Esjurætur

Skipulagsstjóri Reykjavíkur segist ekki hafa skipulagslegar athugasemdir við umsókn um leyfi fyrir færanlegri söluaðstöðu fyrir veitingar við göngustíga við Esjurætur. Viðkomandi er hins vegar bent á að afla samþykkis landeiganda.

„Hugurinn ber þig alla leið“

Kári Eyþórsson MPNLP

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.

NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

NLP er öflugasta sjálfstyrkingarnámskeið sem völ er á.

Námskeið í NLP tækni verður haldið 26. - 28.sept. og 03. - 05.okt. 2008.

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© cKari.com

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

FREMUR BLAUTT

Töluvert mikil væta er í kortum dagsins fyrir suðaustanvert landið og annars staðar má búast við smáskúrum. Einna þurrast verður á Norðausturlandi. Á morgun er svipað upp á teningnum nema þá gæti hann rifið af sér á norðan- og austanverðu landinu. Mjög hlýtt er á landinu og má búast við 12-17 stiga hita um helgina.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	14°
Billund	25°
Ósló	16°
Stokkhólmur	13°
Gautaborg	13°
London	21°
París	16°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	13°
Berlín	16°
Alicante	26°
Mallorca	25°
Basel	15°
Eindhoven	17°
Las Palmas	24°
New York	29°
Orlando	33°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Amerískir dagar

20% afsláttur við kassa

Ferskur kalkúnn

879 kr/kg

Merkt verð 1.099.-

40% afsláttur við kassa

1.019 kr/kg

Merkt verð 1.698.-

Boston skinka

35% afsláttur við kassa

1.598 kr/kg

Merkt verð 2.459.-

Kjúklingalundir
í western kryddlegi

40% afsláttur við kassa

947 kr/kg

Merkt verð 1.579.-

New Orleans BBQ svínarif

20% afsláttur við kassa

599 kr/pk

Merkt verð 749.-

BBQ hamborgarar
4 stk. með brauði

Smucker´s íssósur
Sérinnfluttar fyrir ameríska daga. Mikið úrval!

Smucker´s Goober
- hnetusmjör og sulta saman

Nýtt í Hagkaup

MacCormick krydd
– 4 kryddtegundir í hverjum stauk

20% afsláttur við kassa

Jim Beam BBQ sósur
– frábærar BBQ sósur, hefur þú prófað?

Betty Crocker kökur
– mikið úrval

699 kr/pk

Verð áður 820.-

Coke 4 í pk.
– Coke 2L, 4 flöskur saman í pakka

Snyder´s of Hanover
– ameríkst snakk, algjört lostæti!

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Á að vera frítt í strætó?

Já	80,5%
Nei	19,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Þarf aukið eftirlit með hælisleitendum á Íslandi?

Segðu þína skoðun á visir.is

HVALEYRARSKÓLI Ökumenn við Hvaleyrarskóla reyndust til fyrirmyndar.

Hraðakstur við grunnskóla:

Yfir hundrað óku of hratt

UMFERÐ **Óhemju margir óku yfir leyfilegum hraðamörkum í mælingum lögreglu við grunnskóla í Hafnarfirði og á Álftanesi, að því er segir á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar:**

„Á Hraunbrún voru 20 kærðir af þeim 39 sem mældir voru. Á Hlíðarbergi var 31 kærður af þeim 110 sem óku framhjá myndavélinni. Í Kríuási við Áslandsskóla voru 8 kærðir af þeim 22 sem mældir voru. Ökumenn voru til fyrirmyndar á Háholti við Hvaleyrarskóla þar sem aðeins 2 voru kærðir af 31 sem voru mældir. Við Álftanesskóla voru mæld 64 ökutæki og af þeim voru kærðir 33 ökumenn. Á Hjallabraut við Hjallaskóla var 21 ökumaður kærður af þeim 104 sem mældir voru.“ - gar

HAFNARFJÖRÐUR

Samkomulag um leikskóla

Bæjaryfirvöld í Hafnafirði náðu í vikunni samkomulagi við íbúa við Staðarhvamm um tímabundna staðsetningu lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm. Úrskurðarnefnd skipulag- og byggingarmála hafði tekið undir með íbúunum um að stofurnar hefðu verið settar niður án tilskilinna heimilda.

Tæplega þrítugur karlmaður ákærður fyrir fíkniefnabrot og ólöglegan vopnaburð:

Sakaður um stórfellt fíkniefnasmygl

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari gaf út ákæru í gær á hendur tæplega þrítugum karlmanni í Reykjavík fyrir stórfellt fíkniefnasmygl og sölu og dreifingu á efnunum.

Manninum er gefið að sök að hafa 22. desember á síðasta ári flutt til landsins frá Danmörku um um Keflavíkurflugvöll allt að 700 grömm af kókaíni með miklum efnastyrkleika. Efnin ætlaði hann til söludreifingar í ágóðaskyni. Jafnframt er hann ákærður fyrir að hafa frá ofangreindum tíma fram til fimmtudagsins 24. janúar 2008, drýgt kókaínið með blöndun og selt og afhent allt að 300 grömm af því, með lægri styrkleika, til ótiltekins fjölda óþekktra viðtakenda á óþekktum stöðum. Efnin seldi hann fyrir allt að 798.000 krónur.

Loks er honum gefið að sök að hafa haft rúm 580 grömm af íblönduðu kókaíni í fórum sínum þegar lögregla handtók hann. Efnin hafi hann ætlað til sölu og dreifingar í ágóðaskyni. Þau fundust í húsnæði í Hafnarfirði. Þá er maðurinn ákærður fyrir vopnalagabrot. - jss

HAFNARFJÖRÐUR Mikið magn af kókaíni fannst í húsnæði í Hafnarfirði.

Játar mök við 13 ára stúlku:

Hélt hún væri orðin fimmtán

LÖGREGLUMÁL Maður á fertugsaldri sem gengist hefur við því að hafa haft kynferðismök við þrettán ára stúlku á Eyrarbakka ber því við að hafa talið hana verið orðna fimmtán ára.

Atvikið átti sér stað heima hjá manninum að næturlagi fyrir viku. Daginn eftir var maðurinn kærður fyrir kynferðisbrot gegn barni. Að sögn Elís Kjartanssonar, rannsóknarlögreglumanns á Selfossi, var skýrsla tekin af stúlkunni í Barnahúsi á miðvikudag. Frásögn hennar beri í aðalatriðum saman við lýsingar mannsins. Rannsókn málsins sé þó alls ekki lokið. - gar

Fannst ég kominn aftur til Afganistans

Maður sem leitaði hælis á Íslandi vaknaði á fimmtudag við að dyr að íbúð hans voru brotnar upp af æpandi lögreglumönnum með hunda. Fékk ekki að fara í buxurnar. „Yfirvöld ættu að koma fram við okkur eins og menn,“ segir annar.

HÆLISLEITENDUR „Ég var sofandi þegar þeir brutu upp dyrnar. Mér fannst ég bara vera kominn aftur til Afganistans og yrði drepinn,“ segir Hassam Raza Akbari, hælisleitandi frá Afganistan.

Hann lenti í aðgerð lögreglumanna, sem gerðu húsleit hjá 42 hælisleitendum í Keflavík á fimmtudaginn. Lögreglan tók af þeim peninga og vegabréf, en tilgangurinn mun meðal annars hafa verið að ganga úr skugga um uppruna mannanna.

HASSAM RAZA AKBARI

„Þeir sögðust leita fíkniefna. Ég var á nærfötunum og vildi fara í fötin en þeir sögðu mér að vera ekki með stæla, þá yrði ég settur í handjárn. Þetta var eins og í bíómynd,“ segir Akbari. Hann muni aldrei gleyma þessu þrátt fyrir ungan aldur, 22 ár.

„Ég er ekki glæpamaður og það er erfitt að útskýra hvernig manni líður við svona aðstæður. Það eina sem ég gat sagt þeim þegar þeir fóru var að þeir væru ekki mennskir, þetta væri rangt.“

Akbari segir að lögreglan hafi ekki tekið peninga af sér, því hann hafi ekki átt neina. Hann skilur ekki hvers vegna peningar eru teknir af hælisleitendum. „Þegar við komum hingað tókum við flestir aleiguna með okkur og það eru stundum einhverjir tugir þúsunda,“ segir hann.

FRÁ MÓTMÆLUM Í KEFLAVÍK Í GÆR Nokkur fjöldi manna mótmælti aðgerð lögreglu og hælisleitendur kröfðust þess að lögregla útskýrði hana. Þeir segjast engin svör hafa fengið. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Ali Reza frá Íran segir svipaða sögu. „Þetta var ekki fallegt, þeir niðurlægðu fólkið og handjárnuðu suma, litu á okkur með hatursfullu augnaráði. Þeir tóku af mér 70.000 krónur,“ segir hann.

Eyjólfur Kristjánsson, hjá lögreglunni á Suðurnesjum, segir aðgerðina árangursríka.

„Við fundum skilríki sem varpa ljósi á sögu þessara einstaklinga. Ég held ég geti fullyrt að einhverjir þeirra hafi stöðu [flóttamanns] í Evrópu,“ segir hann. En hvers vegna voru peningar teknir af þeim?

„Það var tekin ákvörðun um að haldleggja peninga svo viðkomandi aðilar geti gert grein fyrir þeim. Þetta fólk kemur hér og gefur sig út fyrir að vera allslaust og er haldið uppi á kostnað ríkisins. Það er auðvitað mjög undarlegt þegar slíkt fólk er með stórar upphæðir undir koddanum sínum,“ segir Eyjólfur. Flestir fái peninga sína vafalaust aftur.

Aðgerðin hafi verið nauðsynleg því við „verðum að vita hvaða fólk við erum með og hvaða fólki við erum að hleypa út á göturnar.“

klemens@frettabladid.is

SPENNISTÖÐ 400 volta spenna var á kerfinu sem járnstöngin fór í. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Ung stúlka slasaðist:

Hlaut brunasár við spennistöð

REYKJANESBÆR **Ung stúlka slasaðist við spennustöð við Heiðarholt í Reykjanesbæ um klukkan sex síðdegis í gær. Að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum virðist sem stúlkan hafi náð að spenna upp loftræstigrind á hlið spennustöðvarinnar með málmstöng og stungið inn, með þeim afleiðingum að sprenging varð og stúlkan brenndist í andliti og á höndum. Ekki er vitað hvort stúlkan fékk einnig fengið raflost.**

Stúlkan var flutt á Landspítalann í Reykjavík. Ekki var vitað um líðan hennar þegar Fréttablaðið fór í prentun. Rafmagn sló út í tveimur hverfum bæjarins í kjölfar sprengingarinnar. - kg

Strandsiglingar vestur á firði:

Eimskip til Ísafjarðar að nýju

SIGLINGAR Eimskip mun á næstunni hefja strandsiglingar til Ísafjarðar að nýju eftir langt hlé. Ameríkuskip félagsins, Reykjafoss og Celia, munu sinna þessari þjónustu til reynslu á tveggja vikna fresti næstu þrjá mánuði.

Í tilkynningu frá Eimskipi segir að á síðustu tveimur árum hafi félagið unnið náið með fyrirtækjum á Vestfjörðum og vonir standi til að þetta fyrirkomulag siglinga geti til frambúðar styrkt byggð og atvinnustarfsemi í þessum þýðingarmikla landshluta. - kg

Fjórar andanefjur krydda tilveruna í höfuðstað Norðurlands:

Leika listir sínar í Pollinum

DÝRALÍF Það fjölgar í hópi andanefja sem halda til í Pollinum á Akureyri því í gær urðu menn varir við fjórar skepnur en tvær höfðu verið þar að undanförnu. Að sögn lögreglunnar á Akureyri koma þær mjög nálægt landi og safnast því oft saman stór hópur fólks til að fylgjast með þeim úr fjöruborðinu.

Að sögn Droplaugar Ólafsdóttur, líffræðings hjá Hafrannsóknastofnun, eru andanefjur djúpsjárvartegund og því afar óvenjulegt að sjá þær á grunnsvæði. „Það þekkist þó alveg að þær komi nálægt landi en það er nokkuð óvenjulegt að þær staldri svona lengi við,“ segir hún. „Þetta er algengasta tegundin sem rekur á fjörur þannig að maður veltir fyrir sér hvort þeim sé hættara en öðrum tegundum á að villast þegar þær koma á grunnsvæði. Nú í ár hefur óvenju margar andanefjur rekið á land svo þær eru kannski fleiri í kringum landið nú en áður. En hvað þessar fjórar eru að gera það er mér hulin ráðgáta.“

Andanefjur voru veiddar hér við land fram eftir síðustu öld en þær gefa af sér mikið lýsi þótt kjötið þyki kannski ekki mikið lostæti. Þær nærast mikið á smokkfiski en líklegast verða þessar fjórar að bregða út af þeim matseðli meðan á dvöl þeirra í Pollinum stendur. - jse

ANDANEFJUR Á POLLINUM Það er heldur betur hægt að gleyma sér við fjöruborðið í höfuðstað Norðurlands þessa dagana meðan svona skrautlegir gestir halda þar til. MYND/HEIDA.IS

www.toyota.is

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 43511 09/08

Toyota - tilboðsstemning um helgina

Það verður mögnuð tilboðsstemning á Haustsýningu Toyota um land allt um helgina.
Tilboðshorn með ótrúlegum sértilboðum
Bestu mögulegu fjármögnunarleiðir í boði

Taktu haustið með tilboði og aktu burt í nýjum Toyota.

Opið laugardag kl. 12 –16 hjá öllum söluaðilum Toyota.
Opið sunnudag kl. 13 – 16 hjá Toyota Kópavogi.

Athugið! ***Nú er á ný hægt að beygja af Reykjavíkurvegi inná Nýbýlaveg þegar ekið er frá Hafnarfirði.***

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi	Toyota Austurlandi
Nýbýlavegi 4	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14	Miðási 2
Kópavogur	Akureyri	Reykjanesbær	Selfoss	Egilsstaðir
Sími: 570-5070	Sími: 460-4300	Sími: 420-6600	Sími: 480-8000	Sími: 470-5070

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvert segja ljósmæður eina útspil ríkisins í kjarasamningum?*
2. *Hvað heitir kvikmyndin með leikkonunni Anitu Briem sem var frumsýnd í fyrradag?*
3. *Hvað voru margir leiðsöguhundar fyrir blinda og sjónskerta að störfum í landinu eftir að fjórir hundar voru fengnir notendum sínum í gær?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Leiðsöguhundar fyrir blinda og sjónskerta hafa verið afar fátíðir hér á landi:

Hundar leiða til frekara sjálfstæðis

HEILBRIGÐISMÁL Leiðsöguhundarnir fjórir Exo, Elan, Exit og Asita voru formlega fengnir nýjum notendum sínum í gær í húsakynum Blindrafélagsins.

Hundarnir voru þjálfaðir í Noregi og sagði Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, að kostnaður við þá væri mikill og ekki hefði verið unnt að fá þá ef heilbrigðisráðuneytið og Lionshreyfingin hefðu ekki stutt dyggilega við kaupin. Hann minnti þó á að stærðir væru alltaf afstæðar og ef reiknað væri með að hver hundur myndi þjóna eiganda sínum í átta til tíu ár væri kostnaður við hann rúmlega 60 þúsund krónur á mánuði. Það teldist ekki há upphæð ef litið væri til þess mikla gagns sem þeir gerðu eiganda sínum.

Lilja Sveinsdóttir sem var ein þeirra sem fengu hund afhentan í gær segir mikinn mun á því að nota hund og hvítan staf. Með stafnum sé ekki hægt að greina hindranir í umhverfinu sem séu í mittishæð eða hærri, stafur finni ekki laust sæti fyrir notenda sinn á biðstofu og svo mætti lengi telja. Góður leiðsöguhundur myndi auka sjálfstæði blindra eða sjónskertra notenda sinna til mikilla muna.

Búist er við að fleiri leiðsöguhunda sé að vænta til landsins á næstu misserum en þeir hafa verið afar fátíðir á Íslandi miðað við nágrannalöndin. Vitað er um þrjá hunda sem hér hafa verið notaðir sem leiðsöguhundar þar til í gær en enginn þeirra er enn við störf. **- kdk**

RÁÐHERRA KLAPPAR EXO Guðlaugur Þór Þórðarson sagði við athöfnina að af eigin reynslu vissi hann að góður hundur gæti verið mikill og góður félagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Efnahagsbrotadeild lögreglu:

Mörg dæmi um peningaþvætti

LÖGREGLUMÁL Tæplega fimm hundruð tilkynningar um meint peningaþvætti bárust efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra á síðasta ári. Um er að ræða fjölgun upp á tæplega þrjú hundruð tilfelli milli ára. 218 tilkynningar bárust varðandi eitt og sama fyrirtækið. Þetta kemur fram í ársskýrslu embættisins fyrir síðasta ár.

Hið ætlaða peningaþvætti nemur samtals einum milljarði króna. Í fyrra ákærði saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra 35 einstaklinga í 21 máli. Í árslok voru tíu mál fyrir dómi. Sakfelling hafði fengist í tíu málum og einu máli var lokið með svokallaðri viðurlagaákvörðun.

Einn rannsóknarlögreglumaður hefur umsjón með sérstöku verkefni er lýtur að peningaþvætti. - kg

Breytt lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu:

Ný lög eru hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu

STJÓRNMÁL Ný lög um þróunarsamvinnu sem samþykkt voru á þingi á fimmtudag eru nýr hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. „Þarna erum við að svara því kalli, sem hefur komið fram í fjórum skýrslum, að það sé mikilvægt að taka heildstætt á þessum málum."

Ráðherra mun nú annað hvert ár kynna Alþingi áætlun þróunarsamvinnu til fjögurra ára og flytja skýrslu um framkvæmdina, líkt og nú er gert með samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir að fyrsta áætlunin verði lögð fram eftir áramót. Á haustþingi mun Alþingi kjósa í þróunarsamvinnunefnd, sem mun vinna að áætlun stjórnvalda í málaflokknum.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Þá verður þróunarsamvinnusvið stofnað í utanríkisráðuneytinu, en undir það mun friðargæslan heyra.

Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands segir breytingarnar þarfar.

„Með breytingunum eigum við möguleika á samstarfi við önnur lönd," segir Sighvatur. Í slíku samstarfi geti Íslendingar haft ráðgefandi hlutverk, eða lagt til fjármagn, en þurfi ekki endilega að stýra verkefnunum, líkt og gömlu lögin gerðu ráð fyrir. **- ss**

LOKUN NYHEDSAVISEN Morten Lund situr hnípinn fyrir miðri mynd á starfsmannafundi þegar skýrt var frá því að útgáfu Nyhedsavisen yrði hætt. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Lund sagður hafa þegið fé

Morten Lund, aðaleigandi Nyhedsavisen, er sagður hafa þegið fé frá keppinaut sínum fyrir að leggja niður útgáfuna. Málið er komið til kasta lögreglu.

DANMÖRK Danski þingmaðurinn Per Clausen hefur kært Morten Lund, aðaleiganda Nyhedsavisen í Danmörku, til efnahagsbrotadeildar lögreglunnar í Kaupmannahöfn.

Þingmaðurinn byggir kæru sína á fréttum danskra fjölmiðla um að Lund hafi þegið fé frá keppinaut Nyhedsavisen fyrir að leggja niður útgáfuna.

Morten Lund er sagður hafa stært sig af þessu sjálfur við tvo yfirmenn Nyhedsavisen, þá Morten Nissen Nielsen framkvæmdastjóra og Simon Andersen ritstjóra. Þetta staðfesta þeir báðir í viðtali við epn.dk, sem er viðskiptafréttavefur Jótlandspóstsins. Þeir fullyrða þar að Morten Lund hafi skýrt þeim frá því, að snemma í júlí hafi hann hitt David Montgomery, eiganda Berlingske Tidende. Þeir hafi snætt saman morgunverð í Berlín og Montgomery hafi hreinlega boðið sér 200 milljónir danskra króna fyrir að hætta útgáfu Nyhedsavisen.

Þingmaðurinn Clausen segist í kæru sinni hafa heimildir fyrir því að fyrirtækið Mecom, sem meðal annars á Berlingske Tidende, hafi greitt hundruð milljóna til fyrirtækis, sem er tengt Morten Lund.

„Ég tel mikilvægt að lögreglan bregðist fljótt við þessu máli til að hindra að sönnunargögn verði fjarlægð," segir Clausen.

Montgomery segir ekkert hæft í þessum ásökunum.

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum hefur Lund nú ráðið til sín Michael Kristiansen, fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, til að sjá um öll samskipti sín við fjölmiðla.

RITSTJÓRN NYHEDSAVISEN Útgáfu blaðsins var hætt um síðustu mánaðamót.

> Ég tel mikilvægt að lögreglan bregðist fljótt við þessu máli til að hindra að sönnunargögn verði fjarlægð.
>
> **PER CLAUSEN**
> ÞINGMAÐUR

Sjálfur hefur Morten Lund forðast fjölmiðla síðan Nyhedsavisen fór á hausinn um mánaðamótin, en á morgun vonast danskir blaðamenn þó til þess að komast loksins að honum í dag þegar hann flytur fyrirlestur á frumkvöðlaráðstefnunni Iværk08. Fyrirlesturinn ber heitið: „Act – don't Talk", og fyrir fáeinum dögum staðfesti Lund að hann væri ekki hættur við að mæta.

Blaðamaður náði í gær tali af Þórdísi Sigurðardóttur, forstjóra Stoða Invest, en hún kýs að tjá sig ekkert að svo stöddu um þessar fréttir frá Danmörku. Fyrirtækið Stoðir Invest er stærsti eigandi Dagsbrúnar, sem undir lokin átti aðeins 15 prósent í Nyhedsavisen. **gudsteinn@frettabladid.is**

skemmtileg smáhundakynning

laugardag og sunnudag frá 12.00 til 17.00

- Um 20 tegundir af smáhundum á kynningunni
- Hundaleikni í gróðurhúsinu
- Hundatískusýning
- Dýravörukynningar og tilboð
- Lukkupottur með veglegum vinningum
- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða

Fóðurkynningar frá

Hill's · Purina PRO PLAN · ROYAL CANIN · Eukanuba

& hollt gott

FRÁBÆR TILBOÐ

Á HOLLUSTUVÖRUM

VERUM HAGSÝN Í HOLLUSTUNNI!

Beggi og Pagas verða með sunnudagssýnikennsluna í Garðheimum milli kl. 14.00 og 17.00 bæði laugardag og sunnudag:

LÆRÐU Á LÍFRÆNT MEÐ BEGGA OG PACASI

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Með réttri fóðurgjöf og réttri hreyfingu verður hundurinn flottur – og eigandinn líka!

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

HAGSÝNISRÁÐ GARÐHEIMA:

Baunum, stútfullum af vítamínum og trefjum, er auðvelt að skipta út fyrir kjöt í mörgum réttum - helmingi ódýrara!

ALZHEIMER dagurinn 2008

Hátíðarfundur á Grand Hótel Reykjavík sunnudaginn 14. september.

Kl. 12.30 Húsið opnað
Kl. 13.00 Fundur settur – María Th. Jónsdóttir
Kl. 13.10 Erindi – Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra
Kl. 13.30 Erindi – Jón Snædal öldrunarlæknir, **"Meðferð við Alzheimer sjúkdómnum í dag – horfur til framtíðar."**
Kl. 14.00 Söngur – Björk Jónsdóttir við undirleik Kjartans Valdimarssonar
Kl. 14.15 **Maríuhús – ný dagþjálfun**, Sólborg Sumarliðadóttir hjúkrunarfræðingur segir frá.
Kl. 14.35 Kaffiveitingar
Kl. 15.15 Söngur – Oddur Arnþór Jónsson
Kl. 15.30 Gamanmál – Bjarni Harðarson alþingismaður
Kl. 15.50 Söngur
Kl. 16.10 **"Minningavinna með þeim sem hafa skert minni"** – Sigrún Huld Þorgrímsdóttir hjúkrunarfræðingur
Kl. 16.45 Fundarslit

Fundarstjóri – Soffía Egilsdóttir

Allir eru velkomnir.

FAAS

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

Sími: 533 1088 – www.alzheimer.is

Sarah Palin segist fullfær um að verða forseti Bandaríkjanna:

Obama hæðist að McCain

BANDARÍKIN, AP Aukin harka virðist vera að færast í kosningabaráttu þeirra Baracks Obama og Johns McCain, enda styttist óðum í forsetakosningarnar í Bandaríkjunum.

Obama og stuðningsmenn hans gera til að mynda óspart grín að mótframbjóðandanum John McCain fyrir skort á tölvukunnáttu, en stuðningsmenn McCains brugðust hart við og sögðu Obama ætla að gera út af við McCain með persónulegum árásum.

Samkvæmt skoðanakönnun, sem fréttastofan AP birti í gær, hefur McCain nokkra forystu á Obama nú þegar innan við sjö vikur eru til forestakosninga.

Sarah Palin, varaforsetaefni McCains, kom fram í sínu fyrsta sjónvarpsviðtali og var athyglinni þar einkum beint að utanríkismálum, en hún hefur verið gagnrýnd fyrir fákunnáttu í þeim efnum. Hún sagðist þó fullfær um að taka við forsetaembættinu ef McCain forfallaðist.

Í viðtalinu viðurkenndi hún meðal annars að hafa ekki nema fjórum sinnum ferðast til útlanda og sagðist aldrei hafa hitt neinn þjóðhöfðingja. Þar gleymdi hún reyndar að taka fram að síðastliðið haust hitti hún Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á ráðstefnu um jarðhita í Alaska. **- gb**

PALIN Í SJÓNVARPSVIÐTALI Fyrsta viðtal hennar í sjónvarpi eftir að John McCain valdi hana sem varaforsetaefni sitt.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NOREGUR

Andvígir ríkistryggingu

Meirihluti Norðmanna er andvígur því að norska ríkið veiti tryggingu upp á 15 til 20 milljarða norskra króna sem þarf til að Tromsö verði opinber umsækjandi um að fá að halda Ólympíuleikana 2018.

SVÍÞJÓÐ

Á móti samískum nöfnum

Sænski herinn er andsnúinn því að staðarnöfnum á sænskum landakortum verði breyttt í upprunaleg samísk örnefni. Gæti slíkt leitt til ruglings ef stríð brytist út í norðurhluta Svíþjóðar.

KJARABARÁTTA

Styðja baráttu ljósmæðra

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna lýsir yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu Ljósmæðrafélags Íslands. Þetta kemur fram í nýrri ályktun stjórnar sambandsins. Þar segir að ljósmæður séu í hópi þeirra starfsstétta sem eiga rétt á leiðréttingu í launatöflu, meðal annars með tilliti til menntunar.

BJÖRN BJARNASON OG STEFÁN EIRÍKSSON Stefán viðurkennir að einstaklingur innan lögreglunnar hafi gert mistök og vísar á undirmenn fyrir nánari skýringar. Undirmennirnir svara ekki símanum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra svarar tölvupósti en ekki spurningum.

Voru skýr og klár mistök starfsmanns

Lögreglustjóri segir einstakling innan lögreglu hafa gert mistök sem ollu því að eftirlýstur maður slapp úr landi. „Ráðherra ber ríka ábyrgð," segir prófessor.

LÖGREGLUMÁL „Þetta voru skýr og klár mistök einstaklings," segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, spurður hverju sæti að eftirlýstur meintur ofbeldismaður, Ivan Kovulenko, slapp óáreittur í gegnum landamæraeftirlit og til Lundúna.

Kovulenko var eftirlýstur af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fyrir alvarlega líkamsárás um síðustu helgi.

Lögreglan tilkynnti hins vegar ekki landamæradeild lögreglunnar á Suðurnesjum um að hún leitaði manns, sem gæti hugnast að komast úr landi.

IVAN KOVULENKO

Lögreglustjóri segir að hér hafi orðið mistök við að koma tilkynningunni áleiðis, en málið sé að öðru leyti í höndum Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns í rannsóknardeild og Sigurbjörns Víðis Eggertssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns í ofbeldisbrotadeild.

Það sé þeirra að skoða nánar hvað hafi gerst og hvernig verði brugðist við því. Hvorugur þeirra svaraði símanum í gær, þrátt fyrir fjölda símhringinga á skrifstofu og í farsíma þeirra.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra svarar því ekki hvernig ábyrgð skuli háttað í slíkum málum. Því var hann spurður hvort ráðherra sjálfur teldi sig bera einhverja ábyrgð á mistökum lögreglu. Björn svarar því ekki heldur, en furðar sig á því að blaðamenn þurfi að spyrja svona; þeir ættu að þekkja laganna bókstaf.

SIGURÐUR LÍNDAL LAGAPRÓFESSOR Segir ráðherra bera ábyrgð á stjórnarframkvæmd allri, það standi í stjórnarskránni.

Sigurður Líndal lagaprófessor segir ábyrgð ráðherra vera mjög ríka: „Hann ber ábyrgð á stjórnarframkvæmd allri, það stendur í stjórnarskránni.

Telji þingmenn að undirstofnun hafi gert mistök og ráðherra megi þar um kenna, en hann ber mjög ríka ábyrgð, vegna eftirlits- og aðgæsluskyldna, þá getur Alþingi lýst yfir vantrausti og ráðherra ber að víkja. Hitt er svo annað mál að þetta er því miður dauður bókstafur og hefur ekki gerst í háa herrans tíð," segir Sigurður. Þar sé fyrirkomulagi þingræðis um að kenna.

Af þingnefndum fjallar allsherjarnefnd helst um dómsmál. Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður hennar, vildi ekki ræða málið. **klemens@frettabladid.is**

Starfsmennta-verðlaunin 2008

STARFSMENNTA VERÐLAUNIN

óskað eftir tilnefningum

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim aðilum sem vinna framúrskarandi starf í fræðslumálum og starfsmenntun. Veitt eru verðlaun í flokki:

- **Fyrirtækja**
- **Skóla og fræðsluaðila**
- **Opnum flokki** (félagasamtök og einstaklingar)

Tilnefningar skal senda á sérstökum eyðublöðum sem eru á slóðinni www.starfsmenntarad.is

Frestur til að senda inn tilnefningar eru til og með 14. október nk.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Starfsmenntaráði, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu, 101 Reykjavík, sími 515 4800, www.starfsmenntarad.is

STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaverðlaunin 2007
Í flokki fyrirtækja og félagasamtaka: Icelandair ehf.
Í flokki skóla og fræðsluaðila: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Í opnum flokki: Þórunn Sveinbjörnsdóttir

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Könnun fyrir Úrvinnslusjóð:

Næstum allir segjast flokka

UMHVERFISMÁL Samkvæmt nýrri könnun sem Capacent gerði fyrir Úrvinnslusjóð flokka tæplega 91 prósent Íslendinga sorp til endurvinnslu. Nær 19 prósent segjast gera það alltaf og um 37 prósent oft. Um 35 prósent segjast flokka sorp stundum eða sjaldan. Hlutfall þeirra sem flokka sorp til endurvinnslu hefur hækkað frá síðustu mælingu árið 2006, þegar um 84 prósent sögðust flokka sorp.

Sérstök endurvinnsluvika hefst í dag þar sem áhersla verður lögð á kynningu fyrir unglinga enda bendi kannanir til að sá hópur standi sig verst í flokkun. **- kdk**

Hafnarfjarðarbær samþykkir vatnstöku í Kaldárbotnum fyrir átöppunarvinnslu:

Vatnsdrykkir fluttir út í lok næsta árs

IÐNAÐUR Framkvæmdaráð Hafnafjarðar hefur samþykkt að heimila félaginu GlacierWorld ehf. vatnstöku í Kaldárbotnum fyrir átöppunarverksmiðju í Hafnarfjarðarhöfn.

„Þetta er hinn ágætasti samningur," segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri sem kveður samkomulagið við GlacierWorld munu færa bæjarfélaginu nokkrar tekjur, sérstaklega til Hafnarfjarðarhafnar. Eins og kom fram í Fréttablaðinu á mánudag samþykkti hafnarstjórnin fyrir sitt leyti í síðustu viku samning um þjónustu fyrir átöppunarverksmiðjuna.

„Áætlanir framkvæmdaaðila eru að koma þessu í gang seinni partinn á næsta ári. Það mun skapast af þessu atvinna fyrir tugi manna," segir bæjarstjórinn.

Að sögn Lúðvíks er lykilþáttur í samningum bæjarins við GlacierWorld að fyrirtækið muni kosta vatnslögn frá Kaldárbotnum að verksmiðjunni við höfnina. Bærinn muni hins vegar eiga lögnina og hafa aðgang að vatni úr henni þegar á þarf að halda þótt átöppunaverksmiðjan njóti forgangs.

Eftir er að staðfesta samninginn í bæjarráði. „Málið verður tekið til endanlegrar afgreiðslu í næstu viku," segir bæjarstjórinn.

GlacierWorld er í eigu GRI, Global Reserch Investment, sem aftur er í eigu fjárfestingasjóða í Dubai, Kúvæt og Sádi-Arabíu. Framleiðslan, vatn og vatnsblandaðir drykkir, verður flutt úr landi. **- gar**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KALDÁRBOTNAR Fyrirtæki í eigu arabískra fjárfesta mun leggja vatnslögn frá Kaldárbotnum að Hafnarfjarðarhöfn.

Einar Stefánsson prófessor:

Verðlaun fyrir augnlækningar

VÍSINDI **Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við augndeild Landspítalans, fær svokölluð Jules Gonin-verðlaun á þessu ári en þau eru ein merkustu verðlaun sem veitt eru í heiminum á sviði augnlæknisfræði.**

Jules Gonin-verðlaunin eru veitt annað hvert ár þeim einstaklingum í heiminum sem þykja hafa staðið sig öðrum framar í augnrannsóknum og -lækningum.

Í þessu tilviki er að líkindum horft til rannsókna Einars Stefánssonar á sviði súrefnisefnaskipta augans og skýringum á því hvers vegna laser-meðferð er hjálpleg í augnsjúkdómum af völdum sykursýki og æðalokunum svo að dæmi séu tekin. - kdk

VINNINGSTILLAGAN Vinningstillaga +Arkitekta að nýbyggingu LHÍ verður meðal annars kynnt á fundunum í Regnboganum í dag.

Listaháskóli Íslands:

Vinningstillaga og starfsemi kynnt á fundi

SKIPULAGSMÁL Starfsemi Listaháskóla Íslands og vinningstillaga í samkeppni um nýtt hús skólans verða kynnt á opnum kynningarfundum í sal 2 í Regnboganum í dag, laugardag. Fyrri kynningin hefst klukkan 11 og sú síðari klukkan 13.

Í tilkynningu frá skólanum segir að markmiðið sé að gefa sem flestum kost á að rýna í vinningstillöguna og kynna sér þá gróskumiklu starfsemi sem fram fer innan veggja skólans. Þar segir einnig að kynningarfundirnir séu öllum opnir. **- ovd**

NOREGUR

Biskup gjaldþrota

Norskur biskup, Ernst Baasland, hefur lýst sjálfan sig gjaldþrota eftir að sonur hans fékk móður sína til að ganga í ábyrgð fyrir fjárhæðum sem nemur einum milljarði íslenskra króna. „Það verður erfitt að hitta glataða soninn en ég verð að reyna að fyrirgefa," segir hann.

Hermaður féll tíu metra

Sænskur hermaður féll tíu metra úr þyrlu á leynilegri æfingu í Noregi á miðvikudagskvöld. Óljóst er hvað nákvæmlega gerðist en maðurinn féll tíu metra niður á jörð í æfingu á herflugvelli í Rygge, sunnan við Ósló. Hermaðurinn var strax fluttur mikið meiddur á sjúkrahús.

Fréttaskýring: Almenningssamgöngur

3. hluti

Vilja sem flesta í vagnana

Ljóst er að vilji er til að auka hlutdeild almenningssamgangna í umferðinni og hafa menn velt fyrir sér hvaða leiðir eru færar til þess. Umhverfisráðherra er tilbúinn til að auka aðkomu ríkisins að málaflokknum í því skyni að draga úr útblæstri bíla.

Gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins ræður ekki við þá gríðarlegu umferðaraukningu sem spár gera ráð fyrir. Þá er ekki horft til fjarlægrar framtíðar. Þriðjungi fleiri bílar verða á götunum árið 2024, ef spár ganga eftir, eftir 16 ár.

Ef uppfylla á skuldbindingar Íslendinga um minnkandi útblástur gróðurhúsalofttegunda eru öflugar almenningssamgöngur lykilatriði.

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætó bs., sér í þessu sóknarfæri. „Ég held að aukin umræða um umhverfismál og útblástursmengun hljóti að hafa áhrif á ferðahegðun fólks. Ég segi kannski ekki að allir hætti að nota bílana og fari í strætó, en maður verður var við það að fólk er farið að setja spurningamerki við það að eiga tvo bíla. Þá hefur aukinn kostnaður við rekstur bíla og eldsneytiskostnaður þau áhrif að fólk fer að hugsa sinn gang. Þó það hafi ekki enn skilað sér í fjölgun farþega held ég að það geri það hægt og rólega.“

VILJINN ER FYRIR HENDI Þrátt fyrir rysjótt veðurfar hér á landi virðast menn sammála um að auka verði almenningssamgöngur. Að öðrum kosti sé þörf á hundruðum milljarða í gatnakerfi og bílastæðahús. Þá sé efling þeirra í samræmi við markmið um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aukinn forgangur

Á síðustu árum hefur forgangi strætisvagna verið komið á á ýmsum stöðum í Reykjavík. Við Hverfisgötuna hafa vagnarnir forgang á ljósum; enn er rautt ljós á bílaumferðina á meðan ljósið á vagnana verður grænt. Þá hefur verið lögð sérstök forgangsakrein meðfram Miklubraut. Eftir henni má enginn aka nema strætisvagnar og leigubílar.

Ármann segir mikilvægt að auka forgang vagnanna. „Ég held að sú þróun muni halda áfram og mögulega mætti útfæra forgangsakreinarnar á þann hátt að þær giltu líka fyrir þá sem væru þrír eða fleiri saman í bíl,“ segir Ármann.

Hann telur mikilvægt að fólk sjái hag í því að nota strætisvagnana fremur en að vera á einkabíl. „Sitji menn fastir í umferðinni og sjái strætisvagnana keyra framhjá sér þá hefur það áhrif.“

Letja og hvetja

Þorsteinn Hermannsson verkfræðingur segir að ætli menn sér að efla notkun almenningssamgangna og draga úr einkabílanotkun sé lykilatriði að letja og hvetja. „Mýmörg dæmi eru til um það að þetta er ein árangursríkasta leiðin. Aukin bílastæðagjöld og hækkun eldsneytisverðs, svo dæmi séu tekin, leiða ekki af sér verulega fjölgun í vögnunum ein og sér, ef ekki kemur hvatning á móti.

Að sama skapi eru meiri líkur á því að þú farir á bílnum í vinnuna ef hann bíður þín fyrir utan hús á morgnana og beint fyrir utan vinnustaðinn þinn er ókeypis stæði.

Það þarf að letja og hvetja. Hvetja fólk með því að hafa almenningssamgöngur traustar og öruggar og letja með því að gera raunverulegan kostnað við einkabílinn sýnilegri, t.d. með auknum bílastæðagjöldum. Það er ekki nema eðlilegt. Við getum ekki ætlast til þess að geta skotist á milli fimm, sex staða á bílnum og lagt alltaf beint fyrir framan í ókeypis stæði í nútímaborg þar sem stefnan er að þétta byggð. Bílum hefur fjölgað svo mikið, og mun gera það enn meira, að það gengur einfaldlega ekki upp til langrar framtíðar.“

Ný hugsun

Dofri Hermannsson hefur látið sig almenningssamgöngur miklu skipta. Hann kallar eftir nýrri hugsun í þeim málum og horfir ekki síst á aðkomu ríkisvaldsins.

„Í borgum og bæjum ber ríkisvaldinu skylda til að sjá um stofnvegakerfið og tengingar við þjóðvegakerfið og niður á höfn. Þá kemur það að mislægum gatnamótum þegar umferðarþunginn er orðinn of mikill og breikkun stofnveganna þegar með þarf.

Á næstu tíu árum er þörf fyrir mislæg gatnamót í Reykjavík fyrir um 100 milljarða króna til að auka umferðarflæði og viðhalda óhindraðri umferð miðað við spár. Við ættum að spyrja okkur: „Er peningum okkar vel varið með þessu?“

Dofri vill að menn hugsi málin upp á nýtt. „Ég held að breyttrar hugsunar sé þörf. Ríkinu ber skylda til að koma fólkinu á milli staða eftir stofnbrautum, til dæmis úr Grafarvogi og niður að höfn. Þjóðbrautin er bara ein leið til þess. Við gætum hugsað um almenningssamgöngur sem aðra leið til þess; leið sem dregur úr kostnaði við umferðarmannvirki.“

Gjaldtaka ríkisins

Ríkisvaldið styrkir ekki almenningssamgöngur hér á landi. Raunar njóta þær minni ívilnunar en ýmis sambærilegur rekstur. Sagt var frá því í fyrstu greininni í þessari umfjöllun að ef þú kaupir þér fólksflutningabíl til að keyra ferðamenn um landið færðu 75 prósent endurgreitt af virðisaukaskatti. Kaupirðu svipaðan bíl til að taka að þér verktöku fyrir Strætó bs. færðu enga endurgreiðslu. Þá tekur ríkið inn virðisaukaskatt af seldum farmiðum.

Dofri spyr hvort það sé skynsamlegt. „Á sama tíma og ríkinu ber skylda til að eyða milljörðum í mislæg gatnamót rukkar það inn virðisaukaskatt af hverjum seldum miða og strætó nýtur engrar sérstakrar niðurgreiðslu. Er það skynsamlegt?“

Ármann segir svo ekki vera. „Það voru vonbrigði á sínum tíma þegar aðflutningsgjöld voru felld niður af hópflutningabílum en strætisvagnar voru undanskildir. Við fáum reyndar 80 prósent afslátt af olíugjaldinu, en það er vegna þess að vagnarnir nýta að miklu leyti þá vegi sem sveitarfélögin leggja og halda við.

Að öðru leyti kemur ríkið ekkert nálægt þessum rekstri. Þar á bæ hafa menn bent á það að þetta sé ekki lögbundið hlutverk ríkisvaldsins. Þetta er hins vegar heldur ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaganna. Mér finnst það sameiginlegt verkefni ríkisins og sveitarfélaga að halda uppi almenningssamgöngum. Ríkið kemur til dæmis að fólksflutningum út á land, af hverju þá ekki að okkar rekstri,“ spyr Ármann.

Búast má við öflugri almenningssamgöngum nái vilji ráðamanna fram að ganga. Almenn samstaða virðist um að þær verði hreinlega að efla, við höfum ekki efni á öðru.

FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

ÞRIÐJA GREIN AF ÞREMUR

802 BÍLAR Á HVERJA 1.000 ÍBÚA

KRISTJÁN L. MÖLLER

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segir að ráðist verði í stórátak í samgöngumálum og aukin áhersla verði lögð á almenningssamgöngur. Kristján L. Möller samgönguráðherra segir að þetta ákvæði sáttmálans verði uppfyllt.

„Við höfum verið að skoða samgöngumálin og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Samráðshópur, sem í eru auk mín borgarstjóri, bæjarstjórar Kópavogs og Hafnarfjarðar, vegamálastjóri og formaður samögnuráðs borgarinnar, hefur farið í gegnum þessi mál,“ segir Kristján.

Hann segir að meðal annars hafi sérstaklega verið horft til almenningssamgangna. „Við skipuðum undirhóp um þau mál og hann á að skila af sér nú í lok mánaðar. Mér finnst vandi þeirra á höfuðborgarsvæðinu kristallast í tveimur tölum: 802 og 4. Á höfuðborgarsvæðinu eru 802 bílar á hverja 1.000 íbúa og aðeins 4 prósent allra ferða á svæðinu eru farnar með strætó.“

Kristján segir mjög mikilvægt að efla forgang strætisvagna. „Hluti af vandamálinu er að vagninn er ekki fljótari í ferðum en bíllinn og stundum jafnvel lengur. Þessu þarf að breyta eins og verið er að gera með forgangsakreinum.

Ríkisvaldið tekur þátt í því og til dæmis greiðir Vegagerðin 2/3 hluta forgangsakreinarinnar við Miklubraut.“

Aðspurður hvort til greina komi að styrkja almenningssamgöngur beint segir Kristján enga ákvörðun hafa verið tekna um það. „Almenningssamgöngur innan sveitarfélaga eru náttúrlega á þeirra könnu, þó þær séu ekki lögbundið hlutverk. Við veitum þeim hins vegar 80 prósent afslátt af olíugjaldinu, sem hópferðarbílar fá ekki, og við höfum komið að forgangsakreinum. Þessi mál verða öll skoðuð í heild sinni.

Mikilvægi almenningssamgangna við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hefur aukist og mun aukast enn meira,“ segir Kristján að lokum.

MUNUM AUKA UPPLÝSINGAGJÖF

Eitt af því sem er hvað mikilvægast þegar kemur að almenningssamgöngum er upplýsingagjöfin. Breskar rannsóknir hafa sýnt að fólk sem bíður eftir strætisvagni upplifir tímann helmingi hægar en ella. Skráð var niður hvenær fólk kom á biðstöðvar og það síðan spurt eftir nokkra stund hve lengi það hefði beðið. Kom þá í ljós að því fannst það hafa beðið helmingi lengur en raunin var.

Þorsteinn Hermannsson segir þessa staðreynd mjög mikilvæga. „Ef við tökum þessa breytu út úr ferlinu er það mjög mikilvægt. Erlendis sjáum við að gefið er upp á skjá hve langt er í vagninn. Þá er jafnvel hægt að fara á netið og sjá nákvæmlega hvar þinn vagn er í umferðinni og miða ferðir sínar við það.“

Reynir Jónsson, forstjóri Strætó bs., segir að skref hafi verið stigin í upplýsingamálum hjá fyrirtækinu. „Við höfum bætt leiðabókina okkar til muna og eins gert miklar bragarbætur á vefnum hjá okkur. Þá erum við í startholunum með að koma upp þjónustuveri. Þá getur fólk hringt úr biðskýlunum og fengið nákvæmar upplýsingar um hvar vagninn er staddur hverju sinni.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

REYNIR JÓNSSON Forstjóri Strætó bs. segir von á breytingum í upplýsingagjöf hjá fyrirtækinu.

Reynir segir að verið sé að þróa kerfið og ýmsir kostir séu í boði. Hann tekur undir að það sé gríðarlega mikilvægt að bæta upplýsingagjöfina.

Á næstu mánuðum verður akstur á rétt rúmlega helmingi leiða Strætó bs. boðinn út. Eitt skilyrðið í útboðsgögnum er að um nýja vagna verði að ræða. „Þá skapast meiri möguleikar til að nýta okkur tölvutæknina sem er í nýrri bílunum og bæta upplýsingagjöfina þannig,“ segir Reynir.

VILL SKOÐA AÐKOMU RÍKISINS

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir að skoða beri aðkomu ríkisvaldsins að almenningssamgöngum. „Það er ekki hægt að líta framhjá mikilvægi almenningssamgangna í því brýna verkefni þjóðfélagsins og stjórnvalda að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisvaldið þurfi að horfast í augu við þessa staðreynd og bregðast við henni. Það þarf að sjálfsögðu að gerast í samvinnu við sveitarfélögin.“

Þórunn segir ýmsar leiðir færar til þess. „Við verðum að skoða möguleikann á niðurfellingu þeirra gjalda sem nú eru lögð á almenningssamgöngur. Þá er hægt að horfa til skattaívilnana eða jafnvel beinna ríkisstyrkja.

Allt þetta þarf að skoða og ég er tilbúin til þess. Við verðum að horfa á almenningssamgöngur sem tæki til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda,“ segir Þórunn.

Ekki bara matur!

KAFFIVÉL 800W
STÁL
2.995kr

BRAUÐRIST 750W
STÁL
1.990kr

SAMLOKUGRILL 750W
STÁL
2.490kr

VÖFFLUJÁRN 850W
HVÍTT
2.990kr

VÍNKÆLIR
25.900kr

HRÍSGRJÓNAPOTTUR 700W
HVÍTUR
3.495kr

RYKSUGA POKALAUS
2300W
9.900kr

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝSLÁTRAÐ

15%
AFSLÁTTUR

KS FERSKT LAMBALÆRI
1225 KR./KG. MERKT VERÐ 1443 KR./KG.

698

KF LAMBASALTKJÖT 1. FL.
698 KR./KG. MERKT VERÐ 998 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ
15%
AFSLÁTTUR

KS FERSK LAMBAHJÖRTU
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./

KS FERSK LAMBALIFUR
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ
1398

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ
798

KS FERSKUR LAMBABÓGUR
798 KR./KG.

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

798

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

BÓNUS FERSKIR BL. KJÚKLINGABITAR
349 KR./KG.

1498

KRAFT FROSNAR KJÚKLINGARBRINGUR
1498 KR./KG.

598

TAKEAWAY CHICAGO-TOWN-PIZZURNAR
598 KR. *TVÆR TEGUNDIR*

129

BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g AÐEINS **129 KR.**

LÉTT OG LAGGOTT **400G**
TILBOÐPAKKNING KOMIN Í BÓNUS.

398

KRISTJÁNSBAKARÍ
BRÚN RÚLLUTERTA
315g AÐEINS **398 KR.**

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝSLÁTRAÐ **499**

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
499 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ **40% AFSLÁTTUR**

ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
1070 KR./KG. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ **30% AFSLÁTTUR**

ALI ÚRBEINAÐAR SVÍNAKÓTILETTUR
1399 KR./KG. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ **30% AFSLÁTTUR**

ALI FERSKUR SVÍNAHNAKKI ÚRBEINAÐUR
1259 KR./KG. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

679

KF KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M/BEINI AÐEINS **679 KR./KG.**

NÝTT KORTATÍMABIL

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR PIRI-PÍRI KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
382 KR./KG. MERKT VERÐ 637 KR./KG.

198

BÓNUS ÍS 2 LTR
198 KR.

298

PAMPERS BABYFRESH 72 STK
PAMPERS BABYSENSETIVE 63 STK
298 KR./PK.

1559

PAMPERS BLEIUR
Allar stærðir **1559 KR.**
MIDI 70 STK. MAXI 62 STK.
MAXI+58 STK. JUNIOR 54 STK.

98

EGILS 7-UP 2 ltr.
98 KR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
3.967 **-0,05%**

Fjöldi viðskipta: 437
Velta: 6.228 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATORKA	+4,37%
LANDSBANKINN	+1,85%
ATLANTIC AIRW.	+0,98%

MESTA LÆKKUN

EIMSKIPAFÉLAGIÐ	-21,18%
BAKKAVÖR	-2,21%
STRAUMUR-BURÐ.	-1,78%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,45 -0,31% ... Atorka 5,02 +4,37% ... Bakkavör 24,30 -2,21% ... Eimskipafélagið 8,00 -21,18% ... Exista 6,50 +0,78% ... Glitnir 13,87 -0,36% ... Icelandair Group 20,30 -0,73% ... Kaupþing 698,00 -0,29% ... Landsbankinn 22,05 +1,85% ... Marel Food Systems 85,30 +0,35% ... SPRON 3,21 +0,00% ... Straumur-Burðarás 8,27 -0,78% ... Össur 93,60 -0,11%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Varar við nýrri heimskreppu

„Ójafnvægið í fjármálakerfi heimsins er mun verra en ég óttaðist, og við stöndum nú, í fyrsta skipti síðan á fjórða áratugnum, á barmi hruns.“ Þetta segir milljarðamæringurinn George Soros í viðtali við franska fréttatímaritið L'Express sem út kom á miðvikudag. Soros segir að auki að þrátt fyrir hagvöxt á öðrum ársfjórðungi sé kreppa nú óumflýjanleg í Bandaríkjunum.

GEORGE SOROS Spákaupmaðurinn Soros gagnrýnir Alan Greenspan og segir fjármálastofnanir hafa hegðað sér með afbrigðum óskynsamlega. MARKAÐURINN/AFP

Soros segir að þó seðlabankar beggja vegna Atlantshafsins hafi gert sitt besta til að halda fjármálakerfi heimsins gangandi sé enn langt í að botninum verði náð í fjármálakreppunni. „Traust er af skornum skammti og bankar tortryggja hver annan, sem leiðir til þess að það dregur enn meira úr útlánum en ella.“

Rót núverandi ástands segir Soros vera vaxtaákvarðanir Alans Greenspan í upphafi áratugarins, en lágir vextir hafi kynt undir húsnæðisverði og skuldsetningu heimilanna. Þá staðhæfir Soros að nauðsyn sé að reglur um fjármagnsmarkaði verði endurnýjaðar og uppfærðar. „Bankar og fjármálastofnanir virðast hafa hegðað sér svo óskynsamlega að það er ekki nokkur spurning að það þarf að setja á það einhver bönd, án þess þó að það hefti efnahagsstarfsemi,“ bætti Soros við. **- msh**

Átján milljarðar á gjalddaga

Krónubréf upp á átján milljarða að nafnvirði, að viðbættum vöxtum, voru á gjalddaga í gær. Þetta er stærsti einstaki gjalddaginn í mánuðinum. Alls falla krónubréf upp á 27,5 milljarða á gjalddaga í mánuðinum.

Greining Glitnis bendir á það í Morgunkorni sínu í gær að strax á mánudag falli 4,5 milljarðar króna á gjalddaga og bréf upp á fimm milljarða viku síðar.

Fyrir viku síðan gaf hollenski bankinn Rabobank út krónubréf að nafnvirði þrettán milljarða króna til eins árs. Ef frá er skilinn gjalddaginn í gær nema útistandandi bréf 313 milljörðum.

- jab

Velta fyrir sér fullri yfirtöku

Ábyrgð vegna XL Leisure group fellur á Eimskipafélagið í kjölfar gjaldþrots. Björgólfsfeðgar sem gengu í ábyrgð vegna XL hafa velt fyrir sér yfirtöku, en þeir ráða þegar ríflega tveimur þriðju hlutafjár. 70 þúsund viðskiptavinir XL Leisure eru strandaglópar.

VÉLAR LUFTHANSA Þýski flugrisinn Lufthansa er í miklum ham þessa dagana og skoða stjórnendur kaup á SAS. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lufthansa og SAS ræðast við

Lokað var fyrir viðskipti með hlutabréf í skandinavíska flugfélaginu SAS í norrænum kauphöllum í gær eftir að fréttir bárust af því að þýski flugrisinn Lufthansa væri að íhuga yfirtöku á félaginu.

Sænska, norska og danska ríkið eiga helmingshlut í SAS auk þess sem sænska Wallenberg-fjölskyldan situr á sjö prósenta hlut. Það voru forráðamenn SAS sem leituðu til Lufthansa um viðskiptin, að sögn fréttastofu Bloomberg.

Lufthansa, sem er annað umsvifamesta flugfélag Evrópu, er í miklum vaxtarham um þessar mundir en það vinnur nú að kaupum á 45 prósenta hlut í Brussel Airways auk þess að skoða kaup á hlut í fleiri flugfélögum. **- jab**

„Þetta mál hefur engin áhrif á Landsbankann,“ segir Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri þegar hann er spurður um áhrifin af gjaldþroti XL Leisure Group.

Stjórnendur XL keyptu félagið út úr Eimskipi, áður Avion, fyrir tveimur árum. Landsbankinn lánaði upphaflega fyrir þessum kaupum. Samkvæmt heimildum Markaðarins þá neitaði Landsbankinn að stjórnendurnir tækju lánið yfir, nema Eimskipafélagið ábyrgðist það. Svo fór.

Ábyrgðin vegna lánsins nemur yfir 25 milljörðun króna. Hún fellur á Eimskip, en helstu eigendur félagsins, Björgólfsfeðgar, tilkynntu fyrr í vikunni, að þeir myndu ábyrgjast ábyrgðina. Kynnt hefur verið að þeir séu í samstarfi við fjárfesta. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst, hafa feðgarnir ekki enn fengið fleiri til liðs við sig.



DETTIFOSS FULLFERMDUR Eimskipafélagið er skuldum vafið og enn aukast byrðarnar þegar gjaldþrot XL Leisure er tekið með í reikninginn. Fréttablaðið/GVA

Ekki hefur verið ákveðið hvað verður. Stjórnendur Eimskips segja að litið verði á ábyrgðina sem lán. Það víki fyrir öðrum skuldbindingum en gangi framar hlutafé. Gylfi Sigfússon segir að þetta eigi eftir að ræða nánar.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er uppi á borðinu að ábyrgðinni verði, að hluta eða öllu leyti, breytt í hlutafé í Eimskipafélaginu. Það gerist þó ekki strax, því til þess þurfi að afgreiða ýmis formlegheit eins og að boða til hluthafafundar.

Feðgarnir og félög þeim tengd eiga stóran hlut í Eimskipafélaginu. Landsbankinn á þar hlut og Eimskipafélagið á líka stóran hlut í sjálfu sér. Björgólfur Guðmundsson á fjárfestingafélagið Gretti, sem er næststærsti hluthafinn í Eimskipafélaginu með þriðjungshlut. Með litlu stærri hlut er hins vegar félagið Frontline Holding. Magnús Þorsteinsson fyrrverandi meðeigandi Björgólfsfeðga í Samson er skráður eigandi félagsins. Samkvæmt heimildum Markaðarins er það þó aðeins að nafninu til. Landsbankinn á veð í hlutnum sem mun vera komið yfir hann að virði. Ekki næst í Magnús. Hann sagði sig úr stjórn Eimskips í vetur og dvelur í Rússlandi.

Breska blaðið Times segir að heildarskuldir XL Leisure Group hafi numið tæplega 32 milljörðum króna. Lánadrottnar hafi verið Landsbanki, Straumur og Barclays bankinn. Fram kemur í tilkynningu frá Straumi að XL hafi skuldað bankanum hátt í sex milljarða króna. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst eru ríflega 25 milljarðar skuld við Landsbankann vegna upphaflegu yfirtökunnar. Barclays bankinn á því minnst af skuldunum.

Times segir hátt í 70 þúsund viðskiptavini XL nú strandaglópa víða um heim. Gjaldþrotið hefur víðar áhrif, ekki einungis á Eimskipafélagið, starfsfólk XL og viðskiptavini. XL er helsti stuðningsaðili knattspyrnufélagsins West Ham. Skammt er síðan skrifað var undir stuðningssamning til nokkurra ára upp á ríflega 1,7 milljarða króna. **ingimar@markadurinn.is**

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

VERTU MEÐ ALLT Á TÆRU

HERÐUBREIÐ
FYRIR KONUR OG KALLA

Aðsniðnar skíða smekkbuxur úr vatnsfráhrindandi 3ja laga öndunarefni. Sérmótuð hné með stuðningi sem auðvelda allar hreyfingar. Styrkingar í faldi og vatnsheldir rennilásar frá ökkla upp að miðjum kálfa. Tveir vasar að framan með vatnsheldum rennilásum og auka loftun.

VATNSHELT
Verð: 38.500 kr.

66° NORÐUR

INGÓLFUR BENDER Greining Glitnis telur líkur á að verðbólga hjaðni hratt á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Glitnir spáir minni verðbólgu

Vísitala neysluverðs hækkar um 1,1 prósent og lækkar verðbólga úr 14,5 prósentum í 14,3 í þessum mánuði, samkvæmt nýjustu verðbólguspá greiningardeildar Glitnis, sem birt var í gær.

Gangi þetta eftir er verðbólga þar með komin yfir kúfinn sem náði hámarki í síðasta mánuði.

Greiningardeildin segir þó líkur á því að verðbólga verði enn yfir fjórtán prósentunum næstu mánuði en að draga taki úr henni.

Deildin spáir því jafnframt að verðbólgan muni hjaðna hratt á næsta ári og standa nálægt einu prósenti við árslok. **- jab**

Dagvöruverslun minnkar

Velta í dagvöruverslun dróst saman um tvö prósent á föstu verðlagi í júlí miðað við sama tíma í fyrra, samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnnar á Bifröst, sem birtar voru í gær.

Samkvæmt tölunum dróst sala á hálf-varanlegum neysluvörum saman í mánuðinum. Sala á fatnaði dróst saman um 8,7 prósent á milli ára. Skósala dróst saman um 14,7 prósent og á húsgögnum um átta prósent á sama tíma.

Þá kemur fram að verðlag hafi hækkað um 13,5 prósent á milli ára í júlí en laun um níu prósent á sama tíma. Því hafi kaupmáttur dregist saman um tæp fjögur prósent og hafi það kallað á breytta neyslusamsetningu heimilanna. **- jab**

Gjaldþrot XL opnar öðrum dyr

Önnur flugfélög hlaupa undir bagga með strandaglópa og viðskiptavini XL.

„Menn munu ekki hafna því að koma til móts við viðskiptavini ferðaskrifstofunnar verði eftir því leitað," segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group. Forstjóri Iceland Express segir fyrirspurnum nú rigna víða að, enda margir sem þurfi á flugi að halda.

Breskir fjölmiðlar sögðu í gær allt að 92 þúsund viðskiptavini XL Leisure nú strandaglópa út um allan heim. Þá áttu um tvö hundruð þúsund manns bókaðar ferðir með XL Leisure Group á næstunni.

Björgólfur segist ekki vita til þess að leitað hafi verið til flug-

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON

MATTHÍAS IMSLAND

félagsins eða dótturfélaga Icelandair í Evrópu. Svo kunni þó að vera.

Björgólfur bendir jafnframt á að þótt svona hafi farið muni viðskiptavinir XL Leisure Group ekki hætta að ferðast. „Þetta opnar auðvitað tækifæri fyrir aðra á þessum markaði," segir hann.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir fyrirspurnum rigna yfir félagið um flug í kjölfar gjaldþrotsins. Við því verði brugðist með ýmsum hætti, eins og hægt sé.

Þá sé systurfélagið Astreus önnum kafið við að fljúga breskum strandaglópum heim á leið, m.a. á vegum breksra flugmálayfirvalda. **- jab**

Styðja við óáfenga drykki

Bandarískur drykkjavörurisinn Anheuser-Busch hefur stofnað dótturfyrirtæki, yfir óáfenga drykki fyrirtækisins. Ætlunin er að blása til sóknar á þeim markaði. Þekktasta vörumerki Anheuser-Busch er bjórinn Budweiser.

Á meðal óáfengra drykkja fyrirtækisins, sem heitir 9th Street Beverages, eru orkudrykkir og safar auk átappaðs vatn í flöskum undir merkjum Icelandic Glacial, sem Icelandic Water Holdings framleiðir í Ölfusinu.

Anheuser-Busch á fimmtungshlut í fyrirtækinu og dreifir því vestanhafs. Aðrir eigendur eru stofnendurnir Jón Ólafsson og Kristján, sonur hans. **- jab**

Aldrei kom til álita að stöðva viðskiptin með bréf Eimskips

Greiningardeild Kaupþings gagnrýnir aðgerðir Kauphallar Íslands vegna óvissu um stöðu Eimskips. Bréf félagsins voru sett á athugunarlista á þriðjudag.

Greiningardeild Kaupþings gagnrýnir Kauphöllina fyrir að hafa tekið hlutabréf í Eimskipafélaginu af athugunarlista of snemma.

Kauphöllinn setti bréfin á athugunarlista á þriðjudag, vegna óvissu um verðmyndun og hættu á ójafnræði fjárfesta. Málið tengdist ábyrgð sem nú hefur fallið á Eimskipafélagið vegna gjaldþrots XL Leisure Group.

Eftir að stjórn Eimskips sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að Björgólfsfeðgar tækju við ábyrgðinni, félli hún á Eimskip, voru bréfin tekin af athugunarlistanum.

„Með þessari yfirlýsingu komu fram upplýsingar um það meginefni sem leiddi til þess að félagið var sett á athugunarlista," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann segir þó ljóst að ekki sé búið að „kortleggja siglingaleið Eimskips í öllum atriðum á næstunni en það var ekki talin nægjanleg ástæða til þess að halda félaginu á listanum." Æskilegt sé að fyllri upplýsingar komi fram sem fyrst og þær verði birtar í Kauphöllinni.

Þórður segir að ekki hafi komið til álita að stöðva viðskipti með

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar segir að fjárfestar eigi sjálfir að taka ákvarðanir um hvort þeir fjárfesti í tilteknu félagi. **Fréttablaðið/E.Ól.**

hlutabréf í Eimskipafélaginu. „Það er ekki gert nema í mjög sérstökum og afmörkuðum tilvikum, hvorki hér né annars staðar - og þá í eins stuttan tíma og mögulegt er," segir Þórður. Fjárfestar eða hluthafar eigi í lengstu lög að ráða hvort þeir vilji kaupa eða selja bréf í félagi. „Til að mynda þegar bréf lækka umtalsvert vegna nýrra upplýsinga geta sumir fjárfestar viljað út en aðrir séð kauptækifæri þegar lækkunin hefur náð tilteknu marki. Slík skoðanaskipti á markaði eiga að geta átt sér stað þótt miklar sviptingar séu á honum." **- ikh**

STEYPAN SKOÐUÐ OG MÆLD Ólafur H. Wallevik við eitt af mælitækjunum sem hann hefur þróað. MARKAÐURINN/GEIR

Ráðstefna helguð Íslendingi

Alþjóðleg ráðstefna í steinsteypufræðum, Our World in Concrete & Structure, sem haldin verður í Singapore árið 2011 verður helguð Ólafi H. Wallevik, prófessor við HR og forstöðumanni grunnrannsókna við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, fyrir frumkvæði hans í rannsóknum á sviði hágæðasteinsteypu og flotfræði byggingarefna.

Ráðstefnan er sú stærsta sinnar tegundar í Asíu og setur Ólaf í hóp þekktustu sérfræðinga heims í steinsteypufræðum, að því er segir í tilkynningu frá Nýsköpunarmiðstöð.

Þá hlaut Miðstöðin tólf styrki til byggingarannsókna í úthlutun Íbúðalánasjóðs í síðustu viku. Alls voru veittir styrkir til 20 verkefna upp á 18,7 milljónir króna Af styrkjunum tólf fara níu í verkefni steinsteypudeildar á Nýsköpunarmiðstöð. **- jab**

66°NORÐUR SJÓARA TASKA

95 L

Verð: 10.500 kr.

100% vatnsheld

Handföng á hliðum og ofan á. Ól yfir öxlina sem hægt er að taka af.

VATNAJÖKULL

Primaloft®

Verð: 32.500 kr.

Einstaklega léttur og hlýr

Góður undir skel

LA SPORTIVA

Val Di Fiemme

Verð: 24.200 kr.

Háir gönguskór með Gore-Tex®

Nubuk grjótvörn og gott grip í sóla

skoðun

greinar@frettabladid.is

Þætti einhverjum á sig hallað þótt ljósmæður fengju nú loks í gegn leiðréttingu kjara?

Mörgum ofbýður

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Ákvörðun Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra um að stefna Ljósmæðrafélaginu fyrir félagsdóm vegna fjöldauppsagna ber vott um mikla hörku í garð hóps sem augljóslega hefur setið eftir meðan aðrir hafa notið góðæris og uppsveiflu síðustu ára. Almennt nýtur kjarabaráttа ljósmæðra skilnings, enda augljóst óréttlæti í því falið að lækka í launum við að bæta við sig sérnámi ofan á hjúkrunarfræðinám.

Mörgum ofbýður þessi harka í garð ljósmæðra og nýtur hún lítils almenns stuðnings. Árni virðist reyndar með eindæmum laginn við að rata í ógöngur með ákvarðanir sínar. Umdeilt var þegar hann sem settur dómsmálaráðherra skipaði í lok síðasta árs Þorstein Davíðsson (Oddssonar) í embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands vestra og orðaskipti við umboðsmann Alþingis í framhaldinu. Hann reyndi einnig langlundargeð margra í fjármálageiranum þegar umsókn Kaupþings um að fá að gera upp í evrum var látin velkjast í ráðuneytinu allt þar til bankinn hætti við og málið féll sjálfkrafa niður dautt. Þá eru skiptar skoðanir um hvort fjármálaráðherrann hefði átt að upplýsa um eignarhlut sinn í Byr (og mögulega um aðrar eignir) þegar eftir því var leitað í síðasta mánuði.

Árni M. Mathiesen er hins vegar ekki einn um seinheppnina um þessar mundir því afar hallærislegt er hvernig Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra (og formaður annars stjórnarflokksins) og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hafa í orði átalið harkalega stefnu fjármálaráðherrans í kjaradeilunni við ljósmæður þegar hann er í raun einungis að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar í málaflokknum. Stefnan er að koma í veg fyrir launahækkanir hjá hinu opinbera og að henni hlýtur öll ríkisstjórnin að standa. Líka utanríkis- og félagsmálaráðherrann. Sú spurning hlýtur að vakna hversu mikið mark er takandi á orðum þeirra um að ljósmæður eigi skilið að fá leiðréttingu kjara sinna þegar skilaboðin frá samábyrgri ríkisstjórninni eru önnur.

Hitt er annað mál að gagnrýnin sem Ingibjörg Sólrún setur fram á ákvörðun Árna í þá veru að stefnan á hendur ljósmæðrum fyrir ólögmætar uppsagnir geti leitt til stigmögnunar deilunnar er hárrétt. Og skyldi engan undra réttlát reiði ljósmæðra sem sögðu starfi sínu lausu í kjölfar orða sem formaður samninganefndar ríkisins lét falla á fundi með þeim um að „afstaða samninganefndarinnar“ gagnvart ljósmæðrum hefði ekki breyst frá árinu 1962.

Tilfellið er að fáir myndu verða til að setja sig upp á móti því að ljósmæður fengju leiðréttingu kjara sinna og ríkisstjórninni í raun í lófa lagið að lýsa yfir vilja til þess að koma sérstaklega til móts við þennan hóp með sérstökum ráðstöfunum, sem ekki hefði áhrif á aðra samninga. Ef það er rétt sem haft hefur verið eftir utanríkisráðherranum að innan ríkisstjórnarinnar ríki skilningur á því að ljósmæður þurfi að fá launaleiðréttingu þá hlýtur að vera á því flötur að gefa samninganefnd ríkisins umboð til að semja um hana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þreyta, leiði, firring
Á Vísindavef Háskóla Íslands má finna fróðlega grein um kulnun í starfi og hvernig hún lýsir sér. Meðal einkenna eru þau að starfsmaðurinn er úrvinda, finnur til firringar með tilliti til vinnu og starfslöngunar, breytt lundarfar – svo sem þreyta og leiði – og minni vinnufærni. Kulnun í starfi virðist mest áberandi hjá þeim „sem með beinum hætti í störfum sínum bera ábyrgð á velferð annarra hópa“ og meðal áhættuþátta er ónógt sjálfstæði í verkum í samræmi við stöðu og menntun.

Geir og krónan
Yfir í aðra sálma. Í viðtali við Stöð 2 í gær sagðist Geir H. Haarde forsætisráðherra orðinn leiður á því að svara spurningum um stöðu íslensku krónunnar. Stuttu áður hafði forsætisráðherra lýst yfir að Ísland væri ekki að ganga í gegnum kreppu og að krónan væri ekki að sliga íslenskt atvinnulíf.

Sagan öll
Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ríður á vaðið í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands á þriðjudag, sem ber heitið „Kalda stríðið – dómur sögunnar“. Í útdrætti frá Birni segir meðal annars: „Vakið er máls á nauðsyn þess, að veittur sé sem bestur aðgangur að öllum skjölum um kalda stríðið. Mikilvægt sé, að átta sig á þeim þáttum, sem vógu þyngst við töku ákvarðana um öryggis- og varnarmál.“ Sjálfur lagði Björn ríkulega til þessara mála þegar hann afhenti Borgarskjalasafni skjalasafn föður síns fyrr á árinu. Spurning hvort hann snúist nú líka á sveif með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem vildi fyrir kosningar að ráðist yrði í úttekt á hlerunarmálinu. Til hennar hefur enn ekkert spurst.

bergsteinn@frettabladid.is

Reynslulausnir kynferðisbrotamanna

UMRÆÐAN
Erla Kristín Árnadóttir skrifar um dómsmál

Mikið hefur verið rætt um kynferðisbrotamenn í fjölmiðlum að undanförnu. Fangelsismálastofnun er ekki heimilt að tjá sig um málefni einstakra fanga og hefur því umræðan að stórum hluta byggst á rangfærslum og misskilningi.

Umfjöllun um afplánun kynferðisbrotamanna er þörf. og mikilvægt er að almenningur sé vel upplýstur um þessi mál. Hins vegar verður að gera þá kröfu að umræðan sé fagleg og að staðreyndir málsins komi fram.

Að lokinni afplánun snúa fangar aftur út í samfélagið. Það er óhjákvæmilegt og því er hagur allra að dregið sé úr líkum á að þeir fremji afbrot að nýju. Fangelsismálastofnun leggur ríka áherslu á endurhæfingu fanga þannig að þeir komi út í samfélagið að nýju sem betri menn. Ýmis úrræði eru fyrir hendi meðan á afplánun stendur, s.s. meðferð hjá sálfræðingum, geðlæknum og félagsráðgjöfum, áfengis- og vímuefnameðferð, dagsleyfi og reynslulausnir. Verkefnið er ekki auðvelt en Fangelsismálastofnun sinnir þessu hlutverki eftir fremsta megni.

Afplánun flestra lýkur með reynslulausn, sem felur í sér að fanga er veitt lausn úr afplánun til reynslu áður en hann hefur afplánað alla fangelsisrefsinguna. Með reynslulausn er stefnt að því að veita fanga tækifæri til að fóta sig á ný í samfélaginu að afplánun lokinni. Er henni ætlað að brúa bilið milli fangavistar og frelsis og vera mönnum til varnaðar með því að setja þeim tiltekin skilyrði til aðhalds og stuðnings.

Fangelsismálastofnun getur veitt fanga reynslulausn þegar hann hefur afplánað helming refsitímans eða 2/3 hluta hans. Við mat á því er m.a. litið til alvarleika brotsins, sakaferils og hegðunar í afplánun. Meginreglan er sú að fangar sem afplána refsingu fyrir mjög alvarleg brot, s.s. kynferðisbrot gegn börnum fái ekki reynslulausn að liðnum helmingi tímans. Þegar slíkir brotamenn sækja um reynslulausn leggja sálfræðingar Fangelsisstofnunar fyrir þá áhættumat til að meta hvort þeir séu hæfir til að verða látnir lausir til reynslu. Reynslulausn er síðan ákveðin á grundvelli áhættumatsins. Ef fallist er á að veita viðkomandi fanga reynslulausn er áhættumatið einnig lagt til grundallar við mat á því hvaða skilyrðum reynslulausnin skuli háð.

ERLA KRISTÍN ÁRNADÓTTIR

Reynslulausnir eru ávallt bundnar því skilyrði að menn fremji ekki afbrot á reynslutímanum. Einnig er hægt að binda reynslulausnir þeim skilyrðum að menn sæti umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar, að þeir neyti hvorki áfengis né ávana- og fíkniefna á reynslutímanum, að þeir hlýti fyrirmælum um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa og sæti sérstakri meðferð. Reynslutíminn getur verið allt að fimm árum og eru flestir sem fá reynslulausn lengur undir umsjá og eftirliti Fangelsismálastofnunar en ef refsingin hefði verið refsingin verið afplánun að fullu.

Reynslulausnir fanga sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot gegn börnum eru ávallt bundnar því skilyrði að þeir sæti umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar á reynslutímanum. Felur það í sér að viðkomandi er gert að hitta reglulega skilorðsfulltrúa stofnunarinnar meðan á reynslutíma stendur. Yfirleitt er talin þörf á frekara eftirliti og stuðningi við slíka brotamenn og er þeim því iðulega einnig gert að sæta meðferð sálfræðinga stofnunarinnar og jafnvel geðlækna á reynslutímanum. Þá er unnt að setja enn frekari skilyrði fyrir veitingu reynslulausnar, s.s. að þeir vinni ekki með börnum, umgangist ekki börn, þ.m.t. í gegnum netið, iðki ekki tómstundir með börnum, s.s. fari ekki í sund o.þ.h. Er það síðan í höndum Fangelsismálastofnunar að fylgjast með því hvort menn fari eftir settum skilyrðum. Rjúfi menn þessi sérskilyrði reynslulausnarinnar ákveður Fangelsismálastofnun hvort breyta skuli skilyrðum reynslulausnarinnar, reynslutíminn lengdur eða þeir látnir taka út þá refsingu sem eftir stendur í fangelsi.

Ljóst er að Fangelsismálastofnun getur sett mönnum ströng skilyrði og veitt þeim mikinn stuðning eftir að afplánun lýkur, svo framarlega sem henni lýkur með veitingu reynslulausnar. Ef fangi lýkur afplánun að fullu án veitingar reynslulausnar hefur stofnunin hvorki heimild til að setja honum skilyrði né hafa afskipti af honum á nokkurn hátt. Er það því mat Fangelsismálastofnunar að betra sé að afplánun fanga ljúki á þennan hátt enda sýna rannsóknir að veiting reynslulausnar, ef rétt er að henni staðið, dragi úr líkum á því að menn brjóti aftur af sér.

Höfundur er lögfræðingur Fangelsismálastofnunar.

Stýrivextir og verðbólga

UMRÆÐAN
Gunnar Tómasson skrifar um efnahagsmál

Andstaða Seðlabanka Íslands gegn lækkun stýrivaxta byggist á rangtúlkun á orsakasamhengi stýrivaxta og heildareftirspurnar við núverandi aðstæður. Það mat Seðlabanka Íslands að hátt verðbólgustig leyfi ekki lækkun stýrivaxta byggist á rangtúlkun á orsakasamhengi stýrivaxta og heildareftirspurnar við þær aðstæður sem nú ríkja í íslenzka hagkerfinu, og endurspeglast í 0,5% aukningu innlendra útlána og verðbréfaeigna lánakerfisins á öðrum ársfjórðungi 2008 samanborið við 7,1% aukningu á sama tímabili 2007.

Í þessu sambandi má t.d. vísa til umsagnar á Vísindavef Háskóla Íslands um stýrivexti:

„Séu vextir Seðlabanka háir ýtir það undir háa vexti annars staðar. Það veldur því meðal annars að fyrirtæki og einstaklingar sjá sér síður hag í að taka lán til að standa undir fjárfestingum eða öðrum kaupum á vöru og þjónustu. Það dregur úr eftirspurn í þjóðfélaginu og hefur almennt áhrif í þá átt að hægja á hjólum efnahagslífsins. Séu vextir Seðlabanka hins vegar lágir og vegna þess vextir almennt lágir sjá ýmsir sér hag í því að taka lán sem þeir síðan nota til kaupa ýmislegt. Þar með eykst spurn eftir vörum og þjónustu og hjól efnahagslífsins fara að snúast hraðar.

GUNNAR TÓMASSON

Vegna þess að vextir Seðlabanka geta með þessum hætti haft áhrif á spurn eftir vörum og þjónustu í samfélaginu er hægt að nota þá til þess til dæmis að reyna að hafa hemil á verðbólgu. Þannig hefur vaxtahækkun þau áhrif að draga úr eftirspurn. Það þýðir minni tilhneigingu hjá fyrirtækjum, launþegum og öðrum til að hækka verð og vinnur því gegn verðbólgu.“

Með öðrum orðum, orsakasamhengið milli stýrivaxta og heildareftirspurnar er ekki beint heldur óbeint í gegnum áhrif stýrivaxta á vaxtarhraða innlendra útlána og verðbréfaeigna lánakerfisins. Stýrivextir voru 14,25% á öðrum ársfjórðungi 2007 en 15,5% á sama tíma 2008 sem er ekki umtalsverð hækkun – og reyndar lækkun ef mið er tekið af raunvöxtum.

Það gefur því auga leið að lækkun vaxtarhraða útlána og verðbréfaeigna lánakerfisins úr 7,1% í 0,5% milli annars ársfjórðungs 2007 og 2008 á ekki rætur að rekja til stýrivaxta heldur til breyttra aðstæðna á innlendum lánamarkaði.

Að óbreyttum aðstæðum myndi stýrivaxtalækkun því ekki hafa umtalsverð áhrif á heildareftirspurn og verðbólguþrýsting.

Höfundur er hagfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

SKÓLAFÉLAGI

ENDURSKIN Á ÖLLUM HLIÐUM

VATNSFRÁHRINDANDI

VINDHELDUR

MEÐ ÖNDUN

FLÍS Í KRAGA

Gerð: Arnór CM-460
Litir: Rauður, Silfur blár, Svartur
Efni: Iceguard shell
Verð: ARNÓR Jakki 10.990 kr.
Buxur eru fáanlegar við jakkann í sömu litum, tegund ATLI. Verð 8.990 kr.

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

CINTAMANI AUSTURHRAUN 3, 210 GARÐABÆ, S. 533 3800 - CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11, 101 REYKJAVIK, S. 562 7000 - **WWW.CINTAMANI.IS**

Ford leikur

450.000
Ford
Explorer
XLT Sport 4,0i 210 hö sjálfsk. 5 d.
Ford-afsláttur 450.000 kr.
Septemberverð 4.990.000 kr.*

300.000
Ford
Escape
XLS AWD 2,3i 153 hö sjálfsk. 5 d.
Ford-afsláttur 300.000 kr.
Septemberverð 3.870.000 kr.*

260.000
Ford
Focus
Trend 1,6i 100 hö 5 gíra 5 d.
Ford-afsláttur 260.000 kr.
Septemberverð 2.590.000 kr.*

200.000
Ford
Fiesta
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 d.
Ford-afsláttur 200.000 kr.
Septemberverð 1.930.000 kr.*

Berðu líka saman Mondeo og Avensis, Ka og Aygo, Expedition og LC 200. Komdu í Brimborg í dag.

Septemberlandsleikur Ford

Ford skora

Ford skorar aftur á Toyota í spennandi septemberlandsleik. Ford býður sérstök septemberverð og kastar boltanum yfir til Toyota. Markmiðið er að sigra þennan leik og slá Toyota við aftur í september eins og í ágúst. Ford virkjar nú keppnisanda allra Ford-aðdáenda. Vertu með í Ford-liðinu. Komdu í Brimborg í dag – taktu heim nokkra sigra.

Tólf mánuðum ársins í bílasölu má, með jákvæðu hugarfari, líkja við tólf landsleiki í handbolta þar sem bílakaupendur eru leikmennirnir. Að fella Toyota úr fyrsta sæti á lista yfir söluhæstu bíla mánaðarins er stór áskorun. Það tókst núna í ágúst. Ford endurheimti sæti ofar en Toyota á lista yfir söluhæstu bíla mánaðarins í fyrsta sinn í mörg ár. Gullið stefnir á Ford og það hefur oft munað mjóu á árinu.

Ford skorar með þrusugóðum Ford-afsláttum í september.
Að auki: Kaupir þú fyrir 17. september þá færðu gæðavetrardekk í aukaverðlaun.
Spennandi áskorun í kreppunni. Þú græðir. Veldu Ford í dag.

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Sumir þeirra bíla sem í boði eru, eru búnir aukabúnaði umfram staðalbúnað viðkomandi gerðar. Septemberverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum í þessari auglýsingu

gegn Toyota

Ford

Nýtt tákn um gæði

? Toyota Yaris

? Toyota Auris

? Toyota Rav4

? Toyota Land Cruiser

Farðu á toyota.is og gerðu samanburð. Komdu síðan í Brimborg og semdu um þinn Ford. Ford-liðið er í keppnisstuði. Svaka stuði.

ar á Toyota

Ford skorar með þrusugóðum Ford-afsláttum í september. Að auki: Kaupir þú Ford fyrir 17. sept. þá færðu gæðavetrardekk í aukaverðlaun. Spennandi áskorun í kreppunni. Þú græðir. Veldu Ford í dag.

Landsleikur Ford - Toyota

Stefndu á gullið. Komdu í Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

Frumsköpun er grundvöllur alls.
Sveinn Einarsson í viðtali um feril sinn og frumsýningu á föstudag í Íslensku óperunni.

Uppgjör við sögu Kvennaframboðsins

Hin helga bók harðstjóra
heimldarmynd um viðskiptahætti alþjóðlegra fyrirtækja í Turkmenistan

Heilsubærinn Húsavík
Oddný Eir Ævarsdóttir skoðar möguleika á borðinu

Menning
fylgir Helgarblaði Fréttablaðsins á sunnudegi

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Lífsgleðin uppmáluð

Átta palestínskar flóttakonur með börn sín komu til Akraness aðfaranótt þriðjudagsins, eftir þriggja daga ferðalag. Meðal þeirra sem tóku á móti þeim var Amal Tamimi, sem verður þeim innan handar næstu mánuði. Sjálf þekkir Amal stöðu þeirra vel en hún flúði til Íslands frá Palestínu, ásamt fimm börnum, fyrir rúmum áratug. Hún er maður vikunnar.

Amal er fædd og uppalin í Jerúsalem og er yngst sex systkina. Foreldrum sínum hefur hún lýst sem umburðarlyndum og víðsýnum; henni var innrætt að segja það sem henni bjó í brjósti, tjá skoðanir sínar umbúðalaust og varð fyrir vikið fljótt sjálfsörugg. Hún er fæddur múslimi en kveðst þó ekki strangtrúuð; faðir hennar, sem lést þegar Amal var níu ára, var sósíalisti sem lagði meira upp úr stéttarvitund en trúnni. Fyrir hans tilstilli komst Amal í sósíalísk rit sem hún las upp til agna og fór að vakna til vitundar um jafnan rétt karla og kvenna.

Amal fetaði í fótspor margra jafnaldra sinna í Palestínu og gekk í hjónaband sextán ára gömul. Hún giftist blaðamanni sem var tíu árum eldri en hún og eignuðust þau sitt fyrsta barn, dóttur, ári síðar. Amal hætti í menntaskóla þegar hún gifti sig en komst fljótt að því að hún hafði metnað til að læra meira. Þegar hún gekk með annað barn sitt settist hún aftur á skólabekk og lauk prófi í viðskiptafræði árið 1987, þá orðin fjögurra barna móðir, og náði sér í starfsréttindi í bókhaldi, staðráðin í að geta unnið á opnum vinnumarkaði.

Amal tók virkan þátt í stjórnmálastarfi í Palestínu, var til dæmis í kvenfélagi sem hélt uppi mótmælum gegn Ísraelsmönnum og vann sem sjálfboðaliði við að kynna unglingum og konum réttindi sín. Eiginmaður hennar þáverandi undi því. En inni á heimilinu giltu aðrar reglur því hún sætti harðræði af hálfu eiginmanns síns frá upphafi hjónabandsins.

Eftir sautján ára hjónaband hafði Amal fengið sig fullsadda af ofríki eiginmannsins og ákvað að flýja með börn sín, sem þá voru orðin fimm, til Íslands með aðstoð Salmans bróður hennar sem býr hér á landi. Hún undirbjó flóttann vandlega og í janúar 1995 tók hún af skarið; sagði manni sínum að hún væri á leið í heimsókn til systur sinnar, en fór þess í stað út á flugvöll með börnin og til Íslands. Eftir að til Íslands kom skildi hún við mann sinn, en óttaðist hann engu að síður svo mikið að hún hætti sér ekki aftur heim til Palestínu fyrr en tíu árum eftir að hún flúði.

Amal hefur sagt að fyrstu árin á Íslandi hafi verið erfið. Hún hafi aðeins fengið starf við afgreiðslu, við ræstingar eða fiskvinnslu og þurfti að vinna tólf til þrettán stunda vinnudag til að láta enda ná saman. Henni þótti súrt í broti að vera með prófgráðu í viðskiptafræði en fá ekki vinnu við hæfi og dreymdi um að mennta sig meira. Það hafi hins vegar tekið hana fimm ár að ná nógu góðum tökum á íslensku máli.

Skömmu eftir að Amal kom hingað til lands kynntist hún íslenskum manni, hóf sambúð og eignaðist með honum sitt sjötta barn en þau skildu fimm árum síðar.

Upp úr aldamótum fékk Amal úrskurð frá lækni um að hún gæti ekki stundað líkamlega vinnu vegna bakmeiðsla. Hún ákvað því að láta draum sinn rætast og settist á skólabek, fór að læra félagsfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist með BA-próf árið 2004. Í framhaldinu fékk hún starf sem fræðslufulltrúi, ráðgjafi og túlkur hjá Alþjóðahúsinu, en tveimur árum fyrr höfðu hún og börn hennar fengið íslenskan ríkisborgararétt. Árið 2006 settist Amal aftur á skólabekk og er nú í meistaranámi í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Það er óhætt að segja að Amal hafi látið að sér kveða frá því hún kom hingað til lands, meðal annars í pólitík. Hún hefur verið framámaður í réttindabaráttu innflytjenda og er meðal annars einn af stofnendum og varaformaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Hún er varaformaður innflytjendaráðs og í apríl á þessu ári var hún fyrsti innflytjandinn til að stýra fundi ráðsins. Árið 2006 var hún í 10. sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði í sveitastjórnarkosningum, og er varabæjarfulltrúi þar. Þá er hún formaður formaður lýðræðis- og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðarbæjar.

Í baráttu sinni fyrir réttindum innflytjenda hefur Amal lagt höfuðáherslu á íslenskukennslu, því lykillinn að íslensku samfélagi sé fólginn í því að læra tungumálið. Því þurfi íslensk stjórnvöld að búa til kerfi sem tryggi íslenskukennsku fyrir innflytjendur.

Þeim sem þekkja Amal ber saman um að hún sé hörkutól, það ber saga hennar líka vitni um. Hún hefur mikinn metnað og ríka réttlætiskennd. Hennar stærsti kostur sé þó að hún er lífsgleðin uppmáluð, síbrosandi og sérlega lunkin við að koma auga á spaugilegri hliðar tilverunnar.

AMAL TAMIMI

ÆVIÁGRIP

Amal Tamimi er fædd 7. janúar árið 1960 í Jerúsalem í Palestínu, yngst sex systkina. Hún gekk í hjónaband sextán ára gömul og eignaðist fimm börn með manni sínum. Árið 1995 flúði hún til Íslands ásamt börnum sínum og skildi við eiginmann sinn. Hún eignaðist sitt sjötta barn með íslenskum sambýlismanni sem hún er nú skilin við.

Amal lauk prófi í viðskiptafræði í Jerúsalem auk starfsréttinda í bókhaldi. Hún lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og er sem stendur í meistaranámi í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Að loknu BA-námi starfaði Amal sem túlkur hjá Alþjóðahúsinu. Hún hefur einnig tekið þátt í ýmiss konar félags- og stjórnmálastarfi; hún er einn af stofnendum og varaformaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna, varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði og varaformaður innflytjendaráðs.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Tók sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í mars á þessu ári, fyrst allra innflytjenda.

HVAÐ SEGIR HÚN?

„Við viljum ekki vera útlendingar á jaðri samfélagsins um alla framtíð. Við viljum gera okkar besta til að aðlagast íslenskri menningu og jafnframt miðla Íslendingum af okkar menningu, svo að við verðum öll ríkari eftir."

Í viðtali við tímaritið Veru.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

H:N markaðssamskipti / SÍA

„Það er frábært tilfinning
þegar stemmningin myndast á tungunni.
Ég mæli með því."

SKYNDIBRAGÐ
- kvöldsins

Sinnepsmurðar lambakótelettur

16 lambakótelettur, fituhreinsaðar - fyrir fjóra

salt • nýmalaður pipar • 3 msk olía • 3 msk dijon sinnep • 1 rauðlaukur, smátt saxaður
8 radísur, rifnar • 4 msk súrsað engifer

Kryddið lambakótelettur með salti og pipar og steikið í olíu í 2 - 3 mínútur á hvorri hlið á meðalheitri pönnu.

Penslið kjötið með dijon sinnepi og berið fram með rauðlauk, radísum og súrsuðu engifer ásamt hrísgrjónum eða soðnum kartöflum.

10 - 15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA EINFALT

Sterka þjóð – ekki sterka leiðtoga!

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er meðal annars gerð tillaga um nýjan íslenskan þjóðbúning, minnst á vatnsrennibrautir og mælt með því að fjölga störfum á landsbyggðinni með því að flytja Seðlabankann að Bakka í Svarfaðardal.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

LAUGARDAGUR, 6. SEPTEMBER.

Spádómar byggðir á dagblöðum

Í flestum löndum eru seðlabankar grafalvarlegar stofnanir sem engum dettur í hug að grínast með. Hérna er þessu öðruvísi farið og enginn gengur lengra fram í að gera grín að sjálfum sér en einmitt sjálfur Seðlabankinn.

Eftirfarandi spaugþátt hef ég orðrétt upp úr blöðunum:

„Forstöðumenn bankanna segja allir að niðurstöður Seðlabankans hafi valdið heilabrotum í fjármálaheiminum og botni fáir í þeim... „Þessar tölur byggja á gögnum og skýrslum frá fyrirtækjum og eins áreiðanlegar og við getum stuðst við," segir Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabanka Íslands... „Ef stórfyrirtæki með mikla starfsemi erlendis skila ekki fullnægjandi upplýsingum þá verðum við einfaldlega að lesa dagblöð til að átta okkur á stöðunni."

Ef ég skil þessa frétt rétt er blessaður maðurinn að segja að það sé ekkert að marka niðurstöður Seðlabankans því að hann hafi upplýsingar sínar úr dagblöðum – sem væntanlega hafa fréttir sínar einmitt frá Seðlabankanum. Þannig að hér hefur þessum ágæta banka tekist að setja upp eilífðarvél, nokkurs konar bullendurvinnslu-hringekju, sem framleiðir til skiptis rugl handa Seðlabanka og fjölmiðlum.

Þarna segir Einbjörn fréttir sem hann hefur eftir Tvíbirni sem upprunalega fær þær frá Einbirni og þannig til eilífðar þannig að um 100% nýtingu er að ræða.

Í sambandi við að flytja opinberar stofnanir út á land leyfi ég mér að stinga upp á því að Seðlabankinn verði fluttur að Bakka í Svarfaðardal og bankaráðið verði kallað „Bakkabræður" en bankastjórarnir Gísli, Eiríkur og Helgi.

SUNNUDAGUR, 7. SEPTEMBER.

Þrjár heilsubótarbunur í vatnsrennibraut

Þegar maður er að ljúka við eitthvað verk og athyglin safnast saman í einum punkti er ansi margt sem getur farið fram hjá manni. Litla Sól reyndi þó að hressa upp á afa sinn og fór með hann í sund og sendi hann þrjár salíbunur í stóru rennibrautina. Þetta hafði mjög góð áhrif á afann bæði andlega og líkamlega.

Ég reyndi að svipast um eftir einhverju merkilegum í heimsfréttunum og sá það helst að leikkonan Keira Knightley muni vera orðin algjörlega flatbrjósta. Ekki veit ég hvort þetta eru vondar eða góðar fréttir.

Jónas Haralz kom fram í Silfri Egils og talaði svo greindarlega að ég stórefast um að nokkur stjórnmálamaður fáist til að taka mark á honum.

Jónas bendir á þá augljósu staðreynd að við munum aldrei komast að því hvort það borgi sig fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið fyrr en við tökum okkur til og förum fram á aðildarviðræður. Þær viðræður koma því miður ekki til greina því að þær gætu leitt til þess að Flokkurinn tapaði fullveldi sínu.

MÁNUDAGUR, 8. SEPTEMBER.

Trúboðastelling og starfsreynsla

Alveg frá því Nixon var kosinn forseti í Bandaríkjunum hef ég lofað sjálfum mér því að hætta að verða hissa á tíðindum frá því landi. En þessi Alaska-dama sem McCain gamli hefur valið sér sem varaforsetaefni kom mér þó verulega á óvart.

Til allrar hamingju eru ekki allir mér sammála um að frú Palin líti út fyrir að geta komið af stað þriðju heimsstyrjöldinni. Ég las til dæmis grein eftir hrifnæma íslenska stjórnmálakonu sem sagðist að öllu samanlögðu treysta frú Palin til starfsins vegna þess að hún væri sanntrúuð og hefði fætt af sér fjögur eða fimm börn.

Persónulega finnst mér að (vara)forseti Bandaríkjanna þurfi að hafa fleiri mannkosti en að geta sett sig í trúboðastellingu.

MIÐVIKUDAGUR, 10. SEPTEMBER.

Pils og langbrækur – nýr þjóðbúningur

Fótboltalandsleikur við Skota í kvöld. Ekki fór það vel.

Ef íslenska landsliðið hefði sjálfstraust í réttu hlutfalli við knattspyrnuhæfileika einstakra leikmanna værum við númer 20 á FIFA-listanum ekki númer 107. Næst þegar við ráðum landsliðsþjálfara sting ég upp á að við ráðum dávald frekar en knattspyrnufræðing.

Þótt ég og fleiri séum orðnir hundleiðir á að tapa fyrir Skotum í fótbolta eru engu að síður aðeins tveir herir sem mér er fremur hlýtt til. Annars vegar er það auðvitað Hjálpræðisherinn og hins vegar Pilsaherinn (Tartan Army) stuðningsmannahópur skoska landsliðsins sem fylgir liðinu eftir á keppnisferðum. Þessi her er svona almennt talinn jafnfriðsamur og Hjálpræðisherinn – og hefur þá sérstöðu að ganga í flottustu einkennisbúningum allra herja, plíseruð pils, hnésíð og snjóhvítar lappir niðrundan.

Skoski Pilsaherinn er svo spakur að engum hefur komið til hugar að nota orðið „pilsvargar" um skoska karlmenn.

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum hérna um árið þegar íslenskir hönnuðir tóku sig til að hanna þjóðbúning á íslenska karlmenn að þeim skyldi yfirsjást hinn stolti keltneski uppruni okkar sem við karlmenn ættum að undirstrika með því að skella okkur í pils við hátíðleg tækifæri.

Karlmannapilsin íslensku gætu verið fagurblá, Írar ganga í grænum pilsum en Skotar hafa einkarétt á þeim köflóttu. Íslenska kvenfólkið gæti til mótvægis við karlmannapilsin gengið á langbrókum í minningu Hallgerðar sem var fyrsta íslenska konan sem gekk í buxnadragt. Þessi nýi þjóðbúningur gæti verið stórt spor í jafnréttisátt.

Fyrir utan marga góða kosti fer það orð af Skotum að þeir séu hagsýnir, en sú keltneska dyggð hefur ekki skilað sér til Íslands svo að neinu nemi. Aðrar þjóðir gera stundum gys að þessari útsjónarsemi Skotanna og segja svonefndar Skotasögur. Ein er til dæmis svona:

Jock gamli átti ungan frænda sem kom til hans að leita ráða.

„Þannig er," sagði ungi maðurinn, „að mig langar að fara að gifta mig og ég get valið milli tveggja kvenna. Önnur þeirra er yndisleg og falleg ung stúlka sem ég elska út af lífinu – en alveg auralaus. Hin sem kemur til greina er geðstirð en forrík ekkja."

Jock gamli hugsaði sig um en ráðlagði svo unga manninum að láta hjartað ráða för og kvænast stúlkunni sem hann elskaði.

„Þakka þér fyrir frændi," sagði ungi maðurinn. „Ég ætla að fara að þínum ráðum."

„Bíddu aðeins, væni," sagði Jock gamli þegar sá ungi ætlaði að rjúka burt. „Hvar sagðirðu annars að þessi ekkja ætti heima?"

FIMMTUDAGUR, 11. SEPTEMBER.

Sterka þjóð – ekki sterka leiðtoga!

Viðskiptaráðgjafinn Richard Barret hefur verið að rannsaka Íslendinga að undanförnu og sagði í Salnum í Kópavogi í morgun meðal annars að „Íslendingar vilji sjá meiri ábyrgðartilfinningu hjá leiðtogum sínum, minni áherslu á að mynda yfirstétt og minni spillingu.

Athygli vekur að meðal þeirra hugtaka sem Íslendingar velja til að lýsa samfélaginu nú eru efnishyggja, skammsýni, óvissa um framtíðina og spilling en óskasamfélagið ætti að snúast um ábyrgðartilfinningu, fjölskyldugildi, atvinnutækifæri, fjárhagslegt öryggi og bjartsýni. Samkvæmt Barret þarf Ísland á sterkari leiðtoga að halda til að feta þann veg."

Ég er alveg sammála Barret um þetta allt saman – nema hvað ég held að vandamálið snúist ekki um að „leiðtogar" séu sterkir heldur þjóðin sjálf.

Sterkir leiðtogar eru óþarfar manneskjur, nema hugsanlega sem knattspyrnuþjálfarar. Við erum með „sterkan leiðtoga" í Seðlabankanum og það vita nú allir hvað hann hefur orðið okkur til mikillar blessunar.

Stjórnmálamenn eiga að fylgja þjóðinni, ekki þjóðin stjórnmálamönnum.

SS VERKTAKI
SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.
- Við byggjum upp -

TILBOÐ ÓSKAST

Til sölu er glæsilegt frístundahús í landi Mýrarkots í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Húsið er 127 fm að stærð með 21 fm geymsluskúr, verönd er 290 fm og lóðin er 1,3 hektari.

Að auki er húsið fullbúið að innan og öll húsgögn og gólfefni frá versluninni EGG.

Frekari upplýsingar veitir Soffía löggiltur fasteignasali í síma 895-9098 eða 483-5800

Byr fasteignasala og Sveinbjörn Sigurðsson hf.

byr Fasteignasala

ERICA OG CALUNA
3 STK AÐ EIGIN VALI
999

ÚTSÖLU
LÝKUR UM HELGINA

POTTAPLÖNTUÚTSALA
Í BLÓMAVALI

30-50%
AFSLÁTTUR

LOFORÐ UM
LITRÍKT VOR

HAUSTLAUKARNIR
KOMNIR

ALGROW
lífrænn áburður
699

BEGONIA
499

LILJUR 5 STK
1.499

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

Smár vöxtur er mitt leynivopn

Íslenska leikkonan **Anita Briem** er flutt til Hollywood og er á hraðri leið upp stjörnuhimininn. *Anna Margrét Björnsson* fékk að heyra um uppvöxtinn hjá tónlistarforeldrunum, korselett í Tudors og ástina á bardagalistum.

LEIKKONAN ANITA BRIEM „Ég hef stundað alls kyns bardagaíþróttir lengi og hef til dæmis æft með alls kyns sverðum og hnífum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN FÖRÐUN/ELÍN REYNISDÓTTIR

Anita Briem gengur hljóðlátlega inn í lobbýið á hótelinu þar sem ég bíð hennar og þar sem hún gistir og spyr prakkaralega hvort mig langi í kaffi og viskí eða ákavíti á barnum. Þegar allt kemur til alls pantar hún bara grænt te og byrjar spennt að útskýra tölvutæknina á bak við þrívíddarkvikmyndina Journey to the Centre of the Earth sem var forsýnd á miðvikudagskvöld og er frumsýnd í kvikmyndahúsum um helgina. Kvikmyndin er lauslega byggð á frægri skáldsögu Jules Verne um ferð ofan í iður jarðar í gegnum Snæfellsjökul og Anita leikur einmitt íslenska leiðsögukonu, Hönnu, sem leiðir leikarana Brendan Fraser og Josh Hutcherson um hættuleg neðanjarðargöng og í gegnum baráttu við morðóða djúpsjávarfiska, risaeðlur og mannætuplöntur.

„Það er kannski dálítið ruglingslegt að kalla myndina þrívíddarkvikmynd þar sem í henni er notast við splunkunýja tækni, en myndin er sérstaklega tekin upp með tveimur linsum í vélinni í stað einnar til sýninga í þrívídd. Ég er sannfærð um að þessi nýja tækni verði mikið notuð í framtíðinni, hún gerir áhorfendanum kleift að vera inni í bíómyndinni á allt annan hátt. Ég veit að krakkar sem hafa séð þessa mynd verða til dæmis mjög vonsviknir að sjá að það eru ekki allar bíómyndir svona,“ segir Anita og hlær. Hluti kvikmyndarinnar var tekinn á Íslandi en mestur hluti hennar var kvikmyndaður í stúdíóum í Kanada. „Því miður fengum við ekki leyfi til að mynda ofan í iðrum jarðar þannig að það voru tekin mót af alvöru hellum og göngum og við vorum að hlaupa um í þannig setti.“ Í hlutverki sínu í myndinni sýnir Anita mikla fimi bæði í klifri og öðrum líkamlega krefjandi atriðum og hún játar því að hafa þurft að vera í mjög góðu formi áður en tökur hófust. „En ég hafði mjög gaman af því þar sem ég er mikil keppniskona. Ég hef stundað alls kyns bardagaíþróttir lengi og hef til dæmis æft með alls kyns sverðum og hnífum. Ég var aldrei góð í fótbolta, körfubolta né handbolta og gat aldrei farið í handahlaup sem krakki sem var ömurlegt. Ég var eiginlega búin að gefast upp á sjálfri mér sem íþróttamanneskju þangað til að ég datt ofan í þennan heim bardagalistarinnar en þar fann ég mig algjörlega. Ég hef meðal annars verið að læra Jeet Kune Do sem er bardagalistin sem Bruce Lee notaði. Ég uppgötvaði samhæfinguna í líkama mínum og fann hvaðan styrkur minn kom sem var gott þar sem ég er svo smágerð. Þegar ég var að berjast við fólk sem er stærra en ég, sem gerist nú oftast, þá áttaði ég mig á því að styrkurinn kemur ekki frá stærðinni á vöðvunum heldur innan frá, frá kviðnum og frá heilanum. Smár vöxtur er því leynivopnið mitt og er enginn veikleiki. “

Þykir mjög vænt um uppeldið sem ég fékk

Áhorfendur stöðvar tvö hafa fylgst með bresk /amerísku þáttaröðinni The Tudors sem fjallar um ástir og eiginkonur Hinriks áttunda. Í næstu viku birtist einmitt Anita Briem í þáttaröðinni í hlutverki sínu sem Jane Seymour, þriðja spúsa Hinriks sem tælir hann í burtu frá Anne Boleyn. Búningar í þáttaröðinni eru langt frá útvistarfötum og flíspeysunum sem hún klæddist í Journey to the Centre of the Earth. „Það er skrýtið að þegar ég er í hlutverki þar sem meiri hreyfing kemur við sögu finn ég fyrir meiri kvenleika og kvenlegum styrk. Mér finnst einmitt það kynþokkafyllsta við konur þegar þær leyfa sér að vera sterkar á sinn hátt. Við þurfum ekki að taka á okkur alla eiginleika karlmanna til að gera okkur sterkar, þá töpum við einmitt því sem gerir okkur sterkar. Í Tudors eru búningarnir mjög afgerandi og hafa gríðarleg áhrif á mann, hvernig maður ber sig, hvernig manni líður og hvernig maður stendur. Það er ekkert grín að vera hálfan sólarhringinn í korseletti. Maður getur rétt ímyndað sér hvernig kvenfólki leið fyrr á öldum.“ En sögusvið Tudors er einmitt landið sem Anita ákvað að gera að heimili sínu þegar hún var sextán ára að aldri en þá fór hún í menntaskóla í London sem sérhæfði sig í listum.

„Þegar ég varð átján fékk ég inngöngu í Royal Academy of Dramatic Arts.“ Þegar ég spyr hana hvers vegna hún hafi verið ákveðin í að flytja frá Íslandi segist hún hafa vanist því að ferðast um heiminn frá unga aldri ásamt foreldrum sínum, en hún er dóttir Gunnlaugs Briem trommuleikara og Ernu Þórarinsdóttur söngkonu. „Ég ólst upp á frekar óhefðbundinn hátt. Ég fylgdi þeim í öll stúdíó bæði hér heima og erlendis. Mér þykir mjög vænt um þetta uppeldi, og þykir vænna um það eftir því sem tíminn líður. Þau voru svo ung og fóru með mig út um allt. Ég var rólegt barn og ég bara svaf á stúdíógólfum, á bak við trommusettið hans pabba. Mér líður mjög vel í þeim heimi. Tónlistin er mjög stór hluti af mínu lífi. Ég var í klassísku tónlistarnámi og lærði á flautu þar til ég var fjórtán ára.“ Nú segist Anita frekar grípa í gítarinn sem fylgir henni hvert sem hún fer. „Mamma gifti sig fyrir tveimur árum og mig langaði að koma henni á óvart, þannig að ég lærði á gítar í laumi og samdi fyrir hana lag til að flytja í brúðkaupinu. Það er aldrei að vita nema ég semji meira og jafnvel gefi út efni síðar meir. Ég er með breiðan tónlistarsmekk, fíla gamla rokkið hans pabba eins og Led Zeppelin og Deep Purple en ég hlusta líka mikið á Motown, til dæmis Ninu Simone og Arethu Franklin.“ Anita valdi þó leiklistina sem lífsstarf ung að aldri.

„Þegar ég var sextán varð ég harðákveðin í því að mennta mig erlendis, mig langaði að ná fullkomnum tökum á enska tungumálinu og stúdera leikverkin á enska tungumálinu. Ég vildi að allar dyr stæðu mér opnar úti í heimi ef mér tækist það. Eftir námið starfaði Anita í London í eitt ár og lék meðal annars í leiksýningunni Losing Louis sem var sýnd á West End í fimm mánuði og lék meðal annars með leikkonunni Alison Steadman. Eftir prufur hjá ABC-sjónvarpsstöðinni fóru svo hjólin að snúast fyrir alvöru. „Ég fór fyrir algjöra slysni í prufu fyrir ABC-sjónvarpsstöðina sem kallaði mig á fundi. Eftir tvær ferðir út á tveimur vikum var ég allt í einu komin í þáttaröðina The Evidence.“

> Ég lærði á gítar í laumi og samdi lag fyrir mömmu til að flytja í brúðkaupinu hennar. Það er aldrei að vita nema ég semji meira og jafnvel gefi út efni síðar meir.“

Hönnuðir senda endalausa kjóla

Heimili Anitu Briem er nú vagga kvikmyndaheimsins, borg englanna, Los Angeles. Hún segist að sjálfsögðu umgangast aðrar leikkonur og leikara en sé að eðlisfari mjög „prívat“ manneskja. „Mitt einkalíf er mitt einkalíf. Mér finnst að fólk eigi að skoða ástæður þess að vera í þessum bransa. Þetta er ekki bara upp á peninga eða frægðarljóma, það eru bara hlutir sem fylgja starfinu, en ekki starfið sjálft. “ Anita segir leikhússviðið vissulega enn heilla hana. „Ég fer ábyggilega aftur a svið einhvern tímann, en kvikmyndir heilla mig núna mjög mikið. Mér finnst verulega gaman að lifa í kvikmyndaheiminum núna, og hef tækifæri til að umgangast og vinna með fólki sem er það hæfileikaríkasta í sínum bransa.“ Þegar ég spyr hana um glys og glamúr Hollywood-borgar segist Anita ekki stunda partí bara til þess að stunda partí. „Ég fer í boð ef mér finnst það við hæfi.“ En kjólarnir? Eru ekki hönnuðir að senda endalausar gjafir og kjóla? „Jú!“ svarar hún og hlær. „Og ég hef gaman af tísku. Ég sat til dæmis fyrir í tökum tileinkuðum Valentino í bandarískra tímaritinu Flaunt og það var virkilega gaman.“ Næst á döfinni hjá hinni ungu leikkonu er kvikmyndin The Storyteller þar sem hún leikur á móti Wes Bentley. „Við erum að fara í tökur mjög fljótlega. En ég á mér nokkur draumahlutverk og mig langar að þróa þau með öðrum. Mér finnst til dæmis mjög gaman að detta inn í ævintýraheima og elska að horfa aftur á kvikmyndir eins og Back to the Future og Poltergeist. Þá sér maður hversu sterk myndræna frásögnin er og hvað þær eru fallega teknar. Ævintýraleg hlið á Íslandi birtist sannarlega í kvikmyndinni Journey to the Centre of the Earth. „Mér fannst Ísland koma rosalega vel út úr myndinni. Ég held að engin mynd hafi veitt jafnmikla kynningu á landinu og þessi mynd.“ Anita segist sjálf reyna að eyða eins miklum tíma hérlendis og hún getur. „En þá fer ég alltaf norður og fel mig. Mamma og eiginmaður hennar reka Hótel Reynihlíð og mér finnst yndislegt að fara í Mývatnssveitina og hlaða batteríin.“ Ég spyr hvort fólk veiti henni frekar athygli núna eftir að henni skaut upp á stjörnuhimininn í Hollywood. „Fólk truflar mig ekki neitt, alls ekki. Það hefur bara komið til mín og sagt eitthvað jákvætt eins og: „En gaman að sjá hvað þér gengur vel.“ Það eru sumsé engir leiðinlegir gaurar með vesen á djamminu? Hún setur upp sposkan svip og svarar:

„Nei, ég held að margir viti að ég gæti aldeilis lúskrað á þeim ef þeir reyndu eitthvað svoleiðis.“

Egill Árnason hf

SÍÐASTI DAGUR STÓRÚTSÖLUNNAR

OPIÐ Í DAG TIL kl. 14:00

Allt að 80% afsláttur

Parket - Flísar - Hurðir - Hreinlætistæki

Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 I Baldursnesi 6 603 Akureyri 595 0590
www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 14

Núna er Ísland landið mitt

Lena Mazat kom til Akraness eftir tveggja ára dvöl í flóttamannabúðum sem hún segir versta stað á jörðu. Hún sagði *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá fyrstu dögunum hér. Hún ætlar sér að verða Skagamaður og strákarnir hennar eru komnir í boltann.

KOMIN Á SKAGANN Lena vill búa sér og börnum sínum framtíð á Akranesi og verða hluti af samfélaginu þar. Hún segist mjög hrifin af nýju heimkynnunum og fiskurinn sé hreinasta lostæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það var rosalega erfitt að eiga heima þarna. Hver dagur var öðrum líkur, maður reyndi að finna sér eitthvað að gera til að láta daginn líða. Krakkarnir fóru í skóla en það var ekki mikið annað við að vera. Þegar okkur bauðst að koma hingað slógum við því til. Ástandið þar var svo slæmt að það ýtti okkur út í þetta langa ferðalag til lands sem við þekktum ekkert til, þetta er versti staður á jörðu," segir Lena.

Hún er í hópi átta fjölskyldna sem komu til Akraness um miðja nótt, aðfaranótt þriðjudagsins. Að baki var langt og strangt ferðalag, sem hófst þremur dögum fyrr. Þá yfirgaf fólkið flóttamannabúðirnar Al Waleed á landamærum Sýrlands og Íraks sem verið hafði heimkynni þeirra.

Í Al Waleed hafðist við fjöldi palestínskra flóttamanna. Elsta kynslóðin þar man eftir heimalandi sínu, Palestínu, en þaðan var hún hrakin á brott við stofnun Ísraelsríkið 1948. Síðan hefur fólkið verið landflótta. Um 4,3 milljónir palestínskra flóttamanna hafast við utan heimalandsins, í Sýrlandi, allmargir í Jórdaníu, og í Írak.

Tvöfaldir flóttamenn

Þar nutu Palestínumenn ákveðinna forréttinda. Þeir fengu leiguhúsnæði á góðum kjörum og einræðisherrann í Írak, Saddam Hussein, var þeim velviljaður. Sá böggull fylgdi þó skammrifi að Palestínumenn máttu ekki eiga eigið húsnæði. Bandaríkjamenn, Bretar og bandamenn þeirra réðust inn í Írak og steyptu einræðisherranum af stóli. Við tók tímabil átaka og upplausnar, sem stendur enn.

Í einu vetfangi breyttist staða Palestínumannanna í Írak. Þar sem þeir höfðu verið í náðinni hjá Saddam, ef svo má segja, voru þeir nú litnir hornauga. Og þar sem þeim hafði ekki verið treyst fyrir eigin húsnæði reyndist létt verk að hrekja þá á braut úr leiguhúsnæði sínu. Palestínumennirnir voru því orðnir tvöfaldir flóttamenn: upprunalega frá Palestínu og nú frá hælislandinu sínu Írak. Þeir söfnuðust saman í flóttamannabúðum, eins og Al Waleed, en sumir komust til Sýrlands.

Versti staður á jörðu

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að flóttamannabúðirnar verði að tæma og fólkinu þar verði að koma fyrir annars staðar. Það er svokallað Resettlement-flóttafólk, fólk sem getur hvorki farið til upprunalands síns né verið í hælislandinu og þarf að leita til þriðja landsins. Ástandið í búðunum er ekki upp á marga fiska. Þetta eru í raun tjaldbúðir í miðri eyðimörkinni; sjóðheitar á daginn, þegar eyðimerkursólin skín hvað heitast, og ískaldar á nóttunni.

Lena og maður hennar, voru ung hjón í Palestínu, áttu þrjú börn, þau Abdhulla, Mohammaed og Nadiu, í átökunum og ófriðnum sem blossuðu upp eftir innrásina í Írak féll maður Lenu og hún var því orðin ekkja með þrjú ung börn, stödd í flóttamannabúðum í miðri eyðimörk og hafði ekki hugmynd um hvað framtíðin bar í skauti sér.

„Þetta var skelfilega erfitt og þarna eru verstu mögulegu aðstæður að lifa við. Okkur létti því mjög að komast hingað," segir Lena.

Mikill stuðningur

Það getur ekki verið auðvelt að flytja yfir hálfan hnöttinn og setjast að í landi sem maður veit ekkert um. „Auðvitað er þetta rosalega erfitt. Hér er allt öðruvísi en ég er vön og þessar litlu hugmyndir sem ég þó hafði um landið reyndust fjarri raunveruleikanum. Hér er allt öðruvísi en ég gerði mér í hugarlund og miklu betra."

Hverri palestínskri fjölskyldu til stuðnings eru þrjár stuðningsfjölskyldur á Akranesi. Lena segir að sá stuðningur hafi verið ómetanlegur. „Það hafa allir verið rosalega góðir við okkur og viljað allt fyrir okkur gera. Stuðningsfjölskyldurnar eru frábærar og hafa aðstoðað okkur í hvívetna. Þær hafa gert okkur komuna hingað mun auðveldari."

> Mig dreymir um að verða hluti af samfélaginu sem hér er, búa mér heimili og verða Akurnesingur.

Aðspurð hvort ekki sé erfitt að hleypa ókunnugu fólki inn á heimili sitt segir hún að auðvitað geti það verið það. „Það er hins vegar bara eitthvað sem við verðum að gera til að læra á lífið hér. Það hefur gengið ljómandi vel og allir verið okkur góðir."

Fjölskyldurnar átta sem komu á Skagann njóta líka stuðnings hver af annarri.

Ólíkt umhverfi

Sjávarplássið Akranes býður upp á ólíkt umhverfi en byggðir, að ekki sé talað um flóttamannabúðir, í Írak. Allt er nýtt fyrir fjölskyldunni; náttúran, húsakosturinn, fólkið, málið, umferðin og búðirnar og það sem í þeim er. Og auðvitað veðrið.

„Við erum sí og æ spurð út í veðrið hérna, Íslendingar virðast tala mikið um það. Veðrið sem er núna er bara svipað því vetrarveðri sem við þekkjum.

En það er margt nýtt hér og fjöldi hluta sem við verðum að læra upp á nýtt. Hér er allt annað vöruúrval en ég á að venjast í búðunum. Ég fæ kannski um helming af þeim vörum sem ég er vön, en á móti kemur að ég fæ fullt af vörum sem ég þekkti ekkert til. Þetta lærist eins og annað. Við erum til dæmis búin að fá fisk hérna og hann var alveg rosalega góður."

Komnir í boltann

Þeir Abdullah og Mohammad eru spenntir yfir öllum þeim nýju hlutum sem fyrir augun ber. Þegar blaðamann bar að garði voru þeir á leið á fyrstu fótboltaæfinguna, ásamt þeim Ala´a og Mustafa, sem einnig komu sem flóttamenn á Skagann. Allir spiluðu þeir fótbolta í Írak og hver veit nema þarna séu framtíðarstjörnur ÍA í boltanum á ferð.

Þá voru krakkarnir búnir að fara niður að sjó og leika sér í fjörunni og fannst mikið til koma. Síðan var meiningin að fara út að hjóla með einni stuðningsfjölskyldunni.

Erfitt á kvöldin

Foreldrar Lenu og fjöldi ættingja urðu eftir í flóttamannabúðunum. Hún segist hafa haft færi á að heyra í þeim og þau hafi verið himinlifandi yfir að allt hefði gengið vel og þau væru komin á áfangastað.

En þó að margt sé spennandi að sjá á nýjum stað þá hafa breytingarnar verið erfiðar. „Það er vissulega meira en að segja það fyrir börnin að skipta svona um umhverfi. Þetta er allt í lagi á daginn, þá leika þau sér úti og eru spennt yfir öllum nýjungunum.

Við erum hins vegar vön því að stórfjölskyldan hittist á kvöldin og eigi sameiginlega stund og borði saman. Þegar kvöldar hér á Akranesi finna þau betur hve þau eru ein hér og að þau eiga ættingja óralangt í burtu sem þau sakna. Það getur oft verið þeim ansi erfitt."

Verðum Akurnesingar

Krakkarnir hefja nám í skólanum eftir rúma viku og Lena sjálf í næsta mánuði. Hún segist ákveðin í að læra tungumálið, þó það sé erfitt, og er meira að segja búin að læra eitt orð. „Já, ég kann að segja „bless", það er eina orðið," segir hún og hlær.

„Okkur aröbum reynist oft erfitt að læra nýtt tungumál og íslenskan er ekki auðveld. Ég er samt staðráðin í að læra tungumálið.

Mig dreymir um að verða hluti af samfélaginu sem hér er, búa mér heimili og verða Akurnesingur. Ég hef búið í Írak allt mitt líf og þar af síðustu tvö árin við skelfilegar aðstæður í flóttamannabúðum. Núna er Ísland mitt land."

Á LEIÐ Í BOLTANN Þeir Abdullah og Mohammed hlökkuðu til fyrstu fótboltaæfingarinnar. Ala´a og Mustafa, sem einnig eru flóttamenn, ætluðu með.

Þrjár lausnir fyrir flóttafólk

Almennt er horft til þriggja lausna fyrir flóttafólk:

1. Að það snúi til baka til upprunalands þegar það er óhætt.
2. Að það aðlagist og festi rætur í hælislandi.
3. Að það flytjist til búsetu í svokölluðu þriðja landi.

Til þriðja möguleikans (e. resettlement) er ekki gripið nema hinir tveir þyki ófærir. Ísland er eitt þeirra landa sem hafa tekið við hópi flóttafólks úr þeim flokki. Flóttafólkið á Akranesi er úr þessum flokki.

ÆVINTÝRI og afþreying af ýmsu tagi, leikir og skemmtun, hópeflisferðir og ferðir erlendis eru brot af því sem Eskimos býður upp á. Fyrirtækið hefur umsjón og skipulag með ferðum og verkefnum erlendis fyrir hópa. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.eskimos.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Rýmingarsala á hitaveituskeljum

Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík • Sími 554 7755
www.heitirpottar.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerru-smíða

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Ingvi Reynir tók Ural Ranger-hjólið fram yfir smábílinn og kveðst stundum skutla dætrum sínum á því í skólann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sá oft svona hjól í bíómyndum sem barn

Mótorhjólið sem Ingvi Reynir Berndsen ekur á til vinnu er framleitt í Rússlandi og heitir Ural Ranger, eftir hinum fræga Úralfjallgarði sem margir muna eftir úr landafræðinni.

„Mig hefur alltaf langað í svona hjól og ákvað að láta það eftir mér. Fannst það betra en að vera á Toyota Yaris," segir Ingvi Reynir Berndsen glaðlega þegar forvitnast er um aðalfarartækið hans. Hann kveðst hafa keypt það af strák fyrir norðan sem hafi flutt það inn. „Ég sá oft svona hjól í bíómyndum sem barn en vissi ekki að það væri hægt að kaupa þau. Rússar fóru að framleiða þessi hjól fyrir miðja síðustu öld og eru enn að. Mitt er skráð 2005," segir hann.

Ural Ranger-hjólið hans Ingva Reynis er 750 kúbika og tveggja cilindra með skálabremsum. „Það þýðir að bremsukrafturinn er minni en með diskabremsu. En árgerð 2007 er komin með diskabremsu að framan," útskýrir Ingvi Reynir og bætir við þeim fróðleik að hjólið sé með blöndungi og eyði um 8 lítrum á hundraði. Spurður hvort hann geti verið á því í vetur svarar hann: „Já, já, það er hægt að fá nagladekk á það. Svo er drif á hliðarvagninum sem ég get sett á en læsingin er 100 prósent svo það er ekki gott að keyra hjólið þannig."

Kraftmikið? „Maður kemur því svona í 120 kílómetra hraða en 90 til 100 er alveg nóg fyrir það. Samt er gaman að leika sér á því en getur verið erfitt að keyra það í roki. Það tekur svo mikið veður á sig."

gun@frettabladid.is

;ALLT NÁM
Alla þriðjudaga

FERÐIR

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS, í Borgarnesi, er tilvalið fyrir þá sem vilja fræðast um landnám og ævi Egils Skallagrímssonar eða skella sér á leiksýningu. Þar eru nú tvær leiksýningar í gangi, Mr. Skallagrímsson eftir Benedikt Erlingsson og Brák eftir Brynhildi Guðjónsdóttur.

Markmið ferðarinnar var í og með að hrista saman hópinn sem er úr ólíkum áttum svo sem frá New York, Hong Kong og Íslandi. MYND/ TRAIAN C. LEU

Gamla síldarbræðslan á Hesteyri var skoðuð og róið um á kajökum í logn-værri víkinni. MYND/ TRAIAN C. LEU

Siglt á Auroru um ægifagurt Ísafjarðar-djúp. MYND/BJARNI GUÐMUNDSSON

Svifið seglum þöndum

Nemar í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða fóru ásamt kennurum í þriggja daga siglingu á 60 feta seglskútu um Ísafjarðardjúp með landnýtingu og sérkenni náttúrufars í huga.

„Þetta var mjög lærdómsrík ferð. Bækur með í för og fjallað um haffræði, líffræði, vistkerfi og kvótakerfi á leiðinni," segir Sigríður Ólafsdóttir, fagstjóri og kennari við Háskólasetur Vestfjarða, um siglingu sem hún fór í með tíu nemendum sínum nú í vikunni.

Farkosturinn var skúta frá ferðaskrifstofunni Borea Adventure. Sigríður var mynstruð sem 1. stýrimaður og skipstjórinn, Sigurður Jónsson, sem er Vestfirðingur í húð og hár, hafði margar sögur að segja frá landi og þjóð, að hennar sögn.

Lagt var af stað um hádegisbil á mánudag, siglt til Vigur þar sem sest var að hlöðnu kaffiborði og síðan gengið um eyjuna með leiðsögn. „Svo var farið í land og varpað akkeri við Folafót og ber tínd í eftirréttinn eins og vera ber. Skipstjórinn er frábær kokkur. Það voru ótrúlegar veitingar sem hann gat framreitt úr sínu litla eldhúsi," lýsir Sigríður.

Eftir gistingu um borð var haldið út Ísafjarðardjúp, út í Jökulfirði og inn á Hesteyri. Kajakar voru um borð í skútunni svo hægt var að róa á þeim á eigin vegum og kanna svæðið.

Síðasta daginn var siglt til baka til Ísafjarðar. „Veðrið var yndislegt," segir Sigríður. „Við höfðum séð fyrir okkur barning úti á rúmsjó en vorum svo bara á stuttermabolum í rjómablíðu og komum hálf sólbrennd heim."

gun@frettabladid.is

BRAUTIN.IS er vefur um ábyrgð og öryggi í umferðinni, sem Brautin – bindindisfélag ökumanna – heldur úti. Á vefsíðunni er meðal annars að finna upplýsingar um ökuleikni, sem félagið hefur staðið fyrir síðastliðin 20 ár, tengla á fróðlegur síður, fréttir og sitthvað fleira.

;BÍLAR

Mini Crossover er jepplingur með gott rými og nýja tegund fjórhjóladrifs.

Meiri háttar knár

MARGUR ER KNÁR ÞÓTT HANN SÉ SMÁR. ÞAÐ SÝNIR NÝI JEPPLINGURINN MINI CROSSOVER.

Bílaframleiðandinn Mini hefur tekið umbúðir utan af nýjum Crossover, nokkrum vikum fyrir frumsýningu bílsins í París.

Crossover er jepplingur sem í fyrstu svipar mjög til Mini Clubman, en er með nýju fjórhjóladrifskerfi og auknu rými sem gerir bílinn hentugri til aksturs utan alfaraleiðar.

Ljósabúnaður Crossover nær út á hliðar, andlitið hefur mjúkar línur, ýmis jeppaleg smáatriði eru til staðar og á hægri hlið bílsins eru tvær hefðbundnar hurðir en á þeirri vinstri stök rennihurð.

Innanstokks er einstökum stíl Mini viðhaldið, þótt mælaborðið sé minna í sniðum en áður, þökk sé sameinuðum stjórnbúnaði í miðlægum hnetti sem kallast Mini Centre Globe og má nota í gegnum búnað í stýri.

Mini Crossover kemur fyrir almenningssjónir í París í október.

Hummer selst illa

SALA NÝRRA BÍLA Í BANDARÍKJUNUM VAR 15 PRÓSENTUM MINNI Í ÁGÚSTMÁNUÐI EN Á SAMA TÍMA Í FYRRA OG VAR SAMDRÁTTURINN MESTUR Í SÖLU Á STÓRUM JEPPUM.

Hjá General Motors gekk verst að selja Hummer en salan dróst saman um 46 prósent á milli ára, að því er fram kemur á heimasíðu FÍB www.fib.is., Vörumerkið og framleiðslan eru nú til sölu en kaupandi hefur ekki fundist.

Þó gætir ánægju með það hjá framleiðandanum að umtalsverð aukning varð í sölu á Chevrolet.

Jón Ágúst Stefánsson man tímana tvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gerólíkur bransi

Jón Ágúst Stefánsson segir hjólbarðabransann gjörbreyttan.

„Bylting hefur orðið í bransanum síðan Tékkneska bifreiðaumboðið var og hét," segir Jón sem er sölustjóri hjá Sólningu og hefur verið í bransanum í um þrjátíu ár. „Viðgerðir á hjólbörðum heyra næstum sögunni til. Þegar ég vann í varahlutaverslun Tékkneska bifreiðaumboðsins, sem varð Jöfur, hófst þar innflutningur á hjólbörðum. Þá hafði radialdekkja-byltingin svokallaða ekki hafið innreið sína."

Að hans sögn söfnuðust vikulega upp heilu hrúgurnar af dekkjum og menn gerðu stundum við 20 til 30 dekk á dag. „Menn ráku verkstæði um allan bæ og gerðu við bílana utandyra. Þeir áttu við hvern bíl í um klukkutíma, enda tækjabúnaður bágborinn í samanburði við þann í dag. Nú höfum við fá en vel útbúin verkstæði og vinnan tekur mun styttri tíma. Kúnninn ekur inn á upphitað verkstæði og fær sér kaffi á meðan gert er við dekkin."

Jón segir menn helst eiga erindi á verkstæði þegar skipta á út sumar- eða vetradekkjum. „Dekkin eru orðin það góð og úrvalið af hjólbörðum gríðarlegt. Áður fyrr fengust sumar- og vetrardekk í sex til átta stærðum. Nú skipta stærðir og gerðir hundruðum. Og hver gerð fyrir sig er síðan framleidd fyrir mismunandi aðstæður. Svo eru vegirnir betri." *- vg*

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 17. september

LÆKKAÐ VERÐ Á SÝNINGARBÍLUM

Iveco Daily 12 m³ sendibíll

- 136 hestöfl
- Rafskipting
- Tímastillt olíumiðstöð
- Rennihurðar á báðum hliðum
- 270° opnun að aftan
- Rafdrifnar rúður

Verð án vsk 4,380,000
verð m.vsk. 5,453,100
Verðlækkun 747.000.-

Iveco Daily 15 m³ sendibíll

- 176 hestöfl
- 6 þrepa beinskipting
- Tímastillt olíumiðstöð
- Rennihurðar á báðum hliðum
- 270° opnun að aftan
- Rafdrifnar rúður
- Bakkmyndavél

Verð án vsk 4,150,000
verð m.vsk.5,166,750
Verðlækkun 967,200.-

Iveco Daily 7 manna vinnuflokkabíll 3,5 t.

- 146 hestöfl
- 6 þrepa beinskipting
- Tímastillt olíumiðstöð
- Lágbyggður fastur pallur stærð 3460 x 2140 mm
- Rafstýrðir upphitaðir speglar
- Dráttargeta 3500 kg.

Verð án vsk 3,490,000
verð m.vsk. 4,345,050
Verðlækkun 1.842.600.-

Iveco Daily 7 manna vinnuflokkabíll 3,5 t.

- 146 hestöfl, 6 þrepa beinskipting
- Tímastillt olíumiðstöð
- Þriggja átta sturtupallur stærð 3000 x 2000 mm
- Rafstýrðir upphitaðir speglar
- Driflæsing
- Dráttargeta 3500 kg.

Verð án vsk 4,588,940
verð m.vsk. 5,713,320
Verðlækkun 778.987.-

Iveco Daily 7 manna vinnuflokkabíll 6,5 t.

- 176 hestöfl
- 6 þrepa beinskipting
- Tímastillt olíumiðstöð
- Þriggja átta sturtupallur stærð 3000 x 2000 mm
- Rafstýrðir upphitaðir speglar
- Driflæsing
- Dráttarbeisli
- Dráttargeta 3500 kg.
- Burðageta 3140 kg

Verð án vsk 4,975,000
verð m.vsk. 6,193,875
Verðlækkun 774.390.-

Iveco Daily Tourys 19 farþega rúta

- 176 hestöfl
- Rafskipting
- Loftfjöðrun að aftan
- Tvískipt tímastillt olíumiðstöð
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum

Verð án vsk 6,950,000
verð m. 8,17% vsk 7,517,815
Verðlækkun 2.211.860.-

Iveco Trakker 4ja öxla verktakabíll

- 13. ltr. 450 hestafla mótor
- Rafskipting
- Loftpúða fjöðrun að aftan
- Tímastillt olíumiðstöð
- Lágt kojuhús m. kæliskáp
- Hálftunnupallur

VÉLAVER
www.velaver.is

Verð án vsk 15,650,000
verð m.vsk.19,484,250
Verðlækkun 2.653.095.-

Verð m.v. gengi DKK 17,00.

Krókhálsi 16, Reykjavík • sími 588 2600

TÍSKA

TÍSKUTÍMARITIÐ VOGUE útnefnir í hverri viku tíu best klæddu konurnar og biritst listinn á vefsíðunni www.vogue.com. Bianca Brandolini, Tilda Swinton, Michelle Obama, Natalia Vodianova, Diane Kruger verma fimm efstu sætin að þessu sinni. Um þessar konur má lesa frekar á heimasíðunni.

Sitja á sér í verðhækkunum

Body Shop á Íslandi býður upp á mun lægra verðlag en þekkist hjá keðjunni víða erlendis. Forsvarsmenn verslunarinnar ætla að reyna að þreyja þorrann eins lengi og kostur er.

Erlendir ferðamenn sem og íslenskir viðskiptavinir Body Shop á Íslandi hafa margir uppgötvað að vöruverð hefur að undanförnu verið lægra en hjá keðjunni víða erlendis.

Oddur Pétursson, eigandi Body Shop á Íslandi, hefur skýringu á því: „Við höfum setið mjög mikið á okkur í verðhækkunum og ekki hækkað nema um tíu prósent á meðan við ættum að hækka umtalsvert meira til að halda í verðþróun. Við erum að lækka álagninguna og taka á okkur skellinn," segir Oddur, sem telur menn bíta í hælana á sér með að hækka verð upp úr öllu valdi.

Hann segir flestöll evrulöndin með svipað verð og nefnir sem dæmi Spán, Ítalíu og Holland. „Síðan eru Norðurlöndin með mjög mismunandi verð en Bretland hefur fram að þessu verið með lægsta verðið enda keðjan upprunnin þaðan. Nú erum við þó komin í forystu," segir Oddur og nefnir nokkur verðdæmi: „Body Butter-líkamsáburður kostar í dag 1.690 krónur á Íslandi, 1.844 krónur á Englandi, 2.006 krónur á Spáni og 2.529 krónur í Danmörku. Þá kostar Bronzing Powder 1.560 krónur á Íslandi, 1.844 krónur á Englandi, 2.006 krónur á Spáni og 2.107 krónur í Danmörku.

Oddur Pétursson, eigandi Body Shop, hefur ekki viljað hækka verð upp úr öllu valdi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Oddur segist vonast til að geta haldið verðlaginu niðri enn um skeið og bindur vonir við að gengið styrkist eitthvað á fyrri hluta næsta árs. „Við ætlum að reyna að þreyja þorrann þangað til."

vera@frettabladid.is

Body Butter líkamsáburður, sem er mjög vinsæll, er helmingi ódýrari á Íslandi en í Danmörku.

Bronzing Powder og All in one Face Bace er umtalsvert ódýrara á Íslandi en til dæmis á Spáni, Englandi og í Danmörku.

ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
COSMO
Kringlunni

Clarks
Shoes designed for living

Laugavegur 65 | 101 Reykjavík | Sími 511 6360 | www.clarks.com

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn

Tilboð 1990 þús.
Möguleiki á 100% láni. Allt að 100% lán í boði. JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4 NÝJA LAGIÐ. Árgerð 2005, ekinn 97 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Bílabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Ásett verð 2490.

Tilboð 1990 þús!
Möguleiki á 100% láni. Allt að 100% lán í boði. KIA SPORTAGE. Árgerð 2005, ekinn 84 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Bílabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Ásett verð 2720.

Tilboð 2.090.000.-
Möguleiki á 100% láni. Allt að 100% lán í boði. KIA SPORTAGE KM. Árgerð 2006, ekinn 54 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 2.090.000. Bílabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Ásett verð 2770.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

MAZDA 6 7/'06 ssk. ekinn 40 þús. Grár og álfelgur. Verð 2250 þ.

M.BENZ C230K SPORT árg. 2003 ekinn 73 þús. D.blár, ssk., leður, topplúga og álfelgur. Þjónustaður í Öskju. Verð 2590 þ.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is

ISUZU TROOPER 3.0 Árg.'00. Sjálfsk. Dísel 100% þjónustubók. Ekinn 118þ km. Verð 990.000.-

Nissan Maxima QX Árgerð 1997. Ekinn 220 þ. Verð 175.000.- S. 663 0018.

Nissan Micra Árg.'04. Ek. 100 þ. Listaverð 1.100.000,-/Tilboð 690,000,- Fæst á yfirtöku bílasamnings og 90þ. út.

MITSUBISHI PAJERO LANGUR Árg.'99. Ek. 175þ. km. Ásett 990,000,- Fæst á Góðu Staðgreiðsluverði ?? S. 663 0018.

Nissan Almera 1,6 SLX AT Árg. 1998. Ekinn 150 þ km Ásett 190.000.- S. 663 0018.

Renault Master Árgerð 1998 Ekinn 290 þ km. Verð 390.000.- S. 663 0018.

HYUNDAI SANTA FE II Árgerð 2007 Ekinn 18 þ. km Áhvílandi 3.500.000.- Ásett verð 4.500.000.-

RENAULT TRAFIC VAN LANGUR Árgerð 2003. Ek. 133 þ. km Áhvílandi bílasamningur Avant Kr 1050.000.- Ásett 1.290.000.- S. 663 0018.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

TOYOTA SELFOSSI

M. Benz E430 4MATIC (134336) 2/2004, bensín, ssk., ekinn 67 þús. km, leður, sóllúga, rafmagn í öllu, ofl. Allur nýyfirfarinn og fínn. Ásett verð 3.490 þús. Skipti skoðuð.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

100 bílar bílasala 100bilar.is

MAZDA SPEED 3, árg. 2007, ek. 14þús. km, 274 hö, bsk., 6 gíra, topplúga, rafmagn, aðeins breyttur, omfl. Ásett verð 3950þús.kr, fæst á 150þús.+yfirtöku!!!!

M. BENZ S500L, Árg.1999 ek. 141 þús. km. Allt rafdrifið, topplúga, leður, TV, Xenon omfl. Fallegur bíll með öllu!!! Ásett verð 3290þús.kr

M. BENZ GL 320CDI, árg. 2007, ek. 13þús.km, sjálfsk., leður, lúga. Fallegur bíl og einn með gjörsamlega öllu!!! Ásett verð 9500þús.kr!!!

Glæsilegasta fellihýsi sem völ er á! FLEETWOOD HIGHLANDER AVALON 16 FET '08, sólarsella, WC, sturta, svefnsófi, frystihólf, ísskápur, eldavél, heitt vatn, loftpúðar. Verð 2990þús.kr

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Smart 7.7.99.58000 km. 560.000. Einnig varahlutir í Smart. Econline '93 4x4 38 „dekk fullt af aukahl. fylgir. S. 896 0885.

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!
Fólksbílar
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com:

HYBRID REYNSLUAKSTUR
TOYOTA CAMRY
192HP - 5,5L/100KM!
PRUFAÐU Í DAG
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com:

Toyota Avensis árg. '02 ek. 106 þ. ssk. Góður bíll. Vel þjónustaður. Listaverð. 1,050 Tilboð. athuga skipti á fjórhjóli S. 660 0108.

Audi A4 1,8t. '00 ek. 93þ. Bíll í sérfl. mikið br. S.s. bremsur, fjöðrun ofl. ofl. Nýjar Dotz, 18" álf.+ dekk. V.tilb. ásett 1750þ. ATH ÖLL skipti. Uppl. í s. 660 0108.

Ford Focus árg. '00. Ek. 135 þ. Ssk. Skoða öll skipti. Fæst ódýrt stgr. S. 899 3621.

Citroen C3 árg '06 Fæst gegn yfirtöku, erlent lán að upphæð 900 þús, afb. 18 þús á mán. 3 stk til sölu Uppl. í s. 663 9545

Toyota Previa 7 manna ssk. árg. '06 ek. 21 þ.km. Dráttarbeisli, filmur, álfel. & vetrard. Bein sala, verð 3.400 þ. S. 696 1111.

Toyota Yaris ek. 19 þ. árg. '07. Lán. 1520 þ. V. 1,9 millj. S. 696 0904.

Chevrolet Lacetti CDX/D '08 ek. 2þ.km. Verð 2000þ. Yfirtaka láns. S. 868 2874.

95% lán
Vegna brottfluttninga af landinu þá fæst gullmolinn minn með 35% yfirtöku. Peugeot 307 árg. '05 ek. 60þ. Bsk., rafm. í rúðum, hiti í sætum, loftkæling ofl. Uppl. í s. 848 4974.

Fæst m. yfirt. á láni
Land Cruiser 120GX 01/02/'08, ek. 5.900 þ. m. sóllúgu, heilsársdekk, filmur, dráttarbeisli, vindskeið, Ipod tengi og motta í skott. Mán.gr. ca. 90 þ., yen og franki 4,9%. S. 897 7200.

Ford Fiesta árg. '99. Ek. aðeins 83 þ. Bsk. Nýsk. Ný tímareim. Mjög gott eintak. S. 896 3044.

Til sölu VW Passat árg. '02 ssk., verð 920þ. Einnig til sölu VW Passat árg. '99-'00, verð 530þ. S. 857 0704.

Landrover Discovery árg. '05. Ssk. mjög vel útbúinn. K. 40 þ.m. Tilboðsv. 3,8 millj. S. 899 8605.

Dodge Magnum '07, 22" felgur, spoiler, xenon ofl. skipti ath. Uppl. í s. 699 0735.

Skoda TDI árg. '05, Ford Econline árg. '91 14 farþ. Opel Record Caravan árg. '66. S. 893 1050.

Subaru Legacy árg. 12/'05. Ek. 24 þ.km. Ssk. Álfelgur ofl. Tilboð óskast. S. 860 6186.

Frábær kaup. Til sölu sparneytinn og vistvænn Toyota Aygo árgerð '07, ek. aðeins 8 þ. 90 þ. útb. og yfirtaka á láni afborgun 29 þ. pr.mán. Uppl. í s. 661 7820.

Legacy árg. '97 ek. 120þ. Nýsk., dárttarkúla og smurbók. Bíll í sérflokki. Verð 350þ. Uppl. í s. 893 2284.

VW Polo árg. '00. Ek.119 þ. Ný tímareim. Nýsk. Ásett verð 450 þ. Uppl. í s. 659 3459.

Peugot 306 árg. '98. Ek. 149 þ. Þarfnast smá viðgerðar. Verð 170 þ. Uppl. í s 659 3459.

M. Benz C55 AMG V8 '05 ek. 86 þús. 367 hp/510nm 0-100 á 5 sek. Stgr.Tilb. yfirt. (ca.5m). ath. skipti á ód. Uppl. í s. 770 7255.

Dodge Ram 1500 árg.'96. Skoðaður '09 , ekinn 163 þ.km .ATH Öll skipti. S. 897 2928.

Bíll til sölu

Sendiráðsbíll til sölu — **Mercedes - Benz E280 Cdi 4matic Elegence**

Árg. '07, ek. 15.900 km. Ssk. 4x4, diesel, vetrardekk. Tilboð óskast að lágmarki **4.990 þús. stgr.** Tilboð berist í lokuðu umslagi til Þýska sendiráðsins Laufásvegi 31, 101 Rvk. Fyrir kl. 12 á hádegi 25. sept. 2008.

Uppl. hjá þýska sendiráðinu s. 530 1100.

100bílar.is bílasala
Funahöfða 1, 110 Rvk.
S. 517 9999 • www.100bilar.is

AUDI A4 1,8T S-line, árg12/2005, ek. 51þús.km, Sjálfsk, leður, Topplúga, 17" felgur omfl. Glæsilegur bíll!!! **Ásett 4100þús.kr, Tilboð 3590þús.kr.,** 100% fjármögnun fáanleg!!!

Jeep Compass 4x4, árg. 2007, ek.15þús.km, Sjálfsk, rafm. Rúður og speglar, cd, cruise,hiti í sætum, sparneytinn ofl.!! **Tilboð 1990þús.kr,** 100% fjármögnun fáanleg!!!

TOYOTA LAND CRUISER 90, árg.7/2002, ek.128þús.km, 35"breyttur, Diesel, beinsk, stigbretti, Fallegur bíll!! **Ásett verð 2380þús.kr,** 100%fjármögnun fáanleg!!!

MMC PAJERO GLS 35",árg.02/2004, ek.91þús.km, sjálfsk, leður, lúga, stigbretti, Einn með öllu!!! **Ásett verð 3990þús.kr,** 100%fjármögnun fáanleg!!!

MAZDA 6 SPEED, árg.2006,ek. 8þús. km, 274 hö, 6 gíra bsk, álfelgur, cruise, hiti í sætum omfl., Flottur og lítið ekinn bíll!! **Tilboð 2990þús.kr,** 100%fjármögnun fáanleg!!!

FORD MUSTANG GTV8, árg. 1966, Rauður að utan og innan, leður, sjálfsk, Einn flottur í dótakassann!!! **Ásett verð 1990 þús.kr.!!!**

KIA GRAND SPORTAGE WAGON, árg. 06/2002, ek. 83þús.km, beinsk, rafm. Rúður og speglar, dráttarbeisli ofl. **Ásett verð 550 þús.kr!!**

TOYOTA Rav4 4WD, 1/2005, Ek. 66þús.km, Beinsk, rafm.rúður og speglar, Dráttarbeisli, álfelgur ofl. **Ásett verð 2450þús.kr, ákv. 1800þús.kr!!!**

Yamaha TTR125LW, 7/2005, Lítur vel út, Lítið notað hjól á góðu verði!! **Ásett verð 290þús.kr!!!**

FULLT PLAN AF FLOTTUM BÍLUM.

Til sölu Toyota Corolla Touring 4WD, árg. 1996, ekinn ca. 170 þús., nýskoðaður og mjög góður bíll. Verð 330.000,- bíllinn er á Húsavík. Uppl. í síma 865 5298 Magnús.

Octavia Tdi. 4x4 árg. '07 ek. 60 þ. fæst gegn yfirt. á láni. Afb. 49 þ. á mán. S. 660 2816.

Corolla '98 1,6L ssk., ek.113þ. Ný tímar., sk. '09, góð dekk, vetrard. á felg. og dráttkúla. V 330 þ. S. 892 5566.

Isuzu rodeo árg. '95. Ek. 127 þ. mílur. 4x4 V6 3,2, bsk, hraðafestir, loftkæling, dráttardeisli. Sk. '09. Í góðu lagi. 4st nelgt BF Goodrich 32"x 11,5 á álfelgum fylgja. Skoða öll skipti. Tilboð óskast. S. 892 1120.

KIA Sportage 4x4, 18.11.05, 2000 diesel, ssk., ek. 73þ. Silfurlit. Fallegur bíll. Ath skipti á ódýrari. V. 2.650þ. S. 861 6578.

Tilboðsverð 990þ.!!!!!!! Renault Magane II Berline 01/'04. Ek. 57 þús. km. 4. dyra. Bsk. Álfelgur. Ásett verð 1190 þ. áhv. 700 þ. Afb. 29 þ. per mán. Vetrar- og sumardekk. Skipti hugsanleg. S. 895 8956.

Til sölu Toyota Avensis station ek. 47 þ. Verð 2450 þ. Fæst á yfirtöku. S. 699 4851.

Til sölu m/yfirt. toppeintak af OPC árg . 2007 ek. 20 þús. Uppl. í s. 892 1524.

Honda Civic 1,4. árg. '98. Sparneytinn í skólann. Tilboð 235.000.- S. 694 8140.

MMC L300 árg. '93 2x4 bensín. Ek. 128þ.km nýsk. Hækkanlegur toppur, fortjald, 2 hólfa gaseldavél og gasofn, vaskur og kalt vatn. Verð 580 þ. Bein sala. S. 464 3638 milli kl. 12-13, Ívar.

TOYOTA HILUX 3.0 DISEL turbo intercooler, árg. 08.07, ekinn 17þ, 17" álfelgur, hús heitklæðning í palli, filmur, gluggahlífar, húddhlíf. Ásett hjá Toyota 4,2 tilboð óskast. Uppl. í síma 891 6769

Renault Traffic langur ekinn 69 þ. km sk. '09 sumar-og vetrardekk, v. 1520 þ. m vsk áhv. lán 690 þ. greiðslubyrði á mánuði ca 26 þ. Skipti möguleg á ódýrari t.d Citroen berlingo s. 863 0388 & 695 6100.

700.000.- í afslátt af Toyota!

Toyota Rav 4 GX 4x4. Nýja lagið. Sjálfskipt. Álfelgur. Nýskráður 11.2006. Ekinn 44 þ. km. Steingrár. 1 eigandi. Dráttarkúla. Sílsarör. Filmur, ofl. Listaverð 3.650 þ. Fæst á 2.950 þ. stgr ! S. 663 2430.

Yaris árg. '05. Ek. 70 þ. V. 1,050 millj. + yfirtaka á láni, engin útborgun. Uppl. í s. 893 7370 og 820 7370.

Öflugur dráttarbíll til sölu. Tilbúinn í vinnu. Ford F 450 7,3 Power stroke árg. 1997. Verð 1.790 þús. Uppl. í síma 893 6404.

Volvo S80 '99. Ek. 164.000, samlitur, dráttarbk, magasín, leður, velþjónustaður, ný tímar. Sk. 09. Algert toppeintak; Skipti á ód. eða d. XC70. 1.290.000. S. 895 0329.

Þjónusta

MMC Pajero árg. '93 3L vél. Nýsk. í góðu standi. V. 190 þ. S. 616 9812.

Lúxusbíll.

Til sölu er Honda Legend árgerð 2000, ekin 83.000km. Er með öllum aukahlutum. Umboðsbifreið, einn eigandi, eins og ný. Kostar ný 7m. Söluverð 1.690þús. Ekkert áhvílandi. Toppbílar 587-2000

Til sölu Ford F 150 King Ranch árg. '06 ek. 65 þ. Fallegur og vel með farinn bíll með öllum þægindum. Webasto miðstöð, dráttarkúla, lok, leðursæti, topplúga, 2 dekkjagangar o.m.fl. Umboðsbíll frá Brimborg, einn eig. Ásett v. 3,8. Fæst stgr. á upptökuverði Brimborgar. Uppl. í s. 899 7262.

Sparibaukur

Toyota Aygo árg. '07 ek. 17 þús. Eyðir eins og saumavél og þú þarft ekki að borga í stöðumæli. Yfirtaka á láni 22 þús. á mán. Uppl. í s. 421 2261 & 866 4035.

VW GTI 2006. Ek. 20 þ. S. 845 1795.

Honda CRV árg. '99 ek. 145þús. Sjálfsk. VERÐTILBOÐ kr. 500.000. Uppl. í s. 840 2267, Óli.

Ford Transit árg. '99 ek. 120 þús. km. Selst ódýrt, tilboð. Þarfnast lagfæringar. S. 848 7075.

VW Golf árg. '00. 1800 vél. S. 690 5357.

Subaru Legacy árg. '96 2.0 bensín ssk. Sk. '09 ek. 211þ., silfur. V. 220þ. S. 848 5621.

Óska eftir Suzuki Sidekick/Vitara. Á verðbilinu 0-100 þ. S. 865 7118.

Nissan Patrol Elegance árg. 2005 ekinn 50000. Skipti á ódýrari. Uppl. í síma 898 0938.

Til sölu M.Pajero sport. Árg. '00. Lítur vel út. Bensín. V. 730 þ. S. 662 3146.

MMC Karisma árg. '98, ek. 130 þús., nýskoðaur. Í mjög góður standi. Uppl. í s. 847 7147.

Til sölu Honda Civic 1600 Vti '98, 4dyra. Verð 550 þ. Til sölu BMW 540 '97 þarfnast lagf. Verð 500 þ. S. 868 3069.

Grand Cherokee limited. árg.'99. Ek. 150 þ. km. Allur svartur. Útborgun 150 þ. eftirstöðvar láns 500 þ. Uppl. í s. 866 9747 & 587 5977.

Nissan Micra til sölu á ódýru verði. Uppl. í s. 694 4166.

Deawoo Matiz '00 ek. 108þ. Eyðslulítill, v. 150þ. stgr. Sk. '09 í toppst. S. 868 5090, Ási e. kl. 16.

MMC Lancer station 4x4. Ekin 175.000, vínr. Ný sumar og vetrard. Sk. 09. Fínasti bíll. Verð 300 þús. S. 895 0329.

0-250 þús.



MAZDA 323F nýskoðaður, ný smurður og yfirfarinn. Ný sumar og vetrardekk og nýjar álfelgur. V. 190 - 210 þ. Sími 898 3233.



1.4L Renault Megane. árg. '97 4dyra. V. 150 þús. Uppl. í s. 898 1378 & 858 2071.



GRAN CHEROKEE 4.0, innfl. 1998. Skoðaður 09. Ekinn 160þ.km. Vel með farinn og í topp standi. VERÐ 550þús. Uppl. í s. 899 5035.

Polo 1.4 '99 - ek. 114þús. - sjálfskiptur - nýskoðaður og í góðu lagi. Verð 190 þús. S. 867 0248.

ZODIAK Mark II GR Ásamt 50hp Mercury og Kerru 450.000.- S. 844 2232.

Ford Econoline 150 lux til sölu er með 4 capt. stólum bekk/rúm. Ásett verð 900.000. Tilboð óskast, ath skipti. Uppl. í s. 694 8080.

Til sölu lítið notað Linhai fjórhjól 260 cc árg. 2004 afturdrifið. Verð 250.000. Upplýsingar í síma 893 1153.

Hyundai Coupe '99 selst, ónýtur en ökufær, klesst farþega hlið. Uppl. í s. 868 9876.

Daewoo Lanos árg. '00 ek. 125þ., ný tímareim, skoðaður '09, sparneytinn bíll. Verð 170þús. S. 659 8238.

Renault Clio '97, keyrður 110 þús., nýskoðaður. Verð 60 þús. Uppl. í s. 896 2654.

Hyundai Accent árg. '95, sjálfsk. Sk. '09. Verð 130 þús. S. 898 2111.

WV Golf 1400 árg. '97 sk. 08/'09. Tekin í geng í fyrra. Lítur vel út. Eyðslugrannur. S. 865 4955.

250-499 þús.

Hyundai Accent gls 2002 ek. 75 þús., skoðaður '09. Verð 595 þús. TILBOÐ 400 þús. Magnús í s. 692 5851.

TILBOÐ 495 þ. Toyota Landcruiser VX80, árg. '92, 8manna, keyrður 530þ. Frábært eintak,vel við haldið. S. 771 1706 & 445 3938.

MMC Lancer árg. '00 ek. 168 þús. km. MMC Lancer sk. '09. Uppl. í s. 824 1314. V. 370 þ.

Rav4 '97 ek 195þ., til sölu. 5 dyra, beinsk., skoðaður '09. Verð 390.000. S. 869 4043.

Suzuki Vitara JLX-SE, árg. '98 ek.160 þús., 4x4, 1600cc, beinsk. Skoðaður maí '09, í fínu standi. 320 þús. S. 892 8627.

Suzuki Jimny, JLX, 1300, 3. dyra, Bensín, Beinskiptur. Ekinn: 132.000 km. Vel með farinn. Nýleg heilsársdekk. Verð: 340.000 kr. S. 821-6650

Til sölu VW Passat árg. '97 nýsk. ek. 186þ.km. Verð 350þ. Uppl. í s. 861 8458.

Viking fellihysi '99, með fortjaldi og fleira. Nánari upplýsingar í s. 664 8524.

Til sölu, Toyota Corolla, 1300 '98 árg. ek. 190 þús. Í toppstandi, verð: 300 þús. Uppl. í síma 846 3906.

Pajero árg. '97 ek. 270þús. Ásett verð 570þ. Tilboð 420þ. Allur upptekinn í endan 07'. Uppl. í s. 517 8401.

500-999 þús.

VW Golf Comfortline 1600, árg. '00. Ek. 130 þ. Ssk., blár, sumar-og nagladekk, nýjar bremsur, reyklaus bíll. V. 500 þ. Uppl í s. 865 5561.

Ford Focus '02 Nýsk. Ek. 55 þús. Nagladekk fylgja. Aðeins 2 eigendur. Áhv. 600 þ. V. 790 þ. S. 696 0404

MITSUBISHI L200 árgerð 2000. Ekinn 163 þ.km ásett verð 980 þús. Uppl. í síma 869 5985.

Benz 320E '94. ek 277þ. Ssk., leður, topplúga, 18" felgur, sumar og vetrardekk, rafmagn og hiti í sætum ofl. ofl. Tilboð óskast. Jónas í s. 865 1810.

Audi A6 2,8 Quattro, '97 190þ.km. Mjög vel búinn bíll. Aðeins 1 eigandi. V. 800þ. Nánari upplýsingar í s. 866 9924.

Kawasaki Vulcan 900 Custom árg. '07, ek. 4þús. Tilboð. S. 868 4302.

Chryser Town and Country árg. '00. Lisaverð 990 þ. Tilboð óskast. Gott ástand. S. 770 0534.

1-2 milljónir

Nissan Patrol árg. '93 ekinn 240.000 km. 44" breittur (ný dekk). Skriðgír og læsingar framan og aftan. Loftdæla, aukatankar, nýtt hedd og upptekinn millikassi og skriðgír. Öflugur og reyndur bíll. Upplýsingar í síma 864 0898.

Til sölu Volvo S80 2,0t, árgerð 01 ek. 91.000km, verð 1.750.000. Uppl. í s. 696 4368.

heimili & hönnun

LAUGARDAGUR 13. SEPTEMBER 2008

BÖRN

Hugmyndaflug og leikur

HÖNNUN

Með tímann um hálsinn

INNLIT

Frá Víetnam til Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ

Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ

Sími **695 6694** / **www. tomstundaskolinn.is**

- Fatasaumur
- Heimasíðugerð
- Zen hugleiðsla
- Spænska
- Sushi
- Nudd
- Desertar
- Ítalska
- Prjón
- Silfursmíði
- Perluskart – Hönnun
- Vínsmökkun
- Enska
- Tapas
- Kertagerð
- Stuttmyndagerð
- Stafræn myndvinnsla
- Íslenska fyrir útlendinga
- Stafræn ljósmyndun
- Tölvur fyrir byrjendur

Gerðu lífið litríkara ... þú finnur eitthvað fyrir þig

... skráðu þig strax

HEIMILISHALD
HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

Nýtt líf á nýjum stað

Hvað er heimili? Við þessari spurningu eru mörg svör og fjölbreytt en þó grunar mig að þau eigi ýmis atriði sameiginleg. Heimili er athvarf, þar sem við slökum á og sinnum daglegum þörfum. Fjölskyldan kemur þar saman og verður heimilið eins konar safn sem lýsir ævi okkar og persónuleika.

En hvað gerist þegar jörðinni er kippt undan fólki og það missir heimili sín? Hörmungar og stríð geta orðið til þess að fólk tapar á einni nóttu öllu því sem það hefur unnið fyrir um ævina. Við þekkjum mörg dæmi þess úr mannkynssögunni að fólk leggur á flótta og neyðist til að skilja eftir allt sem því er kært, hvort sem um er að ræða hluti eða fjölskyldu. Vissulega er hvað sárast að skilja við ástvini en það er líka áfall að missa heimilið sem er grundvöllur öryggis.

„Oft er sagt að heimilið sé þar sem hjartað slær og má það að mörgu leyti til sanns vegar færa. Hins vegar geta æðarnar legið víða.“

Á mínu heimili er gamalt píanó sem keypt var til Íslands eftir seinni heimsstyrjöldina. Gripurinn var hluti af heimili þýskrar fjölskyldu, og var þá þegar kominn til ára sinna, en eftir stríð geysaði mikil fátækt og hungursneyð í Þýskalandi og fólk neyddist til að selja eigur sínar. Enn fleiri hlutir fóru á flakk þegar heimilum var sundrað og eigendurnir týndu tölunni. Þegar ég leik á píanóið fer hugurinn að reika og ég velti fyrir mér hvaða sögu það hefur að geyma og hvaða rúnir eru ristar á fílabeinshúðaðar nóturnar og beinstrengda strengina. Hvaða draumar tengdust þessu hljóðfæri? Hvernig heimili prýddi það áður fyrr og hvað varð um eigendurna?

Nýverið tóku Akurnesingar á móti palestínskum flóttamönnum sem höfðu sumir búið í tjaldi í þrjú ár. Heimilum var splundrað og það sem eftir stóð var fólkið sem þurfti að tína saman brotin og byrja upp á nýtt. Ég horfði á viðtal við unga þriggja barna móður sem var ein af hælisleitendunum sem komu til Akraness og var áhrifamikið að hlýða á sögu hennar. Hún neyddist til að halda einhvern veginn áfram og búa börnum sínum heimili, þó svo það væri í tjaldi. Loks tók hún þá ákvörðun að koma alla leið til Íslands og þrátt fyrir að hún þyrfti að skilja við heimkynni sín og fjölskyldumeðlimi þá tók hún öryggi og framtíð barna sinna fram yfir allt annað.

Oft er sagt að heimilið sé þar sem hjartað slær og má það til sanns vegar færa. Hins vegar geta æðarnar legið víða. Þó svo fólk neyðist til að flýja heimkynni sín og hefja nýtt líf á nýjum stað þá verður alltaf hluti eftir á gamla staðnum og það ber að virða. Nútíð og framtíð eru hins vegar á nýjum stað sem verður smám saman að heimili. Forsenda þess er öryggi og að geta hafist handa við að byggja á ný sitt einkasafn.



● **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók mynd á heimili Halldórs Nguyen **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Hrefna Sigurjónsdóttir hrefna@frettabladid.is, Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Herbergisgangar sem þessi eru á mörgum heimilum og margir eru í vandræðum með að nýta rýmið. Nettir skápar með hillum gera ganginn notalegri auk þess em heilmikið geymslupláss myndast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gangurinn betur nýttur

● Hilluskápar sem Katrín Guðmundsdóttur hefur hannað kalla fram hámarksnýtingu í annars illa nýttu rými á svefnherbergisgangi.

Svefnherbergisgang er að finna á mörgum heimilum og virðist plássið þar oftast fara til spillis. Katrín Guðmundsdóttir innanhússarkitekt hefur fundið lausn á þeim vanda með hönnun á sérstökum hilluskáp fyrir skó, fatnað og fleira. Skápurinn gefur auk þess ganginum fallegan svip.

„Þetta eru hlutir sem oft eru geymdir innni í svefnherbergi og þar sem pláss er gjarnan af skornum skammti, og hafði ég til dæmis skúffur sem eru breiðar neðst í skápnum þar sem hægt að að geyma rúmfötin,“ segir Katrín. Hún hefur starfað í Hollandi til langs tíma og hefur margoft þurft að finna sniðugar lausnir í lítil rými því mörg af húsunum í Hollandi eru á fleiri en einni hæð og lítið flatarmál á hverri hæð.

„Það fylgir því alltaf mikil áskorun að ná sem bestri og jafnframt skemmtilegri nýtingu á litlu rými. Andstætt því sem ég kynntist í Bandaríkjunum, þar sem ég starfaði um tíma, en þar eru húsin mun stærri og hönnunin því allt önnur,“ segir Katrín.

Katrín Guðmundsdóttir innanhúsarkitekt hefur reynslu af því að hanna í lítil rými eftir að hafa starfað í Hollandi í nokkur ár.

Auk þess að hanna innréttingar í hús og íbúðir hefur Katrín gaman af því að hanna húsgögn og ljós. „Að undanförnu hefur ljósahönnun gripið athygli mína og hefur eitt og eitt ljósið komið fram í dagsbirtuna frá mér. Geri ég þetta aðallega mér til gamans enda lít ég á hönnun sem hugleiðslu til að njóta og hafa gaman af.“

- keþ

3,5 cm

HITACHI

Enn á ný brýtur Hitachi blað
í þróun og hönnun á skjám
og tekur forskot á keppinautana.

Hitachi Ultra Thin monitorinn er
sá þynnsti á markaðnum, aðeins
3,5 cm. Skjárinn er "37 LCD Full
HD (1920x1080 P) og vegur
aðeins 14,6 kg. 100 Hz tækni,
PICTURE MASTER myndtækni
og skerpa allt að 10000:1.

Hitachi Ultra Thin er stáss í
hverja stofu.

Hátækni

Ármúli 26 • Sími 522 3000
www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 81667

hönnun

● **BARNAHÖNNUN** Þessi litli stóll er ætlaður börnum frá fimm ára aldri. Borðplatan styður vel undir listamannshendur þeirra og undir sætinu er handhæg skúffa fyrir liti og annað smálegt. Litlir dundarar ættu því að geta setið í stólnum daglangt og framleitt tímamótaverk.

Arkitektinn Roberto Gil frá New York á heiðurinn að stólnum en hann er þekktur fyrir barnavörur sínar. Stóllinn fæst bæði í bláu og appelsínugulu og má skoða nánar á www.tinydodo.com.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Ameríkskir GE kæliskápar

GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir

GCE21MGTFBB
Stærð: h 176 x b 90,9 x d 60,7 sm
372 ltr. kælir og 180 ltr. frystir
Ískalt vatn og klakar ávallt í boði.
Svartur

General Electric

GE svartur kæliskápur verð frá kr.:
229.600

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

Leikvöllur hönnunar

● Á leikvelli hönnunar getur ýmislegt gerst. Hugmyndaflugið fer í heljarstökk og snú snú og er afraksturinn eftir því. Leikföng og húsgögn renna í eina sæng og þau húsgögn og munir sem hannaðir eru fyrir börn eru nákvæmlega ekkert fullorðinslegir. Leikur og gleði eru höfð að leiðarljósi, ásamt nýtni og öryggi. Við tíndum saman nokkra skemmtilega hluti.

1. Fjölnota borð. Borð, stóll, bekkur og hillur, allt í einum pakka. Þetta fjölnota húsgagn er frá Balouga og heitir Kazam. Sjá Balouga.com.

2. Ruggu-sebrahestur. Ruggu-hestar hafa verið til sem leikföng í fjölda ára, en á þessu ári fór fyrirtækið Micki að framleiða þennan rugguhest sem er örlítið frábrugðinn þeim hefðbundnu, því þetta er sebrahestur. Vörur frá Micki fást í BabySam.

3. Lítill og sætur. Barcelona-stóll. Húsgagnaframleiðendur keppast nú við að búa til litlar útgáfur af frægum stólum eins og þessum. Þetta er stóllinn Barcelona sem Mies van der Rohe hannaði. Barnastóllinn er meðal annars framleiddur í bláum og gulum lit.

4. Góður felustaður. Hægt er að skríða inn um munn Nidos og láta fara vel um sig, hvíla sig, eða lesa bók. Nido-hellirinn er framleiddur af Magis, en Epal selur vörur frá þeim.

5. Pappakassastóll. Þessi stóll er úr sterkum bylgjupappa og þolir vel notkun. Hægt er að leika með hann með því að breyta lögun hans. Hann kemur úr smiðju Foldschool sem framleiðir húsgögn úr pappa. Hugmyndafræði Foldschool snýst um að allir hafi efni á fallegri og góðri hönnun. Sjá foldschool.com

6. Víííííííí! Rennibraut hönnuð af Mexíkóanum Joel Escalona. Hann hefur hannað mikið af skemmtilegum munum fyrir börn. Rennibrautina smíðar hann bæði úr trefjaplasti og viði, eftir því hvort hún á að vera inni eða úti. Hönnun Joels er hægt að skoða á esjoel.com. -kep

ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú **94.900**

Electrolux
175 cm hár kæli- og frystiskápur
með sérlega vandaðri innréttingu.
- 223 lítra kælir og 110 lítra frystir
- **Flöskurekki**
- Glerhillur með kanti
- Kámfrítt stál
- HxBxD: 175x59,5x62 cm
- Verð áður kr **119.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **59.900**

ZANUSSI
159 cm hár kæli- og frystiskápur
með frysti að ofanverðu
- 220 lítra kælir og 50 lítra frystir
- Glerhillur
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 159x55x60 cm
- Verð áður kr **69.900**

appliance
Blástursofn
Fjölkerfa blástursofn með blæstri, litlu og stóru grilli ásamt undir- og yfirhita
- Tvöfalt gler í ofnhurð
- Orkuflokkur A
- Kámfrítt stál

Keramik helluborð
Með snertitökkum, barnalæsingu með glerkanti
- Auðvelt að þrífa
- Fljótvirkar hellur
- Verð samtals áður kr. 109.900

Electrolux
Blástursofn
Hluti af nýju Bright línunni. Afar vandaður sjálfhreinsandi ofn með mörgum eldunarkerfum
- Fjórfalt gler í ofnhurð - A orkuflokkur
- Katalískur sjálfhreinsibúnaður
- Snertitakkar, kjöthitamælir og Bright ljósrönd

Spansuðuhelluborð
Vandað spansuðuhelluborð með snertitökkum
- 2 Booster hraðhellur
- Klukka og barnalæsing
- Glerkantur

Verð samtals áður 264.800

12.-19. SEPTEMBER
VERÐFALL VIKUNNAR

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **74.900**

Electrolux
Afburða góð **1400 snúninga** hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- **Hraðval** á algengum þvottakerfum + öflugt handþvottakerfi
- Framstillt ræsing möguleg Skjár sem sýnir þvottatíma
- **Stórt hurðaop**
- Hljóðlát og lipur í notkun
- Verð áður kr **89.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **74.900**

Electrolux
Barkalaus þéttiþurrkari með **rakaskynjara**. Stoppar sjálfvirkt þegar þvotturinn er orðinn þurr
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
- **Krumpuvörn**
- Veltir til beggja átta
- Stórt hurðaop
- Einfalt og skýrt stjórnborð
- Verð áður kr **84.900**

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **84.900**

ZANUSSI A/A/A
Toppgerðin frá Zanussi. **1600 snúninga hraðþvottavél** með stafrænu stjórnborði og skjá
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- **Hraðval** á helstu kerfum
- A/A/A einkunn fyrir þvott/vindu/orku
- Mörg sérkerfi s.s. gallabuxnakerfi, ullarkerfi og hanþvottakerfi
- **Stórt hurðaop**
- Framstillt ræsing möguleg
- Verð áður kr 99.900

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **69.900**

Electrolux
Vel hljóðeinangruð uppþvottavél með **5 þvottakerfum** þ.á.m. hraðkerfi og **70°C erfiðiskerfi**
- Fuzzylogic þvottatækni
- Vönduð innréttting
- 5 þvottakerfi
- A/A/A einkunn
- HxBxD: 82-88x59,5x58 cm
- Verð áður kr **84.900**

ZANUSSI
Topp uppþvottavél í kámfríu stáli með **5 þvottakerfum** þ.á.m. 35 mín. hraðkerfi
- **3 hitastig**
- A-80 erfiðiskerfi
- Klukka sem sýnir tímalengd
- Framstillt ræsing möguleg
- A/A/A einkunn
- Verð áður kr **94.900**

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **79.900**

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **29.900**

appliance
Flottur vegghúfur með glerskyggni
- 870 rúmmetra sogafköst
- Halogen lýsing
- 3 hraðastillingar
- Verð áður kr **49.900**

Electrolux
Besta eldavélin frá Electrolux hlaðin þægindum og lúxus! Extra stór ofn!
- Fjölvirkur blástursofn með **9 eldunarkerfum**
- Stórt og lítið grill ásamt sérstöku **pizzakerfi**
- **Sjálfhreinsandi** ofn
- **Stækkanlegar hellur**
- Allar hellur **High Light hraðhellur**
- InSight gluggi og stór ofn
- Stór geymsluskúffa
- Sænsk framleiðsla
- Barnalæsing
- HxBxD: 82-91x59,5x60 cm
- Verð áður kr **149.900**

Rafha ehf.

Opið virka daga 9-18
laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Klukkan er perlufesti hengd á tannhjól.

Perlufestina úr klukkunni má einnig hengja um hálsinn og sýna þannig að maður stjórni tíma sínum .

Hrafninn eða „Raven“ eins og þessi snagi kallast, er kjörinn fyrir skartgripi.

Síbreytilegt heimili okkar líkist lifandi veru, þar sem vatnsrör og rafmagnsvírar þræða sig meðfram veggjum eins og taugar og æðar líkamans. Litirnir á ofninum Blush breytast eftir hitastigi.

MYND/ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR

Með tímann um hálsinn

● Þórunn Árnadóttir hönnuður er á leið til London með verk sín á sýninguna 100% futures design. Því næst heldur hún til Tallin og Helsinki.

Þórunni Árnadóttur hönnuði hefur verið boðin þátttaka í sýningunni 100% futures design í London helgina 18. til 21. september. Þessi sýning er viðbót við sýninguna 100% design sem þykir með merkari hönnunarsýningum. Á sýningunni verða verk eftir unga og upprennandi hönnuði sem vert er að fylgjast með. Ekki er nema ár liðið frá því að Þórunn útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands með próf í vöruhönnun, en útskriftarverkefni hennar vakti mikla athygli. Það var perlufesti sem hengd var á tannhjól og látin snúast og perlurnar féllu niður hver á eftir annarri á fimm mínútna fresti. Festin er því klukka en jafnframt er hægt að hengja hana um hálsinn til að sýna að maður stjórni tíma sínum sjálfur.

Þórunn Árnadóttir útskrifaðist úr LHÍ fyrir ári síðan.

Að lokinni sýningunni í London tekur hún þátt í sýningu á íslenskri hönnun, fyrst í Tallin og svo í Helsinki í Finnlandi. „Ég er á fullu að undirbúa mig fyrir sýningarnar. Þar sýni ég hluti sem ég hannaði á meðan ég var í námi og er ég að klára að þróa þá fyrir sýninguna. Eftir sýninguna langar mig að byrja á nýjum verkefnum ásamt því að fylgja hinum verkefnunum eftir.“

Ungir listamenn og hönnuðir eiga sér margir drauma og Þórunn er engin undantekning. „Ég væri til í að fá að hanna veitingastað allt frá framsetningu matarins upp í innréttingar. Mér finnst svo gaman að koma á veitingastaði sem er ákveðin upplifun að borða á.“ En hvað ætli veiti þessum unga og upprennandi hönnuði innblástur? „Undanfarið hef ég hrifist mikið af gömlum vísindakennslubókum og grafíkinni í þeim. Annars er svo margt sem veitir mér innblástur. Ég er sífellt, ómeðvitað og meðvitað, að verða fyrir áhrifum af einhverju,“ segir Þórunn og bætir við að hún hanni í raun það sem henni dettur í hug hverju sinni. - kep

ELDHÚS
EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ

PISA höldulaust hvítt háglans

Birki Duo

Val um 30 hurðagerðir:
Hvítar, svartar, gular, eik, askur, birki, hnota.

Komdu með málin
og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

Allt á sama stað:
Innréttingar og raftæki. Trésmíðaverkstæði, raftækjaviðgerðarverkstæði. Samsetning, uppsetning.

MARKMIÐ OKKAR ER AÐ VEITA ÚRVALSÞJÓNUSTU

ELDAVÉLAR

VIFTUR & HÁFAR

ELBA

OFNAR

UPPÞVOTTAVÉLAR

HELLUBORÐ

NÝ KÆLISKÁPALÍNA FRÁ SNAIGÉ

KÆLISKÁPAR

30% afsláttur
af ELBA og Snaigé raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu

BETRA BAÐ
BETRI LAUSNIR - MEIRA ÚRVAL

Askur Facet

Pisa
hvítt háglans

BAÐINNRÉTTINGARNAR
byggjast á einingakerfi 30, 40, 60 og 80 cm breiðra eininga.
Ótæmandi uppröðunarmöguleikar.
Við hönnum og teiknum fyrir þig.

Heilsteyptu vaskborðin eru vinsæl!
Breiddir: 60, 80, 90, 120,140, 160, 180 cm
Litir: Hvít, svört, offwhite, ljósgrá, sandgrá. o.fl.

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!
20-25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM
VIÐ BJÓÐUM ENN BETUR OG VEITUM 5% AUKA AFSLÁTT SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

FATASKÁPAR
EFTIR MÁLI - SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÓSKUM

Satinerað gler

FATASKÁPAR MEÐ HEFÐBUNDNUM HURÐUM
byggjast á einingakerfi 40, 50, 60, 80 og 100 cm. eininga, sem er raðað saman að vild.
Við hönnum og teiknum fyrir þig.

RENNIHURÐASKÁPAR
Afgreiddir eftir máli, sniðnir að þínum óskum.
Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm, breidd 40-150 cm.
Í boði eru 3 rammalitir (hvítur, silfur eða svartur) og 40 panilgerðir (plast- eða spónlagðar, gler, speglar o.fl).
Að innan er val um 6 liti og boðið er upp á mikið úrval af skúffum, körfum, o.m.fl.

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI !

www.nettoline.dk

Askur Soft

ÞVOTTAHÚS
GOTT SKIPULAG SKIPTIR MÁLI

Við sníðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreinatausskáp, kústaskáp o.m.fl.

Friform

OPIÐ Mán. - föst.kl. 10-18 Laugardaga kl. 11-16

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

JOELE KALLAST ÞESSI SKEMMTILEGI STÓLL sem hannaður er af Riccardo Giovannetti fyrir flou. Hægt er að geyma skemilinn sem fylgir stólnum ofan á sessu stólsins og renna síðan áklæðinu fyrir, til að halda öllu á sínum stað. Áklæðið má fjarlægja og hægt er að fá það í mismunandi litum. Stólinn má því útfæra á þrenna vegu. Fræðast má nánar um stólinn á flou.it og á http://cubeme.com/blog . Stóllinn góði kostar rúmlega 4.000 dollara.

Bréfakarfa Matali Crasset minnir á upprunа bréfa í efniviði og með útskornum trjám.

Bréfum fleygt í uppruna sinn

Þessi bréfakarfa sannar að ruslafötur þarf ekki alltaf að fela undir borði.

Þessi flotta og forvitnilega bréfakarfa er hugarsmíð franska hönnuðarins Matali Crasset, sem hefur sveigjanleika og göfuglyndi í brennidepli hönnunar sinnar, sem fyrst kom fram á tíunda áratugnum. Crasset hafnar hreinu formi og setur ávallt spurningarmerki við umhverfi mannfólksins, sem hún vill breyta í rými hreyfanleika og tilrauna með gefin form.

Bogadregnar línur og djúprauður litur minna á munúð og rómantík.

Ruggustóll og ástarsæti í senn

Nútíma ruggustóll og ástarsæti úr „Purity"-línunni eftir Scott Wilson eru í senn rómantísk og sterkbyggð húsgögn. Grindin er úr stáli og einkennast húsgögnin af bogadregnum línum sem eru munaðarfullar í bland við rautt bak og sæti.

Hönnunin er óvenjuleg en nær að feta hinn gullna meðalveg milli virkni og þæginda, enda er Scott Wilson reyndur hönnuður og hefur bæði hannað fyrir fyrirtæki og iðnað. Hann leggur mikið upp úr nánu sambandi milli neytanda og vöru í hönnun sinni. „Purity"-línan er ekki komin í framleiðslu og er því ófáanleg sem stendur. Ef hún fer á markað geta aðdáendur nútímahönnunar og rómantíkur þó glaðst og farið að safna fyrir eintaki.

FERMAX

Mynd-dyrasímar og kerfi fyrir nútímaheimili

iLOFT by FERMAX

mynd-dyrasímar og kerfi

Rafport

Nýbýlavegur 14 200 Kópavogur www.rafport.is

Borðstofusettið er ítalskt en arinninn enskur. Hann létu þau hjón setja í stofuna eftir að þau keyptu húsið. „Það er svo kósí að kveikja upp í honum á kvöldin, heyra snarkið og finna ylinn," segja þau.

Stofuhúsgögnin eru spænskrar ættar en keypt hér á landi.

Hnöttinn fundu þau hjón í Kolaportinu.

Austurlenskur andi svífur yfir vötnum í þessari mynd.

Halldór og María hafa komið mörgum Víetnömum til aðstoðar með íslenskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tesopi er ómissandi undir svefninn.

Ljúfur tesopi við arininn á kvöldin

Í tilefni af komu palestínsku flóttamannanna til Akraness nýverið fengum við að skyggnast inn á heimili Halldórs Nguyen og Maríu Ha Ngo en Halldór kom sem flóttamaður til landsins árið 1979.

„Ég var tvítugur og átti ekkert nema fötin sem ég stóð í," segir Halldór þegar hann rifjar upp komu sína til Íslands fyrir tuttugu og níu árum. Hann kveðst ekki hafa haldið sérstöku sambandi við þá sem urðu honum samferða, en hittir þá öðru hvoru.

Halldór starfar nú hjá Mími símenntun og er mörgum Víetnömum hjálplegur sem túlkur. María kom til landsins árið 1993 og starfar líka sem túlkur, þannig að þau hafa bæði náð að tileinka sér íslenskuna. „Maður verður að reyna. Það þýðir ekkert annað," segir Halldór brosandi. Samskipti þeirra við upprunalandið eru ekki mikil að Halldórs sögn.

„Ég hef farið þrisvar til Víetnam frá því ég kom," upplýsir hann. Þó segir hann þau halda í ýmsar hefðir þaðan, til dæmis fái þau sér alltaf tesopa á kvöldin eftir að dóttirin er komin í ró.

Heimili þeirra hjóna ber vott um góðan smekk. Það segir Halldór að sé frúnni að þakka. „Konan kaupir og ég borga," segir hann skellihlæjandi. Hann kveðst eiga í mestu vandræðum með að rekja uppruna sumra hlutanna en hestamynd yfir arninum og fjórir veggplattar með myndum af bambuskofum og hrísgrjónarækt í Víetnam voru þó með í farteskinu þegar þau komu heim úr síðustu ferð þaðan árið 2002. - gun

Heimilið er bjart og vel búið húsgögnum.

ego dekor

Borðstofuborð 180x100
Verð áður: 78.000,-
-40%
VERÐ NÚ: 46.800,-

VIP leðurstóll
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu
Verð áður: 15.800,-
-20%
VERÐ NÚ:
12.640,-

Lia stóll
Verð áður: 14.500,-
-20%
VERÐ NÚ:
11.600,-

Tito stóll
Fáanlegur í brúnu, hvítu og rauðu
Verð áður: 13.500,-
-20%
VERÐ NÚ:
10.800,-

Lotus stóll
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu
Verð áður: 13.400,-
-30%
VERÐ NÚ:
9.380,-

ÚTSÖLULOK 20-70% AFSLÁTTUR

Wonder leðurtungusófi
Stærð: 270cmX170cm
Fáanlegur í svörtu og hvítu leðri
Verð áður: 218.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 174.400,-

New Bond tungusófi
Microfiber áklæði
Færanleg tunga
Stærð: 230cmX157cm
Verð áður: 139.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 97.300,-



TV-skenkur m/ljósi
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans.
Stærð: 180cmX50cmXH:46cm
Verð áður: 68.000,-
-50%
VERÐ NÚ: 34.000,-

Vegghengdur skenkur
Eik – Hvítt háglans
Stærð: 180cmX40cmXH:60cm
Verð áður: 98.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 68.600,-
Einnig fáanlegur í stærðum:
240cmX40cmXH:60cm
120cmX40cmXH:60cm



Eric skenkur
Hvítttuð eik
Stærð: 170cmX50cmXH:85cm
Verð áður: 88.000,-
-25%
VERÐ NÚ: 66.000,-

3+1+1
Verð áður: 255.000,-
-40%
VERÐ NÚ: 153.000,-

3+2
Verð áður: 240.000,-
-40
VERÐ NÚ: 144.000,-



Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

Gardínur í eldhúsið

Þegar velja á gardínur í eldhúsið hafa eldhúskapparnir verið sígilt val og jafnvel hægt að fá þá tilsniðna og saumaða. Einnig hefur verið vinsælt að setja filmur í gluggana til hálfs en það er þó varanlegri lausn en tjöld sem hægt er að skipta um að vild.

Sniðugur bútasaumur úr viskustykkjum í eldhúsið. MYND/POLLY WREFORD

Þeir sem eru ekki hrifnir af gömlu köppunum geta reynt nýstárlegri útfærslur, til dæmis saumað saman viskustykki fyrir gluggann. Þetta er skemmtileg lausn og tilvalið að nota litrík og mynstruð viskustykki í verkið.

Á jólum væri hægt að nota viskustykki með jólamynstri og jafnvel einhver rósótt og sumarleg yfir sumarið. Á páskunum mætti láta gula litinn njóta sín sem og falleg páskamynstur. Velja skal þá saman skylda liti eða mynstur svo gardínan verði ekki of sundurleit. Einnig gæti verið skemmtilegt að gera tilraunir með gamla blúndudúka eða fallega útsaumaðan borðdúk fyrir gluggann og svo gætu skrautlegar munnþurrkur hentað fyrir minni glugga.

Ef saumavélin er ekki í uppáhaldi þá má einfaldlega hengja upp gardínustöng og breiða litla dúka fallega yfir stöngina. Einnig getur verið fallegt að hengja sniðuga hluti í gluggann eins og til dæmis gömul hnífapör, sprellikarla, þurrkaða ávexti, blóm og fleira.

Á safninu á Mánárbakka á Tjörnesi eru þessi áhöld sem minna á kaffitímann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýmalað upp á gamla móðinn

● Kaffitíminn síðdegis sem löngum hefur verið meðal sælustunda landans var síður en svo fyrirhafnarlaus áður en sjálfvirknin kom til sögunnar og espressókönnur í hvert eldhús.

Sú var tíðin að kaffibaunirnar voru bæði brenndar og malaðar á mörgum heimilum landsins. Kaffikvarnir voru því meðal bráðnauðsynlegustu búsáhalda og miklu skipti að þær skiluðu sínu vel. Baunirnar voru brenndar ýmist í ofnskúffum eða á pönnum og oft var hrært í til að brennslan yrði sem jöfnust. Allmikill reykur myndaðist í eldhúsinu og eflaust hefðu reykskynjarar látið ófriðlega ef þeir hefðu verið fyrir hendi.

Að brennslu lokinni voru baunirnar í tré- eða blikkboxi þar til að næsta kaffitíma kom og þá var hellt upp á nýmalað.

Molasykur eða kandís var ómissandi með, þá kom sykurtöng í góðar þarfir til að smækka molana í sparnaðarskyni.

AÐAL
PARKETSLÍPUN
SÆVARS EYJÓLFSSONAR

EKKERT RYK!

FYRIR EFTIR

Aðalslípun • Njálsgata 36 • 101 Reykjavík
Sími 588-3202 • GSM 866 4759 • adalslipun.is

● **LÍFLEG LÝSING** Þegar kemur að því að blanda saman nútímahönnun í lýsingu og upphengdum ljósum, sem vinsæl voru um miðja síðustu öld, þá eru ljósin frá „Seascape lighting" kjörin. Á heimasíðu fyrirtækisins, www.seascapelamps.com, má skoða fjölbreyttar útfærslur af ljósunum en auk þess að bjóða upp á margvísleg mynstur þá býður fyrirtækið upp á að prenta listaverk að eigin vali og jafnvel eigin teikningar á skermina sem fást í mörgum stærðum. Velja má um ýmis konar efnivið og útlit og er þar úr mörgu að moða. Ljósakrónurnar fást til dæmis úr viði, silki, náttúrulegum trefjum, akríl, líni og málmum. Einnig eru valmöguleikar fyrir hendi hvað varðar perustæðið.

Flóttamaður kemur til nýrra heimkynna

Hönnuðurinn góðkunni Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði á sínum tíma stól sem hún hugsaði sér sem flóttamann sem kæmi til nýrra heimkynna og hæfi þar nýtt líf. Sagan bak við hann er svona, sögð af Guðrúnu Lilju sjálfri: „Í mastersnáminu úti í Eindhoven í Hollandi vorum við að vinna með flóttamönnum í áfanga sem heitir Man and humanity. Hver nemandi vann með einum flóttamanni að hugmyndum og framkvæmd að nýjum vörum. Ég fékk því miður ekki tækifæri til að vinna persónulega með flóttamanni því að við vorum of mörg svo að ég tók gamlan stól og gerði hann að mínum „flóttamanni". Ég byrjaði með stólinn eins og flóttamann sem kemur allslaus til nýrra heimkynna – strípaði stólinn af öllu þar til aðeins grindin og gormarnir voru eftir – undirstaða til að geta byrjað upp á nýtt. Svo notaði ég þæfðan ullarþráð til að vefja saman grind og gorma þar til að úr varð nýr stóll. Ég kalla hann Visual inner structure – a second life of a chair."

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

Flott í vetur...

stinnari líkami á aðeins 4 vikum

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...

pakki 1

Slendertone belti + buxur eða pils
þjálfar rass, læri og kviðvöðva

kr. 34.950.-

pakki 2

Slendertone belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva

kr. 30.900.-

pakki 3

Slendertone buxur eða pils + armar
þjálfar rass, læri og upphandleggsvöðva

kr. 34.950 .-

pakki 4

Tilboðsverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti + buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann

kr. 42.900.-

pakki 5

Pakki 4 + nuddtæki - alhliða vellíðan
Slendertone belti + buxur eða pils + armar og Slendertone nuddtæki
þjálfar, stinnir og endurnærir allan líkamann
kr. 58.800.-

SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-

LOKSINS ... „armar“ fyrir herra

pakki 7

Herrapakki Slendertone belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva

kr. 32.900.-

Herra armar ásamt stjórntæki

kr. 26.900.-

Eitt stjórntæki með hleðslurafhlöðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

KORTER.IS

SLENDERTONE System

Tími til að líta vel út ...!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sendum í póstkröfu

ÞJÓÐLEG LEIKFÖNG Lopakarl og -kerling í þjóðbúningi eru hugarfóstur Valdimars Geirs Halldórssonar, eiganda Nýlenduvöruverslunar Hemma og Valda, en hann teiknaði leikföngin upp og lét framleiða fyrir sig í Tékklandi. Karlinn er í íslenskri lopapeysu en kerlingin í þjóðbúningi með skotthúfu. Leikföngin, sem henta vel sem minjagripir og skraut, eru samansett úr nokkrum trébútum sem þræddir eru upp á prik. Lítil kríli geta því dundað sér við að taka karlinn og kerlinguna í sundur og setja saman um leið og þau læra að meta hinn þjóðlega klæðaburð.

Karlinn og kerlinguna má nálgast í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda á Laugavegi 21.

Handprjónaður tarfur gefur heimilinu náttúrulegt og hlýlegt yfirbragð.

Blár ullartarfur

Uppstoppuð dýrshöfuð yfir eldstæðum hafa yfir sér rómantískt yfirbragð.

Þessi einstaki skúlptúr er sköpunarverk bandarísku listakonunnar Rachel Denny og unninn úr blárri, handprjónaðri ull. Hann sómir sér einkar vel yfir arinstæði eða frjósömu rúmi, en tarfurinn fæst í mismunandi litum og ýmsu prjóni.

Rachel Denny ólst upp í sveitum Idaho og Montana. Hún sækir innblástur í fegurð og flókið eðli náttúrunnar og vinnur mörg verka sinna úr ull, blýi og trjákvoðu, undir það síðasta stóra trjákvoðuskúlptúra, íkorna úr málmi og handprjónaðar kindur.

Ekkert lím eða skrúfur í þessum kolli!

Ekkert lím og engar skrúfur

Zaishu er kollur eða lítið borð sem sett er saman án skrúfna eða líms en orðið „zaishu“ er japanska yfir lítið sæti. Kollinn er hægt að fá með ýmiss konar áprentuðum mynstrum. Framleidd var sérstök lína í samstarfsverkefni listamanna og hönnuða sem unnu með ættbálki á Fiji-eyjum að gerð stólsins. Mynstrin eru handmáluð eða þrykkt með vatnsblönduðu bleki og lakkað yfir og eiga sér fyrirmyndir í fornum og nýjum mynstrum Fiji-ættbálka. Kollurinn er framleiddur úr ástralskri furu. Kaupandinn fær kollinn flatan og setur hann saman með nokkrum handtökum. Zaishu-kollurinn nýtist einnig sem smáborð og hefur farið sigurför um heiminn. Sjá nánar á www.style-files.com



is.kvik.com

195.040,-

Leiðbeinandi smásöluverð er fyrir skápa, sökkul og höldur og án eldhústækja og lýsingar. Borðplöturnar kosta 187.349,- aukalega án vasks, borðfóta og blöndunartækja.

Glóðvolgar nýjungar
Stílhrein fágun

Kvik býður nýjungar í flottum litum fyrir eldhúsið. Mano Cendra – er fáguð grá framhlið með háglans þar sem tekið er úr fyrir höldum. Flott og fágað í senn. Verðið endurspeglar það ekki. Jafnvel nýjungar okkar eru á góðu verði. Flott hönnun þarf ekki að kosta meira.

Dekraðu við þig í eldhúsinu
Sparaðu 100.000,- á Siemens ofnsetti

*Kauptu Siemens ofnsett á aðeins 126.600,- þegar keypt er eldhús fyrir meira en 495.000,-. Venjulegt verð er 226.600,- fyrir innbyggðan ofn úr ryðfríu stáli og keramik helluborð. Tilboðið gildir um listaverð frá 1. september og á meðan birgðir endast.

Siemens ofnsett*
126.600,-
Venjulegt verð
226.600,-

ALLIR EIGA RÉTT Á FLOTTU ELDHÚSI

kvik

SKÚTUVOGUR 11A . 104 REYKJAVIK . S. 540 3800

Passat árg. '02, ekinn 44 þ.km, ssk. Sumar- og vetrardekk á felgum. Verð 1.390 þ. S. 864 7785.



Gullfallegur RANGE ROVER '99 ekinn 74000m. Leður, toppl., CD magasín, rafm. í öllu ofl. Uppl. í s. 893 7744, toppeintak.

YFIRTAKA á Pajero Sport 2002, flottur bíll í toppstandi. Uppl. í s. 693 2486.

Corolla '06 bsk., ek. 56 þ. Áhv. 1375 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 822 7057.

Blár 3 dyra Yaris árg.'06. Ek. 83 þ. Lítur vel út. S. 896 4661.

2 milljónir +

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar til-búnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynslu-akstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum fram-leiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

GMC YUKON XL '03 ekinn 108þ.km áhv. 3m v 3.7. Tilboð óskast, skoða skipti. Uppl. í s. 772 0705.

Subaru Legacy '05, ek. 55 þús.km, sjálfsk. Möguleiki á yfirtöku láns. S. 669 9567.

Cadillac Escalade árg. 12/'07. Ekinn 15 þús. km. Með gjörsamlega öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. Bara flottur ! Verð 9.200 þús. Ath. öll skipti eða góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.

MBenz Til sölu. C230 '06 ek. 24000. Verður að fara strax. Yfirtaka 2,3m. Uppl. í s. 661 3400.

Bílar óskast

S.O.S.Við erum mæðgur sem vantar góðan en ódyran bíl. Smábíll væri besti kosturinn, en skoðum allt. Yfirtaka á láni kemur til greina eða greiðsla með skuldabréfi. Uppl. í síma 691 5308.

7 - 8 manna jeppi óskast! Nú er tæki-færi til að losa sig við 7-8 manna jeppa helst Toyotu í staðinn fyrir fallega grasi vaxna sumarbústaðarlóð í Grímsnesi. Skoða allt!!!! Pétur s. 693 3777.

Óska e/ Hyundai Accent 1500 ssk., eða Suzuki Baleno 4x4 á 250-300þ. á visa-rað. S. 864 5290.

Jeppar

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

Til sölu Toyota Rav 4 árg. 2006. Ekinn 55 þús. Áhvílandi 2.500.000,-. Skipti möguleg á ódýrari bíl. Upplýsingar í síma 865 0173.

Toyota Landcruiser 90 árg. '01, ek. 124 þ.km., ssk., 33" stærri breyting. Vel með farinn. Áhv. lán. Verð 2.290þ. Engin skipti. S. 822 1823 & 824 1825.

Pajero '93, ek. 220 þ. Dráttark., nýtt í bremsum & púst. Í mjög góðu lagi. V. 280 þ. S. 892 3229.

Mitsubishi Pajero árg. '98. Ek. 163 þ. 7 manna, dökkgrænn,bensín, 3000 vél, leðuráklæði, topplúga, dráttarkúla, litaðar rúður, breyttur, 31" dekk,nýjar bremsur, nýlegt púst, nýjir demparar að aftan. V. 790 þ. Til sölu og sýnis á bílasölunni bíll.is.

Landcruiser 120 diesil. Árg. '06. Sjálsk. Ek. 99 þ.km. Verð 4,5 millj. Áhv. 3,3 millj. Skipti á ódýrari. Uppl. í síma 822 8750.

LandCruiser árg. '88. Ek 153 þ. Nýskoðaður. Boddý ryðgað en góð grind. Tilboð óskast. S. 898 0424.

Mitsubishi Outlander sjálfskiptur,árg. 10/2005 dráttarkrókur, ný dekk + vetr-ardekk, ek. 54 þ. km. Lv. 2250 þ.gott stgr. verð. S. 665 8284.

Ford Explorer Limited árg. 2006 ekinn 80 þús. Þessi er með öllu, verð 3 millj-ónir. Uppl. í s. 843 3060.

Toyota Land Cruiser 90 VX '97 Turbo diesel, ek. aðeins 192þ.km, upphækk-aður, m.gott lakk, ný heilsársd. krók-ur, CD, hiti í sætum, filmur ofl. Topp eintak. Ásett 1.390þ. Tilboð óskast. S. 892 9804.

MMC Pajero árg. '98, V6 3000 sjálfsk. ek. 190.000 km. 32" dekk, góður bíll. Verð 950 þ.. áhv. 840 þ. S. 893 7024.

Til sölu Honda Shadow ACE 750 árg. 2003 ekið 5528 þús. mílurþ Aukapakki uppá 432 þús. Verð 790 þús. Uppl. í s. 892 4030.

Range Rover Vogue dísel árg. '05, einn með öllu. Gullfallegur bíll. Verð 8.990 þ. Ath. öll skipti jafnvel 2 bílar eða góðir lánamöguleikar. S. 898 2111.

Til sölu Range Rover Disel Árg. 2003 ek. 102 þ. km. Einn með öllu og umboðsbíll. Skoða öll skipti 100% lánamöguleiki. Verð 5.490.000. Uppl. í s. 844 0542.

Fornbílar

M.Benz. 200. Árg. '79. Ek. 208 þ. Ssk. Sk. '09. Gott eintak. V. 400 þ. S. 896 3044.

Til sölu

Cadillac árg. '79, 4 d. Í fínu standi. Sk. '09. Þarfnast lagfæringar á lakki en lítur mjög vel út. V. 925 þ. Skipti möguleg á minni gömlum á svipuðu verði. Helst Chevrolet. Uppl. í s. 557 2814

Pallbílar

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af pall-bílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F250 frá 2.400 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tundra frá 2.700 þús., GMC Sierra C/K 1500 frá 2.600 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

Vörubílar

M-Benz árg. 1991. Skránr: TK-596. Ekinn: 252.000 km 1729-4X4. Leyfð heildarþyngd: 18.000 kg. Krani: Coma MOM.max 7.300 kg. Snjótannafesting og kastarar Pallur: Miller 4,20 m Verð: tilboð. Uppl. í s. 693 6705.

Til sölu MAN 32361 8x8 tjónaður. Krani pk45 4x glussi 3x hand. Sími 892 5855.

Til sölu Volvo árg. '06, 480 hö. Ek. 102 þ. Einnig til sölu frystivagn með heil-opnun vinstramegin. 13,6 m. á lengd. Einnig til sölu malarvagn, Euro trailer árg. '07. Uppl. í s. 844 5270.

Til sölu! Man 33-480 árg. 2004 3ja drifa ekinn 225 þ.km með nánast ónotuðum Hiab 288-8 árg. 2007 krana. Uppl. í síma 862 5700.

Til sölu. Yfirtaka á láni. S. 899 0957.

Húsbílar

Econoline 350 langur, 5.4 L bensín árg. 1998 til sölu. Vel búinn húsbíll með öllum helsta búnaði. Ásett verð 2.3 mil. Tilboð óskast. S 692 3420.

Mc Louis Tandy 670G árg. 2007. Ekinn 11þ. 6gíra, 130hö, L 7,08M. Uppl. í s. 892 9350.

www.caravan.is

Húsbílaleiga á Íslandi. Uppl. í s. 822 1920 & 899 4161.

Húsbíll WV transpoti m. orginal fortjaldi. Frá Vivi Camping. Bíllinn er eins og nýr. Uppl. í s. 567 8507 & 660 2336.

Til sölu Fiat, árg. '92, ek. 81 þ.km., diesel. Ný dekk og tímareim. Uppl. í s. 891 9937.

Mótorhjól

Suzuki DR 400SM árg 2007 ekið 200 mílur verð 700þ. Til sölu hjá Hjólasport ehf. Uppl. í s. 893 4751, hjolasport@simnet.is og á 123.is/hjolasport

Suzuki DR 400 árg 2006 ekið 4200 mílur verð 550þ Til sölu hjá Hjólasport ehf. Uppl. í s. 893 4751, hjolasport@simnet.is og á 123.is/hjolasport

Sky time 50cc árg 2006 ekið 120 km verð 150þ. Til sölu hjá Hjólasport ehf. Uppl. í s. 893 4751, hjolasport@simnet.is og á 123.is/hjolasport

Sky time 50cc árg 2006 ekið 550 km verð 240þ. Til sölu hjá Hjólasport ehf. Uppl. í s. 893 4751, hjolasport@simnet.is og á 123.is/hjolasport

Yamaha Raptor árg 2006 eins og nýtt verð 480þ. Til sölu hjá Hjólasport ehf. Uppl. í s. 893 4751, hjolasport@simnet.is og á 123.is/hjolasport

Suzuki V Strom DL 1000 árg 2005 Ekið 6400 mílur Verð 960þ Til sölu hjá Hjólasport ehf. Uppl. í s. 893 4751, hjolasport@simnet.is og á 123.is/hjolasport

KTM 200 EXC 2stroke til sölu. Götuskráð, árg. '07, ekið 35 tíma, lítur mjög vel út, mjög gott lán, afborganir 12 þús. á mán. Verð yfirtaka og 50 þús. í peningum. Sími 848 2015.

Haustútsala Suzuki M50 Nýtt - Ásett verð 1.190. TILBOÐ 950 þús. stgr. Uppl. í s. 893 4453.



Haustútsala Suzuki M109 - nýtt - ásett verð 1790 þús. TILBOÐ 1450 þús. Uppl. í s. 893 4453.

Haustútsala Suzuki C50T - nýtt - Ásett verð 1.290 þús. TILBOÐ 990 þús. Uppl. í s. 893 4453.

Óska eftir ód. eða dýrara götuhjóli í skiptum fyrir Honda CRF 450 '06. Lítið notað, mjög vel með farið. Mikið af aukahl. Aukaplöst fylgja. Ásett v. 600 þ. eða 500 þ. stgr. Er til í að yfirtaka lán á dýrara götuhj. S. 899 5922.

Einkaþota

Til sölu Honda CBR RR 1000. árg. '07. Ek. 1100 km. Vel með farið hjól. 100 þ. út + yfirtaka. S. 899 7262.

Til sölu Husqvarna CR 125cc 07'. Topphjól sem hugsað hefur verið vel um. LÁN mögulegt! Sanngjarnt verð. S. 869 3033.

Vespur

Til sölu silfurlituð vespa 50cc ástamt hjálm og hönskum. V. 80þ. Þarfnast lagf. S. 869 9974.

Fjórhjól

Polaris Sportsman 500 6hjól árg. 2008. Hiti í handföngum og inngjöf, framm-rúða, dráttarspil, dráttarkrókur. Tilboð 1.120.000.- Eru til sýnis hjá MótorMax Kletthálsi 13. S. 563 4400.

Yamaha Blaster 200 árg. 2006. Verð. 480.000.- Eru til sýnis hjá MótorMax Kletthálsi 13. S. 563 4400.

Kerrur

Óska eftir Hestakerru í skiptum fyrir vörubíll 76' ásett 350þ. Uppl. í s. 517 8401.

Hjólhýsi

Euroliner 4400 FB árg. '07. Fortjald, heitt vatn, 220v. Verð 1,7m. S. 856 7710.

Til sölu 7 feta Starcraft pallhýsi í topp-standi. 250 þús. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Uppl. í s. 691 2900.

Fellihýsi

Glæsilegt og sem nýtt Palomino Colt árg. 04 grjótgrind, fortjald, rafmagns-lyfta, miðstöð, gas, geymir og vaskur. Uppl. í síma 893 0052.

Einstakt tækifæri!! Fellihýsi '98 Viking. Aðeins 250.000 þ. Fyrstur kemur fyrstur fær! Uppl. í s. 517 8401.

Coleman Santa Fe 10 feta, sami eig-andi frá upphafi. Ísskápur, sólarsella ofl. Algjört dekurhús. Uppl. í s. 898 2111.

Vinnuvélar

Til sölu Fiat Allis fr20B árg. '90 skoða skifti á nýrri 18-20 tonna vél. Sími 892 5855.

Til sölu Case 95XT árgerð 1998. Vélin er í góðu standi og fylgja henni skófla og gafflar. Ásett verð 980 þús.+vsk. Uppl. í síma 898 7696, Bjarki.

Til sölu Fermic 960 árg. '00. 4x4. fjór-hjólastýrð. Ek. 4700 klt. Góð vél. Uppl. í s. 892 0600.

Bátar

Til sölu 9 metra .NB Marine árg,2008. Uppl, 8936109 www.batavik.is

Dímon naglalína til sölu sem ný. GJAFAVERÐ. Uppl. gefur Jón í s. 895 7222.

Til sölu fallegur eikarbátur skipaskrá-númer 0626. Báturinn var smíðaður á íslandi 1948. Tilvalinn skemmtibátur. Þarfnast standsetningar. Tilboð/Skipti. Uppl. í s. 840 5337.

Til sölu 2 stk. Seadoo Jet Ski og kerra. Allt í topplagi. Ath. öll skipti. S. 898 2111.

Vél: Volvo Penta 230 hö (árg 2003). Radar, sjálfstýring, GPS, Plotter, Dýptarmælir, STK staðsettningartæki, Gúmmíbátur, örbylgjuofn, kaffikanna, 7 kör í lest o.fl. Verð 3.600 þús. Báturinn hefur fullt haffæri til júní 2009. Uppl. í síma 893 6404.

Skemmtibátar

Bóklegur hluti í fjarnámi frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, SIG102, SIR102, STL102 og SIT102. Stefnt er á verklegt próf víðsvegar um land í samráði við nemendur. Skráning á vefnum www.fas.is Sími 4708070 Umsóknafrestur til 15.september 2008 og hefst kennsla 22.september.

Færeyingur í uppgerð og Súðbyrðingur í toppstandi. 2 vélar, Yanmar 30hö og Mitsubishi. Einnig lítill vatnabátur. S. 868 9022.

Hjólbarðar

Eg er að leita275/45/20 heilsársdekk. S.8470077

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahl. í Skoda Octavía, Suzuki Baleno, Renault Megane. Daewoo Lanos. Uppl. í síma 894 0068.

ÞJÓNUSTA

Barnagæsla

VANTAR ÞIG DAGMÓÐIR? Ég er laus frÁ 8:30-15:00. Áhugasamir hringi i s. 557 2262 & 849 7166.

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Ræstingar

Tek að mér flutningsþrif fyrir heimili og fyrirtæki, er vön. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 659 9511.

Námskeið

Sundleikfimi:

Skelltu þér á mjög gott 6 vikna námskeið með frábærum kennara í Sundleikfimi í ***sundlaug Hótel Loftleiða***, mánudaginn 15. september.
Námskeiðin eru 2 kvöld í viku kl. 21.00 og kl. 22.00. Tilvalið fyrir systur, mæðgur eða saumaklúbba að koma saman og eiga notalega stund í heitum potti og gufu eftir tímann.
Heitt á könnunni!
Vinsamlegast skráið ykkur í síma 444-4085 frá kl.13.00-18.00 fyrir laugardaginn 13. september.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Kveðja,
starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

Garðyrkja

Haustklippingar runna
Garðsláttur, alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

Bókhald

Bókhald, vsk-skil, framtal, heimasíður, lén, stofnun ehf. Dignus.is S. 699 5023.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhaldsþjónusta: Bókh., vsk., laun, framtöl og fl. Sanngjarnt verð. S. 696 3969, www.ulfurinn.is

C.P. þjónusta
Tek að mér bókhaldsvinnu og eftirlitsstörf ýmiskonar. Uppl. í s. 860 8439.

Tek að mér að ganga frá og færa óreiðubókhald fyrir lítil fyrirtæki. Uppl. í s. 824 8864.

Málarar

Múrum og málum !
Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar !
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Besta verðið !! Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaviðhald

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
Erum að bóka inn f. veturinn og komandi ár.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

E.H. MÚR
ÁRATUGAREYNSLA Í HÚSAVIÐGERÐUM.
UPPL. Í SÍMA
697 8763

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma 899 2420
Steingæði ehf.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Húsaviðgerðir og málun
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Vanir parketlagningarmenn geta bætt við sig verkefnum. Vandaður og góður frágangur. Uppl. í s. 869 3959 og í s. 896 9515.

Ryð og lekavarnir á þökum
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

parketogsmidar.is
Parketlögn/slípun, gluggaskipti, þakviðgerðir, uppsetning á veggjum og öll almenn smíðavinna. Uppl. í s. 896 9819.

Flísalögn, málun, smíði eða nánast hvað sem er. Get bætt við verkum. S. 662 4332.

Flíspol ehf
Flísalagnir parketlagnir málning S. 860 0286, Julian. flispol@simnet.is

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Heilnudd í síma 841 8529.

Miðsvæðisnudd. Verð umsemjanlegt. S. 661 3400.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987. Visa/Euro
Ef þig vantar hlustanda eða ráðgjöf, andleg leiðsögn, fyrirbænir, tarot. Fullur trúnaður. Er við alla virka daga frá hádegi til 01 & um helgar frá kl. 12-03. Visa/Euro.

Auðveld kaup !
Hyundai Getz árg. '07, ek. 34 þús., einn eigandi. Ný vetrardekk fylgja. Yfirtaka á láni og þú færð 200 þús. kr. í hanskahólfinu. Uppl. í s. 868 6692 & 844 8617.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Símaspá 894 5100
Er byrjuð að vinna aftur eftir fæðingarorlof. Bein miðlun og fyrirbænir. Opið frá kl. 21.00 - 24.00. Laufey spámiðill.

Múrarar

Alhliðaviðgerðir
Getum bætt við okkur verkefnum. Múrverk - flísalagnir - smíði og allt almennt húsaviðhald. Tímavinna/tilboð. Góð vinnubrögð. Sími 847 2209.

Rafvirkjun

Viðgerðir

Heimilistækjviðgerðir. Þvottavélar o. fl.
Tek að mér að gera við þvottavélar, heimilistæki ofl. Uppl. í s. 660 0139 Ath. Geymið auglýsinguna.

Önnur þjónusta

Öll almenn ál og stálsmíði. Alhliða ál og stálviðgerðir á t.d. flutningabílum, flatvögnum, kerrum o.s.frv. Álheimar ehf S. 565 0770 Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.

Pípulagnir
Tek að mér viðhald á pípulögnum, skólplögnum, drenlögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum.
S. 663 2572.

Óska eftir aðila sem getur áletrað á skjöld úr stáli. Uppl. í a. 669 9505.

KEYPT & SELT

Til sölu

Búslóð til sölu, fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 554 3486 & 699 3386.

Frímerki til sölu
Stórt og flott frímerkjasafn. Verð 80 þ. Uppl. í s. 568 7005.

Fallegt antíksófasett til sölu, smíðað í kringum 1950. Uppl. í s. 694 4865.

Eldsneytis Sparari!
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS

Tvíbreytt tempur rúm king size frá Betra bak til sölu á 60þ. S. 896 7084 & 690 5287.

2 ára vel með farið leðursófasett til sölu. 3+1+1 Uppl. í s. 699 2016.

Verð í kolaportinu um helgina að selja notaðann fatnað. Þú getur fyllt poka af góðum fatnaði fyrir 500 kr. Gengið inn um vinstri hurð á móti sjónum. Sjáumst hress.

Til sölu 55" Thomson sjónvarpstæki. Uppl. í s. 587 5977 & 866 9747.

Til sölu sambyggð trésmíðavél, plötusög og fræsari einnig fylgir spónsog Kity 609 2,2kv. 2800 snúninga. Vél sem ekki tekur mikið pláss, verð 150.000 m vsk s. 863 0388 & 695 6100

Gas eldavél til sölu. Einnig háfur. Uppl. í s. 664 5554.

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa prjónavél. Skoðum allt. Upplýsingar í síma 8613434 og 8934635.

Óska eftir að kaupa sjúkrarúmm. Uppl. í s. 891 8727.

Íslensk frímerki óskast keypt, einkum gömul frímerkt umslög og póstkort. Frímerki ehf. S. 692 9528, naphila@internet.is

Útidyrahurð óskast (notuð/nýleg) breidd 90 cm, hæð 200 cm (205 cm) GSM 696 1314.

Ath !
Óska eftir að kaupa notuð, vel með farin barnaföt á 0-10 ára. 750 kr. fyrir kílóið. S. 697 7826 & 534 8904 & 431 4409.

Sófasett og borðstofustólar óskast. Helst leðursófasett 3+2+1 eða 3+2. Einnig sófaborð og borðstofustólar. Uppl. í s. 896 6005.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Til sölu Baldwin píanó 105 cm á hæð. Upplýsingar í síma 820 8719.

Fótstigið orgel óskast. Má vera bilað. Hafið samband í kirakira@this.is. S. 699 8927.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tónlist

Óska eftir gömlum vinylplötum gefins/gegn vægu gjaldi atlimar88@gmail.com/ s. 866 3916.

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Óska eftir lítið notuðu 1" x 6" timbur fyrir uppslátt - S. 860 3158.

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

Tilboð

Langar þig í frían nuddtíma?
Kauptu 5 tíma í nuddi að eigin vali og fáðu 1 tíma frían!
Tilboðið gildir til 1.október.

DONG FANG SALON

DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR SÍMI: 444-4085
Opið virka daga frá kl.11.00-21.00 Laugardaga frá 10.00-18.00

Prúttmarkaður

Prúttmarkaður. Erum með fullann bílskúr af eigulegu dóti. Komið og gerið tilboð laugard. og sunnud. kl. 11-4 að Sigtúni 39, Rvk.

Verslun

Ýmislegt

Óska eftir kafarakút til að fylla á paintball kút. Uppl. gefur Viktor í s. 867 6100.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

Ekta Bodynudd, heilnudd. Tímapantanir í síma 8486 255 Svara ekki leyninr. Kv

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

INTENSIVE ICELANDIC I-IV
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 15/9, 13/10, 3/11 Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 13/10. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 23/9, Level IV: 10 weeks; sat/sun 10-11:30 start: 27/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Til sölu

SKARTGRIPANÁMSKEIÐ
Koparsláttur 21. sept. Perluskart 22.-23. sept. Silfurleir 27.-28. sept. Handverkshúsið Bolholti 4, s. 555 1212 - Handverkshusid.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Lazy Boy leðursófasett 3+1 til sölu. 2 ára gamalt, vel með farið, lítið notað. Ásett v. 120 þ. V. 40-60 þ. S. 698 4762.

Glæsileg og ónotuð borðstofuhúsgögn til sölu: borð, 8 stólar og skenkur. Uppl. í s. 661 7820.

Til sölu fataskápar úr gömlu Hreyfingu sex skápar í einingu, einnig nokkur skrifborð selst ódýrt. Uppl. í s. 892 2647.

Heimilistæki

Vantar uppþvottavél,saumavél og tölvu ódýrt eða gefins.Uppl í S:5875721 og 6995721

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is

Kraftblásari
Geggjaður kraftblásari á góðu verði og mikið úrval af ýmsri feldvöru fyrir hundinn eða köttinn. Hundaheimur - Háholt 13 Mosfellsbæ -www.hundaheimur.is

Til sölu Silky Terrier hvolpar. Verða tilb. til afhendingar um miðjan okt. Ættbók frá Rex. V. 130 þ. Uppl. í s. 897 9257.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

Fríðu er sárt saknað! Týndist úr Breiðholti 3. ágúst. Vins. látið vita ef til hennar sést S. 692 0324.

Þrír Beagle-hvolpar til sölu - Sjá beaglehvolpar.blogcentral.is. S. 895 5055.

Gullfallegur Siberian husky hvolpur til sölu. Ættbók frá HRFÍ, örmerktur, heilsufarsskoðaður og tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 822 0116 http://siberianhusky.is

Fallegir kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 848 3039.

Tvær 4 mán. Alaska Husky tíkur til sölu. Uppl. í s. 693 7376 e.kl. 16.

Ýmislegt

Goodway Píanó Ein bestu pínókaupin í dag. Leifur Magnússon pínóstillari aðstoðar við val á hljóðfærum. Pínóstillingar ehf, s.898-8027-898-8029

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starblus.info

Fyrir veiðimenn

Sjóstöng- Sjóstöng!
Fyrirtæki,starfsmannafélög nú er tíminn að skella sér í veiði. Ísafold er eitt besta skipið fyrir stærri hópa í sjóstöng. Leitið tilboða og skoðið einnig síðuna okkar www.sjavarferdir.is Frábær skemmtun fyrir alla konur sem karla. Sjávarferðir - Ísafold s. 861 6062 & 861 5828.

Flottur í bústaðinn, árabátur úr plasti 4m. ásamt kerru. V. 120 þ. S. 517 8401.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.heimkynni.is
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

72 fm, 2ja fermetra íbúð til leigu á besta stað í Hafnarfirði. Sér inngangur með palli og sér garði. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla, tilvalið fyrir skólafólk, par, fyrirtæki - gæludýr velkomin.Upplýsingar í síma 6951676

Free rent in September
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Opnunartilboð
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

ROOM BREIÐHOLT w/furnture ac. kitchen /bathroom. Pricce 60000 a month singl 75000 two. Uppl. í s. 897 3611.

2herb. íbúð í Hlíðunum. leiga 115þ+rafm&hiti upplýsingar s:6604526. Laus 15sept

Íbúð á Akureyri
90 fm 3 herb. íbúð nálægt Háskólanum til leigu. Tilvalið f. 2-3 manneskjur. Laus 1. okt. Uppl. í s. 820 3886.

Til leigu við Vitastíg, glæsileg, nýstandsett 116 fm íbúð á 2. hæð. Laus strax. Uppl. í s. 822 7220.

Nice room for rent with WC and kitchen. Close to Háskóli Íslands. Longterm. Phone 8922336.

4 herb. íbúð til leigu á 1 hæð á sv. 107 Rvk. Uppl. í s. 552 3226 e. kl. 19.

Flott 4ra herb. íbúð í hulduborgum 112 m. sérinng. Verð 145þ. S. 693 9493, Haukur.

Meðleig. í 108 fm 60 þ.
Til leigu 15,2 fm herb. í 108 fm, 4 herb. Íbúð í norðurbæ Hfj. með m/svölum og skápum, sameiginlegri stofu, eldhús, baðherb., m/baðsturtu og þvottahús inní íbúð. V. 60 þ. á mán. Uppl. s. 694 1628.

VANTAR MEÐLEIGJANDA. 21 árs nemi í HÍ. Rúmgóð kjallaraíbúð í Skipasundi. Flest húsgögn til staðar. Uppl. í s. 690 7740.

Vetrarleiga á Spáni
Til leigu íbúð/endaraðhús í Villa Martin í vetur. Uppl. í s. 848 1476.

3ja herb. íbÚÐ í Kóp. 130 þ./mán., m/hússj. Þvottav og þurrk. innif. Sími 841 0755 og 8410755@visir.is

3 herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi til leigu í Seljahverfi Breiðholti. Langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Laus strax. Verð 120þ. Uppl. í s. 664 8363.

2-3 herb. íbúð í 101 til leigu með húsg. 130 þús. á mán. Laus 1. okt. S. 865 2050.

Herbergi til leigu í Njarðvík m/aðgangi að WC, sturtu, eldhúsi, þvottavél, ADSL og sjónvarpi. Uppl. í s. 823 8405 & 847 7113.

4 herb. íbúð í Innri- Njarðvík til leigu. Uppl. í s. 823 8405 & 847 7113

Rúmgóð 2 herb. íbúð í Kóp. Laus strax! Leiga 110 þ. Einn mán. fyrirfarm. Allt innifalið. S. 897 2318.

Falleg 2 herbergja, 65 fm íbúð til leigu í Vesturbæ. Íbúðin getur leigst með húsgögnum ef vilji er fyrir því. Íbúðin verður laus 19. sept. Áhugasamir hringi í Þórhildi í síma 662 5250.

Íbúð til leigu í Veghúsum Grafarvogi. 61 fm. Frekar uppl. í síma 694 8080.

Óska eftir 1 manns herb. til leigu með aðgang að baði, WC og eldhúsi. S. 896 7543.

Studíóíbúð við Laugaveg, leigist með einhverjum húsgögnum. Laus strax, leigist til 1 júní 2009. V. 80 þ. Uppl. í s. 844 8478.

Beautiful 3 bedroom apartment w/ garden in Seljahvervi 109 ready for occupancy. 130.000 a month including electric and heat. For more info's call 557 2262 or 849 7166.

2 herb. íbúð við Smáragötu til leigu. Uppl. í s. 864 1175.

Til leigu: 2-3 herb. 70fm nýuppgerð. V.bæ RVK nálægt HÍ. Góð fyrir par eða 2 námsmenn. Uppl. Áslaug í s. 699 7175.

Herbergi til leigu í Seljahverfi aðgangur að sturtu, WC og interneti. Upplýsingar í síma 824 3205.

104 Rvk
4 stór og rúmg. herb. Sameiginleg stofa og eldhús. Verð 45 þ. per herb. Uppl. í s. 895 8299 & 847 1986.

Vagnhöfði
130 fm iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð. Hægt að skipta í tvennt. Verð 200 þús. Uppl. í s. 895 8299 & 847 1986.

Til leigu 60fm 2 herb., íbúð í Árbænum. Parket á gólfum, flísar á baðherb. Fallegt útsýni til suðurs. Leiga 120 þ. og 3 mán. fyrirfram eða önnur ábyrgð. Íbúðin er laus 1 okt. Uppl. veitir Hilmar í s. 669 9791.

Bæjarlind 14-16
Til leigu 218 fm í Turninum. Mikið útsýni. Verð 350 þús. per mán. Uppl. í s. 895 8299 & 847 1986.

Til leigu. 3 herb. reyklaus 81 fm. blokkaríbúð á fjórðu hæð. Hún er á Berjavöllum í Hfj. og leigist á 125 þ. á mán. Laus strax. Áhugasamir hringið í s. 696 8344 & 863 3023 e.kl. 17.

Rúmgóð 4 herbergja íbúð til leigu í Fossheiði á Selfossi. Góð staðsetning. Traustir leigjendur óskast í langtímaleigu. Verð 115 þús. á mán. hiti hússjóður og rafmagn innif. Nánari uppl. í s. 860 5107.

Herb. til leigu í Hlíðunum. Fullbúið, með aðgang að WC. Verð 45 þ. S. 699 2016.

Til leigu snyrtileg 4ra herb. íbúð á barnvænum stað í hvömmunum í Hfj. Nánari uppl. í s. 693 5625 eða irisbm@simnet.is.

90 fm. 3ja herb. íbúð til leigu í Hátúni í 105 Rvk. Efri hæð í einbýlishúsi. V. 150 þús. Uppl. í s. 565 6421 eða 693 6421.

Herb. í Hfj. til leigu m. aðgangi að baðherb. og eldhúsi. Uppl. í s. 824 8864.

63 fm. 2 herb. íbúð með húsg. V. 105 þ. mán. 1 mán. fyrirfr. + trygging. Laus 1 okt. Uppl. í . S. 895 2299.

Rúmgott, nýuppgert herb. í Vesturbænum. Er með sér inng. ásamt öðru herb. og deila þau snyrtiaðst., eldhúskr. og þvottah. Hófleg internetnotkun innifalin í leigu. 59 þús. S. 824 4555.

70 fm 2ja herbergja lúxusíbúð á Laugavegi 40 með 15 fm svölum og heitum potti. Lyfta í húsi. Verð 140 þús. + rafm. og hiti á mán. 3 mánuðir fyrirfram í pening. Uppl. í s. 896 4029.

Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu sumarbústað í nágrenni Selfoss í vetur. Uppl. í síma 899-0861 (Pálmi)

Óska eftir ca. 25 fm íbúð til leigu. Helst á Akranesi eða Borgarnesi. Aðgangur að baði, WC, eldhúsi og svefnherb. S. 899 7138.

Róleg og reglusöm hjón óska eftir að taka á leigu 2ja herb. íbúð. S. 692 0859.

LEIGUSALAR ATHUGIÐ
Óska eftir húsnæði til leigu á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar gr. Ríkharður s. 845 7808.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð, sérinngangur. Er með hund. Uppl. í s. 866 4303.

3ja manna reglusöm og reyklaus fjölsk. óskar eftir húsnæði hið fyrsta. Gjarnan á svæði 200, 104, 105. Ekki skilyrði. S. 843 9777 & 481 3602.

Atvinnuhúsnæði

Stálgrindarhús. Flytjum inn stálgrindarhús frá Kína. Upplýsingar í s. 897 9161 -blikkgylfa@internet.is - Blikksmiðja Gylfa ehf.

Til leigu 30 fm skrifstofuherbergi á góðum stað í Hafnarfirði. Uppl. í s. 894 6633.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Vetrargeymsla
Geymdu gullin þín í Gónhól Eyrarbakka. Uppl. og skráning Gónhóll.is - Símar 771 1936 & 899 1128 http://www.gonholl.is

Húsbíla og hjólhýsa geymsla. Upphitað rými. 1000 kr. fm. á mán. Uppl. í s. 822 1920, www.caravan.is

Bílskúr

Tvöfaldur bílskúr
Til leigu eða sölu tvöfaldur bílskúr 61fm. Góð aðkoma. Uppl. í s. 694 9440.

ATVINNA

Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

ALORKA

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA.
Við óskum eftir að ráða trausta starfsmenn á þjónustustöðvar okkar í Reykjavík og á Akureyri. Um er að ræða tímabundin störf í haust. Áhugasamir hafi samband í síma 577 3080 eða á alorka@alorka.is

Devitos pizza
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vaktavinna. Uppl. í s. 697 8434

domo

Veitingastaðurinn Domo
Óskar eftir aðstoðar yfirkokki og matreiðslunemum. Upplýsingar gefur Viktor í s. 697 9069.

Atvinna í boði
óskum eftir að ráða vana menn í húsaviðgerðir / múr og steypuvinnu. Uppl. í s. 517 0117

MOSFELLS BAKARÍ

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími 13.-18.30 og aðra hvora helgi, annan daginn. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.

MOSFELLS BAKARÍ

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími 13.-18.30 og aðra hvora helgi, annan daginn. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

olís

Við leitum að hressu og duglegu fólki til starfa á þjónustustöðvum Olís í almenna afgreiðslu, á Quiznos og grill. Nánari upplýsingar eru í síma 515-1177, frida@olis.is eða á www.olis.is

Hurðir og Gluggar ehf.
Óska eftir smið til starfa. Unnið er við ýmis störf á trésmíðaverkstæði. Hurðir og Gluggar ehf. Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 565 4123.

Bakari / Kaffihús
Óskar eftir starfskrafti annan hvern laugardag. Ekki yngri en 20 ára, helst reyklaus. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 820 7370, Ragga.

domo

Veitingastaðurinn Domo
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Reynsla af þjónuststörfum og góð íslenskukunnáta skilyrði. Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846 eða maggi@domo.is

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is

DÝRARÍKIÐ

Starfsmaður óskast
Okkur vantar starfsmann á lager, í útkeyrslu, á skrifstofu og sölumennsku. Umsóknir sendist á dyrarikid@dyrarikid.is

Matreyðslumaður
Veitingastaðurinn Kringlukráin óskar eftir matreiðslumanni eða manni / konu með góða reynslu í eldhús sem getur hafið störf sem fyrst. Uppl. síma í 893 2323 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is

Shell

Vaktstjórar og afgreiðsla
Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Shell Reykjavíkurvegi og Select Vesturlandsvegi. Óskum einnig eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á Select við Smáralind. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða á starf@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.

Veitingastaðurinn Brons pósthússtræti 9 leitar að starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Í boði eru sveigjanlegar vaktir og samkeppnishæf laun. Nánari upplýsingar á staðnum eða í síma 690 2323.

Verkamenn óskast. Óskum efir verkamönnum á höfuðborgarsvæðinu, æskilegt að hafa lyfrararéttindi. Uppl. í s. 896 0801.

DOBRZE PROSPERUJACA FIRMA PILNIE POSZUKUJE DOSWIADCZONYCH PRACOWNIKOW BUDOWLANYCH. WYMAGANA PODSTAWOWA ZNAJOMOSC JEZYKA ANGIELSKIEGO WIECEJ INFORMACJI POD NUMEREM: 820 8627.

Byggingafélag óskar eftir vönum byggingaverkamönnum í tímabundið verkefni á stórreykjavíkursvæðinu. Uppl. í s. 663 3383.

Vantar menn
í hellulagnir ofl. Íslensku kunnátta skilyrði. S. 821 8983, Hjörtur. HJÁ Verktakar.

Hellulist
Óskum eftir vélamönnun og verkamönnum til starfa. Umsóknir sendist á gisli@hellulist.is eða í s. 698 5222.

Rafvirkjar - Rafiðnaðarmenn
Óska eftir rafvirkjum - rafiðnaðarmönnum til starfa sem allra fyrst. Upplýsingar í síma 660 0300.

Félag myndlistamanna í Reykjanesbæ óskar eftir módelum 1 sinni í viku frá 19-22 á miðvikudögum (sitja fyrir módelteikningu). Uppl. í s. 661 3572 Ingrósa.

Sendibíll. Maður óskast til þessa að vera með sendibíl á stöð. Þarf að hafa meirapróf. Uppl. í s. 898 3206.

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Hársnyrtistofa á Hornafirði óskar eftir hársnyrtisvein/meistara í fullt starf, hlutastarf eða stólaleigu til framtíðar eða tímabundið. Uppl. í s. 868 7782.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

velamaður, vanur verkstjórn, með meira prof og adr, vanur vinnu vélum, getur byrjað strax, upplys i sima 8650364

40 ára karlmaður óskar eftir vinnu á höfuðborgasvæðinum strax. S. 691 8572.

35 ára kk leitar að vinnu. Er ýmsu vanur. Hafið samband í rlb@simnet.is

Kona á miðjum aldri (amma) óskar eftir léttri vinnu 4-5 klst. á dag. Uppl. í s. 699 3386 & 554 3486.

Vanur trailer bílstjóri óskar eftir vinnu strax. S. 869 9225.

Bílstjóri með meirapróf, óskar eftir atvinnu strax. Allt kemur til greina. S. 848 8842.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Viðskiptatækifæri

Sprautiklefi til sölu. Stærð: B 4m L 6m H 2,6m (innanmál) Klefinn er lítið notaður, tilvalinn á minnibílaverkstæði. Olíukynntur. Klefinn er staðsettur á landsbygðini. Tilboð óskast. Hugsanleg skipti á bíl. Upplýsingar s.f@simnet.is

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Þarf þinn hópur að fjármagna útskriftarferð ? Allt um styrktarsölu á www.papco.is

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

Stefnumót.is
Nýr vefur: „Þar sem íslendingar kynnast“. Nýttu þér vandaðan vef fyrir fólk sem gerir kröfur! Vertu velkomin/n.

Leitar þú að dansfélaga?
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast dansfélaga við hæfi. Stefnumót.is.

Viltu eignast nýja vini?
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast nýju fólki á þínum forsendum. Stefnumót.is

Leitar þú varanlegra kynna?
Ertu í makaleit? Leitar þú að rómantík? Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast fólki sem leitar þess sama og þú. Stefnumót.is.

Yndislegar dömur
Nú kólnar í veðri og þá hitnar hjá dömunum á Rauða Torginu, síbreytilegum hóp yndislegra kvenna. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg) og 535 9999 (kreditkort). Nánar á www.raudatorgid.is

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

Verslun

ATH!
VERSLUNIN ER FLUTT FRÁ GARÐATORGI
ALLAR UPPLÝSINGAR FÁST Á HEIMASÍÐU OKKAR WWW.SOFALIST.IS

Þjónusta

Atvinna

GÁSKI SJÚKRAÞJÁLFUN

Móttaka/símsvörun

Gáski sjúkraþjálfun leitar að starfsmanni í móttöku Gáska í nýrri sjúkraþjálfunarstöð í Mjódd. Vinnutími er frá kl. 08.00 til 16.00 alla virka daga. Góður starfsandi er í Gáska og er æskilegt að starfsmenn hafi ljúft og þægilegt viðmót.

Upplýsingar um starfið veitir Sveinn Sveinsson framkvæmdastjóri í síma 895-1740. Vinsamlegast sendið umsóknir á svennisv@simnet.is

Umsóknarfrestur er til 20. september

www.gaski.is Bolholt 8, Vallarkór 14, Þönglabakki 1 s.568-9009

Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf.
Austurhrauni 5 Garðabæ

Þykkvabæjar

Óskar eftir að ráða starfsmann á lager

Umsækjandi þarf að vera stundvís, snyrtilegur í umgengi og hafa réttindi á 5 tonna sendibíla eða meirapróf.

Skriflegar umsóknir sendist í Austurhraun 5, 210 Garðabæ á fax 564 1235 eða póstfang fridrik@karto.is þar sem koma fram fyrri störf og meðmælendur

Skinney - Þinganes hf

Okkur vantar fólk !

Skinney-Þinganes hf á Hornafirði rekur fjölbreytta fiskvinnslu, fiskimjölsverksmiðju og gerir út 7 báta. Hjá félaginu starfa um 200 manns.

Í fiskvinnslunni er unninn saltfiskur, bolfiskur í frystingu/ferskt, humar, síld og loðna. Starfsfólk færist á milli deilda eftir vertíðum og vinnur því mjög fjölbreytt störf. Fiskvinnsla félagsins er mjög tæknivædd og er talsvert af eftirlitsstörfum þar, auk hefðbundinna fiskvinnslustarfa. Mest allt hráefni til vinnslunnar kemur af eigin skipum af kvóta félagsins.

Okkur vantar fólk til liðs við okkur í eftirfarandi störf:
- Rafvirkja
- Lyftaramenn
- Starfsmenn á vélaverkstæði
- Baader menn
- Starfsfólk í fiskvinnslu
- Vaktformann í fiskimjölsverksmiðju

Mikil vinna og góðar tekjur. Um framtíðarstörf er að ræða.

Auk þess vantar okkur vélstjóra- og stýrimannsmenntaða sjómenn.

Upplýsingar í síma 470-8111.

„...fyrst á visir.is“

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Fasteignir

RIMATJÖRN 30
BLÁSKÓGABYGGÐ
Stórt hús, gufubað, eignarlóð

Stærð: 108 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2008
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Nei

RE/MAX Bær

BÓKIÐ SKOÐUN UM HELGINA S 8648090

Verð: 29.900.000

EINN MEÐ ÖLLU. Um er að ræða glænýtt sænskt hús sem er skráð 99,5 fm. Gufubað (ekta finnskt) ásamt geymslu í sérhúsi ca. 8 fm. Húsið er um 10 km austan við Laugarvatn. Góð staðsetning í kjarri vöxnu landi, bláberja- og krækiberjalyng! Mikið útsýni og viðátta. Eignarlóð 7267 fm. Á neðri hæð er hol, þrjú herbergi, rúmgott baðherbergi, stofa og eldhús. Efri hæðin er opið rými en þar er hægt að hafa tvö herbergi eða eitt herbergi og setustofu. Þakgluggi (himnagluggi) fyrir stjörnuskoðunina! Gólfefni í húsinu eru frá Harðviðarval, eikarparket og flísar á baðherbergi og í gufubaðinu. Eldhús er með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum m.a. uppþvottavél og ísskáp frá Whirlpool. Baðherbergi er með upphengdu salerni og vaski á borði, vandaður sturtuklefi. Í stofu er vönduð og falleg kamína. Útgengt úr stofu á ca 90 fm pall. Á pallinum er vandaður rafmagnsnuddpottur frá Vatnsvirkjanum. Í sérhúsinu er gufubaðið og geymsla og þar er vaskur og tengingar fyrir þvottavél og þurrkara. ÞESSA DRAUMAEIGN GETUR ÞÚ SKOÐAÐ UM HELGINA ÞEGAR ÞÉR HENTAR. HRINGDU Í SÍMA 8648090 OG VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR.

Magnús Ninni
Sölufulltrúi
694-9999
maggi@remax.is

Snorri
Sölufulltrúi
8648090
ss@remax.is

Þórunn Eiðsd.
Lögg. fasteignasali

tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

ALLT BÍLAR
Alla laugardaga

ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga



vodafone Iceland Express 1011 ...alltaf opið! Vörður

SPORT 2
enski boltinn

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Í DAG. 11:30 HD

LIVERPOOL
MAN. UTD.



Í DAG

KL. 13:45	Blackburn – Arsenal	SPORT 2
KL. 13:55	Portsmouth – Middlesbrough	SPORT 3
KL. 13:55	Newcastle – Hull	SPORT 4
KL. 13:55	WBA – West Ham	SPORT 5
KL. 13:55	Fulham – Bolton	SPORT 6
KL. 18:30	4 4 2 með Guðna Bergs	SPORT 2

Á MORGUN

KL. 12:15	Stoke – Everton	SPORT 2 HD

Á MÁNUDAG

KL. 18:50	Tottenham – Aston Villa	SPORT 2

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MISJAFNLEGA FRÉTTASJÚK Atli les blöðin og fylgist með fréttum á netinu eftir föngum en Anna hafði ekki haft hugmyndaflug til þess að fylgjast ekki með fréttum fyrr en í sumar og komst þá að því að það var alveg hægt, svona stundum að minnsta kosti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

McCain vann forsetakosningarnar

Atli Bollason, kynningarfulltrúi og liðsmaður Sprengjuhallarinnnar, er ekki berdreyminn, **Önnu Ólafsdóttur Björnsson,** sagn- og tölvunarfræðingi, til mikillar gleði. Hún vonar að Obama vinni forsetakosningarnar en Atla dreymdi sigur McCains. Bíómenning og tannlækningar er á meðal þess sem bar á góma á rökstólum vikunnar sem *Sigríður Björg Tómasdóttir* fylgdist með.

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður?
Anna og Atli: „Nei.“
Hvað vitið þið hvort um annað?
Atli: „Bara afskaplega lítið.“
Anna: „Atli er í Sprengjuhöllinni en tónlist þeirra var sumarmúsíkin mín í fyrrasumar. En svo veit ég ekkert annað en það sem Google sagði mér og það er svindl.“ [Hér skella þau upp úr eins og oft á meðan á spjallinu stendur enda bæði hress og hláturmild ef marka má þessi kynni.]
Atli: „Ég réðst ekki í neinar rannsóknir.“
Anna: „Ég er Google fíkill þannig að ég gat ekki annað. Ég veit að þú tókst bókmenntafræði og þá get ég sagt þér að endur fyrir löngu tók ég almenna bókmenntasögu sem er sama fagið.“
Ef þið ættuð að nefna nokkur atriði sem þið haldið að hitt hafi gaman af hvað myndi það þá vera.
Atli: „Ég held að þú hafir gaman af því að grúska í bókum.“
Anna: „Það er rétt og ég segi sömuleiðis. En þessi var ódýr, ég skal ekki endurtaka það sem þú segir aftur.“

VISSIR ÞÚ?

- Að Anna sat á þingi fyrir Kvennalistann á árunum 1989-1995
- Að Anna er með tvær BA-gráður í sagnfræði og bókmenntafræði og tvær meistaragráður í sagnfræði og tölvunarfræði
- Að næsta ljóðabók sem Anna ætlar að kaupa sér eru Blótgælur Kristínar Svövu Tómasdóttur
- Að síðasta bók sem Atli las var Vefarinn mikli frá Kasmír
- Að Atli geymir ólesnar bækur í plastinu í bókahillunni
- Að hann var að hefja störf sem kynningarfulltrúi hjá Forlaginu
- Að hann fær hroðalegt samviskubit ef hann þarf að henda plastflöskum í ruslið

Atli: „Ég hugsa að þú hafir gaman af því að taka þér eitthvað nýtt fyrir hendur, þú vilt ekki vera of lengi á sama stað.“
Anna: „Já, það er rétt. Ég held að þú hafir gaman af tónlist, ef ekki þá væri það mjög sorglegt.“
Atli: „Já ég hef mjög gaman af tónlist og lít reyndar frekar á mig sem tónlistargagnrýnanda en tónlistarmann.“
Atli: „Ég myndi halda að þú værir heimakær.“
Anna: „Upp að vissu marki er ég það, mér finnst rosalega gaman að vera heima svo framarlega sem ég kemst rosalega mikið í burtu.“
Anna: „Ég myndi halda að þú værir miðbæjarrotta.“
Atli: „Í seinni tíð, já.“
Atli: „Ég tippa á að þú sért mamma og þér þyki það virkilega skemmtilegt.“
Anna: „Já, já og þó að börnin séu komin yfir 30 þá eru þau rosalega hress og fín.“
[Nú snýr Atli sér að blaðamanni áhyggjufullur yfir því að þau séu leiðinlega getspök og fer því út í aðra sálma.]
Atli: „Ég held að þú sért mikið fyrir jaðarsport.“
Anna: „Ha ha kannski ekki alveg. Klikkaðasta jaðarsportið sem ég hef tekið þátt í er að halda ræðu, það eru margir hræddir við það. Ég hef oft horft á svona íþróttir en svo hrist hausinn og sagt: Þetta er ekki ég. Jú, ég fór einu sinni í rennibraut á Kanarí, það var frekar villt. En að lokum myndi giska á að þú værir laumugúrme.“
Atli: „Ég myndi segja að ég væri ný tegund af gúrme. Ég er mjög mikið fyrir að finna bestu sælkerahliðar á skyndibita og almennt er ég mikið fyrir að taka lágmenningarlegt konsept og hífa það upp á hærra plan.“

Óttuðust ekki heimsendi

Í tengslum við gangsetningu á öreindahraðli í tilraunastofu evrópsku rannsóknarmiðstöðvarinnar í Sviss vildu sumir meina að heimsendir væri í nánd. Tilheyrðuð þið þeim hópi?
Anna: „Ég var voða spennt hvort að það yrði heimsendir og yfir að verða hugsanlegur þátttakandi í honum. En, nei, það var einhver búinn að segja mér að heimsendir væri ekki séns og ég trúði því auðvitað, annars hefði mér ekkert fundist þetta sniðugt.“
Atli: „Ég var búinn að lesa um þessa tilraun fyrir löngu síðan og var búinn að heyra af því að það væri búið að setja upp þetta tæki. Ég hef svo mikla trú á vísindum að um leið að það komu eðlisfræðingar í sjónvarpið og sögðu að það yrði ekki heimsendir þá huggaði það mig mjög og ég bara trúði þeim.“

> Klikkaðasta jaðarsportið sem ég hef tekið þátt í er að halda ræðu... jú, ég fór einu sinni í rennibraut á Kanarí, það var frekar villt.

Koma flóttamanna frá Palestínu vakti mikla athygli í vikunni, fylgdust þið með henni? Hvað finnst ykkur um stefnu í málefnum flóttamanna?
Anna: „Ég hef fylgst mjög vel með, því ein góð vinkona mín er í einni af þessum móttökufjölskyldum. Mér finnst gott hvernig flóttamenn eru valdir hingað, þessir svokölluðu kvótaflóttamenn, það eru valdir flóttamenn sem eiga erfitt uppdráttar í sínu eigin landi. Það er ekkert grín að vera einstæð móðir í hvaða landi sem er en hér er það ekkert mál. En svo finnst mér vegna þess að við búum við þær aðstæður að við getum boðið fólki betri aðstæður að við bara eigum að gera það. Hér er nóg pláss.“
Atli: „Mér finnst að við eigum að taka miklu fleira fólk hingað. Og mér finnst hræðilegt að heyra af því að í Njarðvík sé flóttamönnum sem hingað koma og sækja um hæli haldið og fái ekkert að vita um hvenær svarið við umsókn þeirra berst. Það finnst mér ekki mönnum bjóðandi.“
Anna: „Eitt sem mér finnst skipta miklu máli er að veita stuðning og tungumálakennslu, til þess að flóttamenn geti fótað sig. Maður er sjálfur eins og belja á svelli í framandi þjóðfélögum. Það þyrfti einnig að styðja betur við bakið á annarrar kynslóðar innflytjendum, þetta brottfall þeirra úr framhaldsskólum er algjör óþarfi.“
Atli: „Heimurinn fer minnkandi, á næstu árum mun fólki fjölga sem vill koma hingað. Okkur finnst sjálfsagt að geta farið og því ætti okkur að finnast sjálfsagt að taka á móti fólki.“

Tannlæknakostnaður er rugl

Lög um sjúkratryggingar voru samþykkt í vikunni hvað finnst ykkur um þau?
Atli: „Lykilatriði að allir hafi sama aðgang, ekki sé hægt að kaupa sig fram fyrir röðina. Það hefur bara gerst svo víða. Það hefur til dæmis gerst í Bandaríkjunum.“
Anna: „Ég er klár á því að það sé stærsta hættan og að kostnaðarliðum verði velt yfir á sjúklinga, er skíthrædd við það mál því það er stór hópur sem myndi neita sér um læknisþjónustu ef þarf að fara að borga fyrir hana.“
Atli: „Og þá vil ég nota tækifærið og benda á að það þarf að taka þessi tannlæknamál í gegn, hvað er í gangi þar? Það er svo ógeðslega dýrt að fara til tannlæknis, þetta er bara rugl. Það er fullt af fólki á mínum aldri um og yfir tvítugu sem bara fer ekki til tannlæknis því það er svo dýrt. Svo kemur fólki eitthvað á óvart að tannheilsa sé að fara til fjandans.“
Anna: „Sammála og það væri ekkert mál að breyta þessu. Það er hægt að gera alla samninga ef viljinn er fyrir hendi. Og það á einnig við um ljósmæður.“
Baráttan fyrir bandarísku forsetakosningarnar er æsispennandi, fylgist þið með henni?
Atli: „Hei, um leið og þú segir þetta þá man ég hvað mig dreymdi í nótt, mig dreymdi að það væri dagurinn eftir kosningar.“
Anna: „Og hvernig fór?“
Atli: „McCain vann.“
Anna: „Ó, sjitt. Ég er nefnilega svo hrædd við að það gerist.“
Atli: „Í draumnum var ég svo hissa.“
Anna: „Já, hvernig gat þetta gerst! Fyrir hálfu ári þá hélt maður að þetta gæti ekki gerst en núna eru þessi úrslit alvöru möguleiki og ég er alveg í losti yfir því. Það sem ég held að sé að gerast er að lausafylgi sem hann fékk í forkosningunum er ekki að skila sér og við vitum ekki hvort það mun skila sér, fyrr en á kosninganótt. Svo ég ætla að vaka og vaka og vaka eins og ég hef gert hverja einustu nótt síðan Kennedy var kosinn 1960 þá var ég átta ára. Ég vona heitt og innilega að Obama verði kosinn en ég er skíthrædd. Ég vona að þú sért ekki berdreyminn Atli?“
Atli: „Ég hef ekki verið það hingað til og verð það ekki fyrr en í nóvember í fyrsta lagi.“

Aníta er glæsileg

Myndin Journey to the center of the world skartar íslensku Hollywood-stjörnunni Anítu Briem, ætlið þið að sjá hana?
Atli: „Ætli það ekki ég held að maður verði að sjá hana, hún hefur verið svo glæsileg hún Aníta á öllum myndunum frá Hollywood. Eru svo ekki allir í 66 gráðum norður fatnaði í myndinni? Íslenski smáborgarinn í manni er bara mjög stoltur af henni Anítu og að fólk sé að flykkjast á myndina hennar í útlöndum.“
Anna: „Mér finnst mjög gaman að því að hafa Íslending í svona stórmynd og sé hana örugglega fyrr en síðar. Annars er mín bíósaga mjög glompótt og það er hálf tilviljunarkennt hvenær ég fer í bíó.“
Atli: „Mér finnst mjög gaman í bíó en það eru oft ansi leiðinlegar myndir í bíó, eiginlega alltaf. Ég væri til í að sjá meira af þessum myndum rata inn í venjulegar sýningar. Held að það sé algjör misskilningur hjá þeim sem stjórna bíóhúsunum að fólk vilji ekki sjá góðar myndir í bíóhúsum.“
Anna: „Það þarf að bara að byggja upp menningu fyrir öðru en bandarískum stórmyndum.“
Atli: „Eins í þessu eins og öllu að það er ekki bara eftirspurn sem stjórnar framboði heldur stjórnar framboðið líka eftirspurninni.“

PERLURUGL!

ÚTIVISTAR OG SKÓMARKAÐURINN
Í PERLUNNI
6. SEPTEMBER TIL 14. SEPTEMBER

Afgreiðslutímar:

Laugardag og sunnudag 10-18
Mánudag - föstudag 12-18

GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR VETURINN

66°Norður

Jakkar.....frá 5.000 kr.
Flíspeysur.....frá 2.500 kr.
Dúnúlpur.....frá 8.000 kr.
Krakka jakkar.....frá 5.000 kr.
Regnjakkar barna..... 1.500 kr.
Krakka flíspeysur..... 2.500 kr.
Barna flísbuxur..... 1.000 kr.
Vinnu flíspeysur.....
Vinnuúlpur.....3.000 kr.
Vind jakki.....
Vind buxur.....1.000 kr.

Skór

Herraskór frá..... 2000 kr.
Dömuskór frá..... 1000 kr.
Barnaskór frá..... 500 kr.
Fjallaskór frá. 5000 áður 11995 kr.
Dömustígvél frá. 9000 áður 14995 kr.

Lokahelgin
Opið laugardag og sunnudag 10-18



Kaupfélagið
66° NORÐUR
ecco skór.is
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

Klíkustríð í Kaupmannahöfn

Harðvítug átök geisa um þessar mundir milli Hells Angels gengisins og annarrar kynslóðar innflytjendaklíkna í Danmörku. *Kjartan Guðmundsson* kynnti sér uppruna átakanna og umfjöllun danskra fjölmiðla um málið.

Mikil fjölgun hefur orðið á skotárásum á götum úti í Danmörku upp á síðkastið. Það sem af er þessu ári hefur verið tilkynnt um yfir þrjátíu slík tilvik, samanborið við þau tuttugu tilvik sem lögregla þurfti að hafa afskipti af allt síðastliðið ár. Einnig hefur orðið merkjanleg aukning í öðrum ofbeldisverkum. Lögreglu hefur einungis tekist að upplýsa brot af þessum tilfellum, en fullvíst þykir að þau tengist vel flest stigvaxandi hörku í átökum gengja, sem berjast sín á milli um yfirráð á eiturlyfjamarkaði og fleira.

Um síðustu helgi var tilkynnt um fimm ofbeldisárásir, sem allar tengdust gengjum og klíkum í höfuðborginni Kaupmannahöfn. Þótt flestir lögreglumenn sem hafa tjáð sig um málið vilji ekki ganga svo langt að líkja núverandi ástandi við stríðið sem ríkti milli Hells Angels og Bandidos mótorhjólagengjanna um stóran hluta Skandinavíu á tíunda áratugnum, virðast þeir vera sammála um að ástandið sé alvarlegt og ekki líklegt til að skána á næstu misserum.

Vítisenglar og innflytjendur

Deilur síðustu mánaða standa á milli hinnar illræmdu Hells Angels klíku, sem hefur orðið fræg að endemum í Danmörku fyrir spellvirki af flestu tagi undanfarna áratugi, annars vegar, og hóps af gengjum, sem skipuð eru annarrar kynslóðar innflytjendum í Danmörku, hins vegar. Þessi gengi innflytjenda, sem heita nöfnum eins og Black Cobras, Burhanklíkan, Blågårds plads-gengið og Den Internationale Club (DIC), hafa margsinnis átt í skærum innbyrðis, en eru nú talin hafa lagt vopnin til hliðar um stund til að sameinast gegn Hells Angels.

Talið er að einna helst sé tekist á um yfirráð á eiturlyfjamarkaði Danmerkur, sem hefur opnast og færst í auknum mæli út á göturnar eftir að helstu eiturlyfjabækistöð Danmerkur, Pusher-Street í fríríkinu Kristjaníu, var lokað fyrir fáum árum. Þó er bent á að deilurnar snúist einnig að töluverðu leyti um peninga, vændi, heiður og persónulega hefndarþörf.

Upphaf átakanna

Vart er um annað rætt í Danmörku þessa dagana en hið mögulega gengjastríð. Átökin hófust formlega um miðjan ágúst síðastliðinn þegar hinn nítján ári gamli Osman Nuri Dogan var myrtur með Kalishnikov-vélbyssu í Tingbjerg, sem er úthverfi um níu kílómetra Norð-vestur af Kaupmannahöfn og heimavöllur margra innflytjenda. 22 ára gamall maður var handtekinn grunaður um verknaðinn, og er hann meðlimur í hinum ört stækkandi hópi meðlima AK81 gengisins, sem er eins konar ungliðahreyfing Hells Angels í Danmörku. 81 stendur fyrir upphafsstafi Hells Angels, sem eru stafir númer átta og eitt í stafrófinu, en AK mun vera skammstöfun á slagorðinu „Altid Klar“, eða „Ávallt viðbúinn“, sem hingað til hefur tengst skátahreyfingunni órjúfanlegum böndum, í hið minnsta hér á Íslandi.

Fátt þykir þó skátalegt við athafnir meðlima AK81, sem flestir eru á aldrinum 16 til 25 ára og er lýst sem nokkurs konar nemendum eldri og reyndari Vítisengla. „Margt ungt fólk hefur ekki efni á að kaupa sér Harley Davidson-hjól. AK81 er góð leið fyrir þessi ungmenni til að komast inn og læra á klúbbinn og starfsemi okkar,“ sagði hinn víðfrægi Vítisengill og Íslandsvinur Jørn Jønke Nielsen í samtali við netsíðu sjónvarpsstöðvarinnar TV2. Dönsk lögregluyfirvöld gefa lítið fyrir þá skýringu og telja að meðlimir AK81 séu einfaldlega notaðir sem lífverðir og til að vinna skítverkin fyrir Hells Angels gengið, til að fría höfuðpaurana ábyrgð fyrir dómstólum. Morðið á Dogan þykir skýrt dæmi um þessa tilteknu línu sem hefur verið lögð í starfsemi Hells Angels.

Ekki hefur komið fram hvaða gengi hinn myrti Dogan tilheyrði, en ljóst þykir að óvild milli ýmissa gengja innflytjenda og Hells Angels hafi verið við lýði í nokkurn tíma. Nuri Dogan var alvopnaður þegar hann var skotinn niður í Tingbjerg og því líklegt að hann hafi búist við átökum.

UPPHAFIÐ Átökin hófust formlega með morðinu á hinum nítján ára gamla Osman Nuri Dogan í Tingbjerg, úthverfi Kaupmannahafnar. Meðlimur AK81 er grunaður um verknaðinn. Blóm voru lögð á götuna við morðstaðinn til minningar um hinn látna.

MYND/TEITUR JÓNASSON

Handsprengjur og kúlnahríð

Eftir morðið á Dogan hefur ítrekað komið til átaka milli þessara aðila. Til að mynda hefur handsprengjum verið kastað að tveimur bækistöðvum Hells Angels í Kaupmannahöfn, á Nørrebro og Amager, og einnig að húsi gengisins í Risskov í Árósum. Einnig hafa milli hundrað og tvöhundruð manna hópar, sem tilheyra báðum aðilum, gengið um götur höfuðborgarinnar, unnið skemmdarverk á eigum borgara og hrópað ógnandi slagorð líkt og „borgin tilheyrir okkur“ og fleira í þeim dúr. Einnig hefur komið til frekari átaka víðs vegar um Danmörku og nokkrir hafa særst alvarlega í skotárásum.

Í vikunni sagði Ekstrabladet frá því að fjórar til fimm stærstu innflytjendaklíkurnar, undir forystu Blågårds plads-gengisins, hefðu haldið nokkra fundi á síðustu vikum í þeim tilgangi að ræða stöðuna sem komin er upp. Blågårds plads-gengið ku hafa verið einna umsvifamest á fíkniefnamarkaðinum af innflytjendaklíkunum, og talið er að þeir sjái hag sinn í því að þurrka Vítisenglana af yfirborði Danmerkur. Það eru því greinilega ekki allir „ligeglad“ í borginni við sundin þessa dagana.

Fjölgun gengjameðlima

Í frétt Politiken í vikunni segir að stuðningur og almennur áhugi á Hells Angels hafi aukist gríðarlega í kjölfar átakanna. AK81 hefur haft fyrir venju að auglýsa eftir nýjum meðlimum á netinu, og heimsóknum á síðu þeirra hefur fjölgað gríðarlega á síðustu vikum. Ekki er óvarlegt að ætla að uppruni meðlima innflytjendaklíkanna, sem flestir eru af arabískum eða asískum ættum, hafi sitthvað að segja í því efni. Þekkt er að óþol í garð innflytjenda, sérstaklega hjá ungu fólki, hefur aukist mjög á síðustu árum og áratugum í Danmörku. Alls kyns árekstar hafa átt sér stað, og ólíklegt að hinar miklu deilur vegna birtingar Jyllandsposten á skopmyndum af Múhammeð spámanni hafi gert mikið til að lægja öldurnar.

Lögregluyfirvöld hafa reynt eftir megni að gera lítið úr þessum aukna stuðningi við Vítisenglana. Jörgen Isalin, yfirmaður í dönsku ríkislögreglunni, segir í samtali við dagblaðið Information að aukningin sé skiljanleg í augnablikinu, en muni ekki verða til þess að Vítisenglasamfélagið vaxi óhóflega mikið. „Rokkurunum fjölgaði gríðarlega meðan á stríðinu milli Hells Angels og Bandidos stóð, en svo fækkaði þeim fljótlega aftur þegar friður komst á. Það er afar líklegt að þróunin verði svipuð nú,“ segir Isalin. Hann vill þó ekki líkja núverandi ástandi við rokkarastríðið á tíunda áratugnum að öðru leyti. „Þetta er alls ekki sami hluturinn. Núna eru það ekki tvær vel aðgreindar fylkingar sem takast á. Það eru Hell's Angels og AK81 annars vegar og svo milli fimmtán og tuttugu minni gengi úr innflytjendasamfélaginu hins vegar.“

Isalin segir uppruna átakanna að stóru leyti vera tilkomu ungliðahreyfingarinnar snemma á síðasta ári. „Margir af hinum nýju meðlimum AK81 komu inn í gengið með sínar eigin deilur við aðila úr innflytjendasamfélaginu á bakinu. Þessar deilur breytast svo úr því að vera persónulegar deilur yfir í að vera deilur milli gengjanna í heild. Þetta geta verið rifrildi um stelpur, fyrrverandi kærustur og alls kyns hluti,“ segir Isalin.

Alvarlegt vandamál

Michael Hviid Jacobsen, lektor í félagsfræði við Álaborgarháskóla og sérfræðingur í klíkumenningu, er ómyrkur í máli í viðtali við 24 Timer og segir átökin vera grafalvarlegt mál fyrir alla íbúa Danmerkur. „Ofbeldisverkin, sem hingað til hafa haldist innan gengjanna, eru nú á leiðinni út í hið almenna samfélag. Það er komið út á götur og stræti, og í rauninni er það einungis tilviljun sem hefur ráðið því að borgarar hafa ekki orðið fyrir skoti enn. Stór hluti þeirra sem ganga um göturnar með alvæpni eru af innflytjendaættum. Það verður hreinlega að viðurkennast að það er mikið vandamál sem þarf að takast á við,“ segir Jacobsen og bætir við að samstillt átak lögreglu, stjórnmálamanna og starfsmanna í félagslega geiranum þurfi til að stemma stigu við aukinni gengjamyndun og þeirri hættu sem af klíkustarfsemi stafar.

Eðlilega hefur gripið um sig töluverður ótti meðal íbúa þeirra svæða í Danmörku sem átökin hafa geysað á. Til dæmis birti dagblaðið BT í vikunni kort þar sem sjá má hvar höfuðstöðvar helstu gengja landsins er að finna. Ole Dahl, yfirmaður í morðdeild lögreglunnar, segir að hættan sé vissulega til staðar. „Vissir staðir eru hættulegri en aðrir. Það er óþarfi að fyllast ofsahræðslu, en vissara að vera var um sig,“ segir Dahl.

Óvissa um framhaldið

Stríðið milli Hells Angels og Bandidos um miðjan tíunda áratuginn varð til þess að fimm manns létu lífið í Danmörku, yfir fjörtíu morðtilraunir voru gerðar og hundruð slösuðust alvarlega, auk mun meiri mannskaða víðs vegar um Skandinavíu. Ekki er nokkur leið að segja til um hvort átökin um þessar mundir skili sér í svipuðum tölum. Lögregluyfirvöld vilja meina að fátt sé líkt með ástandinu nú og fyrir áratug, en margir, og ekki síst hinir almennu borgarar, óttast hið versta.

VÍTISENGLAR Meðlimir AK81, ungliðahreyfingar Hells Angels, berjast nú við meðlimi nokkurra gengja sem skipuð eru annarrar kynslóðar innflytjendum í Danmörku. AK stendur fyrir „Altid Klar,“ en 81 táknar upphafsstafi Hells Angels, sem eru áttundi og fyrsti bókstafurinn í stafrófinu.

STÓRA SKANDINAVÍSKA MÓTORHJÓLAGENGJASTRÍÐIÐ 1994-1997

Danmerkur-deild Hells Angels hefur verið við lýði síðan 1980. Gengið náði fljótlega að sölsa undir sig yfirráð í undirheimunum, þar á meðal fíkniefnaheiminum, með því að ganga hart fram og víla ekki fyrir sér að meiða eða myrða þá sem stóðu í veginum. Meðlimum Vítisenglanna fjölgaði gríðarlega hratt á níunda áratugnum og fór svo að brátt höfðu nágrannar þeirra í Skandinavíu, Svíþjóð, Noregur og Finnland, einnig eignast sínar Hells Angels deildir.

Bandidos hélt innreið sína í Danmörku árið 1993, en fram til þess tíma hafði eina deild gengisins í Evrópu haft aðsetur í Marseilles í Frakklandi. Tvö alþjóðleg mótórhjólagengi höfðu nú aðsetur í Danmörku og þótti mörgum nóg um. Spenna myndaðist umsvifalaust milli meðlima gengjanna tveggja, þótt ekki syði upp úr fyrr en ári síðar, 1994. Þá höfðu Bandidos einnig dreift sér til hinna Skandinavíulandanna. Stríðið mikla hófst í Svíþjóð, þegar Hells Angels reyndu að hindra minna mótorhjólagengi, Morbids MC, í að ganga til liðs við Bandidos. Skotbardagi milli gengjanna tveggja braust út í Helsingborg, þar sem einn lést og þrír særðust. Í kjölfarið breiddust átökin út um alla Skandinavíu og lauk ekki fyrr en þremur árum síðar, árið 1997, þegar Jim Tindman, forseti Evrópudeildar Bandidos, og Bent „Blondie“ Nielsen, foringi danskra Vítisengla, staðfestu frið með handabandi í sjónvarpsfréttum í Danmörku. Alls létust ellefu manns í gengjastríðinu. 74 morðtilraunir voru gerðar og yfir hundrað særðust. Ekki hefur komið til átaka milli gengjanna tveggja síðan. Grunur leikur á að Bandidos séu í nánu samstarfi við sum innflytjendagengin sem nú kljást við Hells Angels, en Bandidos hafa hingað til haldið sig frá átökunum.

FARVEL Jarðarfarir í kjölfar átaka Hells Angels og Bandidos voru vel sóttar og vöktu óskipta athygli fjölmiðla og almennings í Skandinavíu. Hér bera meðlimir Bandidos í Danmörku fallinn félaga til grafar.

EGG FLYTUR

ALLT AÐ **90%** AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU DAGAR
ALLT Á AÐ SELJAST!!

60-90%
AFSLÁTTUR AF
LÍN DESIGN

Amica háfar í úrvali
Allt að **40%** afsláttur

60-80%
AFSLÁTTUR AF
HÚSGÖGNUM

Vibieffe, Fly 810
3ja sæta sófi
127.960
~~319.990~~

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR AF
LJÓSUM

ENN MEIRA ÚRVAL
60-90%
AFSLÁTTUR AF
GJAFAVÖRUM OG
BÚSÁHÖLDUM

Blástursofn, Electrolux
Stál, 8 kerfi, þrefalt gler
58.490
~~73.990~~

HREINLÆTIS-
TÆKJADEILD
50%
AFSLÁTTUR AF
SÝNINGAREINTÖKUM

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR AF
FLÍSUM
*TAKMARKAÐ MAGN Í
HVERRI TEGUND



DESIGNA
INNRÉTTINGAR
ENN MEIRI
AFSLÁTTUR AF
SÝNINGAREINTÖKUM

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir

OPIÐ VIRKA DAGA 12 - 18
LAUGARDAGA 11 - 18
SUNNUDAGA 12 - 17

EGG SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400

Vil láta jarða mig í geimbúningi Buzz Aldrin

Guðmundur Hallgrímsson, betur þekktur sem Mundi, er einn frambærilegasti ungi fatahönnuður Íslendinga. Föt hans hafa vakið athygli tískuspekúlanta bæði á Íslandi og erlendis og nú var þriðja fatalína hans að líta dagsins ljós í versluninni Kron Kron. *Anna Margrét Björnsson* tók hann í þriðju gráðu yfirheyrslu.

Ef þú værir ekki hönnuður hvað myndirðu þá vera?
Lýtalæknir.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?
Gull- og demantshúðað Rolex-úr.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?
„You are fired!“ Það var rosa vont.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa?
Í Úganda. Í borginni Gulu með frelsaranum.

Uppáhaldshönnuður þinn og af hverju?
Ætli ég segi ekki grafíski hönnuðurinn Sagmeister því hann er trylltur.

Draumahelgin þín í einni setningu:
AAAAAbbbbkkkkallllkkk bbbbllllló6666666666666666666ó6ó6ó6ósssssssssssss!!! K L Z Æ T Y yeee yeee yeee yeee mega DEATH!

Flíkin sem þig langar að vera jarðaður í:
Geimbúningur Buzz Aldrin.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?
Bakkaþvotturinn í SS-sláturhúsinu. Vrkilega ömurlegt og ógeðslegt starf.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni:
Sjávardjúpin, það er ótrúlegt hvað við vitum lítið um sjávardýpin. Við vitum mun meira um yfirborð tunglsins meira að segja. Í hvert skipti sem farin er ferð þangað niður finnst ný og mögnuð lífvera ef ekki nokkrar. Og þær líta allar út eins og geimverur, margar af þessum lífverum sjá aldrei dagsins ljós og snerta aldrei neitt hart á ævinni.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta á mest í dag?

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Guðmundur Hallgrímsson.

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Þriðja „kolleksjónin“ mín var að koma út.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI? Ég fæddist 6. janúar 1987. Frelsarinn fæddist sama ár, í Suður-Súdan í Afríku, en fáir vita þessa staðreynd.

Ég er mjög opinn fyrir alls kyns tónlist, tónlistaráhugi minn kemur samt úr rokkinu. Það sem ég heillast mest af eru hljómsveitir sem þora að gera eitthvað sem er ekki fyrir alla. Ég er samt algjör steik með tónlist og á mikið til með að hlusta bara á gamla diska. Hvaða tónlistaráhugamaður sem er getur kallað mig ömurlegan og útrunninn hvað þetta varðar. Góðir félagar mínir, Raggi og Heimir, halda mér samt á fremsta broddi teknós og hipphopps sem ég fíla líka. Svo dýrka ég hljómsveitina Fist Fuckers.

> Ég fer nú ekki mjög leynt með nautnir mínar, þótt margar séu undarlegar.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju?
Ég mundi fara fram í tímann og fræðast um hvað mun gerast í nánustu framtíð, síðan kæmi ég til baka sem ofurhetja og myndi hindra stríð og morðingja.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?
Gerandi allt þetta sem ég er alltaf að gera, neyðist ég til að halda góðu andlegu jafnvægi og láta ekki neitt koma mér á óvart eða stressa mig upp. Það að láta eitthvað halda sér vakandi er merki um hræðslu fyrir mér og maður á aldrei að vera hræddur, það mun alltaf koma dagur eftir þennan dag.

Áttu þér einhverja leynda nautn?
Ég fer nú ekki mjög leynt með nautnir mínar, þótt margar séu undarlegar, en þær nautnir sem ég geymi leyndar er best að halda leyndum.

Uppáhaldsbókin þessa stundina?
Ætli ég segi ekki World Atlasinn, hann er klassík.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?
Ætli ég líti ekki mest upp til Gelitin-bræðra, þeir eru hreint út sagt magnaðir.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?
Godd! Nei, nei, það er djók. Hann er fyndinn. Ég elska alla.

Uppáhaldsorðið þitt?
Að „Baska“.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?
Lífið er fullkomið – allt auka er bónus. Ef ég ætti samt að fá mér einhvern mega bónus þá myndi ég vilja kunna að spila fullkomlega á eitthvert hjóðfæri.

Hvað er næst á dagskrá?
Fréttir.

GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON FATAHÖNNUÐUR „Versta starfið sem ég hef gegnt var bakkaþvottur hjá SS. Það var ömurlegt og ógeðslegt starf.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

MÆLISTIKAN

● **Á uppleið**

Köflótt Hinir skemmtilegu nágrannar okkar Skotar klæðast köflóttum skotapilsum hvernig sem tískuheimurinn lítur á fyrirbærið en nú er lag fyrir alla sem fíla köflótt að koma út úr skápnum. Köflótt er nefnilega sjóðheitt í vetur og má sem dæmi nefna haustlínu Dolce og Gabbana sem gerði köflóttum flíkum hátt undir höfði svo ekki sé meira sagt.

Útvíðar gallabuxur Eftir mörg ár þar sem niðurmjóar gallabuxur hafa tröllriðið tískunni þá eru útvíðar gallabuxur á uppleið þeim sem hafa forðast hitt lúkkið til mikillar ánægju.

Kynlíf Það er inspírerandi, upplífgandi, ódýrt og heilsusamlegt, að stunda kynlíf. Fyrir þá hugmyndalausu er sem betur fer nýútkomin Kynlífsbiblía sem ætti að geta lífgað upp á kynlífið hjá jafnvel þeim allra daufustu.

Borgarferðir Það er komið haust og fátt sem lífgar meira upp á það en að skella sér í svosem eins og eina borgarferð. Af nógu er að taka en enginn ætti að vera svikinn af haustferð til New York borgar svo dæmi séu tekin.

● **Á niðurleið**

Íslenskir leiðtogar þjóðin treystir ekki þeim sem eru leiðtogar í lykilhlutverkum á Íslandi ef marka má nýjustu kannanir. Kannski ekki skrítið miðað við þá hraðsiglingu í kreppu sem öllum er stefnt í um þessar mundir, nema ef til vill leiðtogunum sem eru margtryggðir með starfslokasamninga og feit lífeyrisréttindi.

Ofurlúkk Það er alveg á niðurleið að líta út fyrir að hafa eytt miklum tíma í útlitið, jafnvel þótt staðið sé fyrir framan spegilinn í klukkutíma á afraksturinn að vera eins og í mesta lagi fimm mínútum hafi verið varið í hár, förðun og fataval.

Barneignir Ljósmæður ætla að segja upp störfum í hrönnum fái þær ekki kjarabót og ekki virðist vera vilji til þess að hækka launin hjá þeim. Skilaboðin hljóta að vera að það sé ekki málið að eiga börn, eða að minnsta kosti að vera ekki með mikið vesen í kringum barneignir, taka jafnvel á móti þeim sjálfur. Það getur varla verið svo mikið mál – eða hvað?

Lán Þeir sem komast hjá því að taka lán ættu svo algerlega að sleppa því, í verðbólgu og verðtryggingu gera þau ekkert nema að hækka, þrátt fyrir að staðið sé í skilum með afborganir hvern einasta mánuð.

BROADWAY
kynnir

FRUMSÝNING
11.10.08

- 11.10.08 | Frumsýning
- 18.10.08 | UPPSELT
- 25.10.08 | UPPSELT
- 14.11.08 | Jólahlaðborð
- 15.11.08 | Jólahlaðborð
- 21.11.08 | Jólahlaðborð
- 22.11.08 | Jólahlaðborð
- 28.11.08 | Jólahlaðborð
- 29.11.08 | Jólahlaðborð
- 05.12.08 | Jólahlaðborð
- 06.12.08 | Jólahlaðborð
- 12.12.08 | Jólahlaðborð
- 13.12.08 | Jólahlaðborð

MADONNA

Stórkostleg tónlistarsýning þar sem tónlist hinnar heimsfrægu **Madonnu** verður flutt af einni bestu söngkonu ungu kynslóðarinnar, **Jóhönnu Guðrúnu**

LA ISLA BONITA
VOUGE
LIKE A PRAYER
TRUE BLUE
PAPA DON'T PREACH
CRAZY FOR YOU
EXPRESS YOURSELF
LIKE A VIRGIN
HOLIDAY
MATERIAL GIRL
INTO THE GROOVE

Leikstjóri: Margrét Eir
Tónlistarstjóri: Þórir Úlfarsson
Danshöfundur: Nanna Ósk Jónsdóttir

Miðasala í síma 533 1100 eða á broadway@broadway.is

BROADWAY
Skrautfjöðrin í skemmtanalífinu

stofa108

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir …

Suma flóttamenn. Á Íslandi eru sumir flóttamenn velkomnir, ekki allir, og helst bara þeir sem við veljum sjálf. Palestínska flóttafólkið sem kom á Skagann í grenjandi slagviðri var þakklátt og þreytt. Nú tekur við strembið aðlögunarferli. Næsta dag réðst fjölmenn sveit lögreglumanna með meintu offorsi inn á langþreytta hælisleitendur í Keflavík og hafði upp úr krafsinu ýmis gögn sem benda sum, að sögn, til þess að hér séu á ferð sníkjudýr á íslensku velferðarþjóðfélagi. Hasshundurinn fann hins vegar ekki neitt.

Emilíönu Torrini. Nýja platan hennar Emilíönu, „Me and Armini“, sem kom út í vikunni fær gríðarlega góða dóma í ensku pressunni sem og í Fréttablaðinu. Stjörnurnar hrannast upp og gagnrýnendur hafa ekki undan að grípa til sterkra lýsingarorða og myndlíkinga við demanta, rjóma og bráðnandi ísjaka. Sumir vilja jafnvel meina að með plötunni verði Emilíana að alþjóðlegri stórstjörnu. Við hljótum að bíða spennt eftir næstu skrefum hjá söngkonunni.

Alheiminn Nördar í Sviss kveiktu á risa-rafalnum í vikunni. Í stað þess að jörðin og íbúar hennar soguðust inn í svarthol gerðist barasta ekki neitt. Það hafði svo sem engin gríðarleg hræðsla gripið heimsbyggina, en samt: Það er alltaf jafn ánægjulegt þegar það verður ekki heimsendir. Nú er bara að halda áfram að gleyma sér yfir amerísku sjónvarpsefni, kaupa sokka og þrífa klósettið.



Slæm vika fyrir …

Hluthafa Eimskips. Óskabarn liggur blóðlítið og lasburða í hitakassa eftir gjaldþrot XL ferðaskrifstofunnar. Hlutabréfin í Eimskip hríðfalla og strandaglópar XL – álíka margir og hálf íbúatala höfuðborgarsvæðisins – eru úti um allar jarðir. Björgólfur Guðmundsson hlýtur þó að líta á björtu hliðarnar: Annað skipafélagið sem hann kemur nálægt er ekki farið á hausinn.

Árna Mathiesen. Fjármálaráðherra lætur sko þessar freku ljósmæður ekkert svínbeygja sig. Í staðinn fyrir að láta undan kröfum þeirra lék hann sóknarbolta og fór í hart: kærði ljósmæðurnar fyrir ólöglegar fjöldauppsagnir. Þetta var voða sniðugt hjá Árna á þessu stigi málsins… eða þannig. Svona gerir maður ekki, sagði einhvern tímann einhver við svipað tækifæri.

Unnendur réttardrama. Árni Johnsen versus Agnes Bragadóttir hefði verið funheitt mál, hreinlega svo funheitt að bein útsending frá réttarsal hefði verið upplögð. Því ver og miður hætti Árni við að kæra strigakjaftinn Agnesi. Unnendur réttardrama og áhugafólk um blóðhita hefur þó fengið smá sárabætur því hægt hefur verið að fylgjast með eftirleik málsins í fjölmiðlum. Þar var meðal annars boðið upp á þóttafullan skæting og kjarnyrt nýyrði.

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON HORFIR ÚT Í HEIM

Góður málstaður landslögum betri

Það kallast tímamótadómur sem féll í vikunni í Bretlandi þegar sex Grænfriðungar voru sýknaðir af kæru um skemmdarverk.

Fólkið hafði reynt að stöðva tímabundið raforkuframleiðslu sem því hugnaðist ekki – kolaver. Þetta var ekki gert með því að sprengja verið í loft upp eða ógna öryggisverði eða neitt slíkt, heldur með því að stofna eigin limum í hættu og skíta svolítið út.

Félagarnir grænu klifruðu upp strompinn og krotuðu á hann eitthvað um Gordon Brown. Þetta, sem við köllum fíflalæti þegar það er gert á Brennisteinsvetnisheiði, kom breskri lögreglu til að splæsa í þyrlu til að stöðva skandalinn.

Hryðjuverkamönnunum var gert að sök að valda um fimm milljóna króna tjóni. En afsökun þeirra var sú að þeir hefðu í raun verið að afstýra enn meira tjóni á eignum heimsins, því kolaver valdi loftslagsbreytingum.

Réttarhöldin voru víst skemmtileg og vottuðu þar ýmsir málsmetandi menn um ill áhrif hlýnunar jarðar, meðal annars vísindamaður frá Nasa og inúíti frá Grænlandi. Sá síðarnefndi lýsti því hvernig æskuslóðirnar gufuðu upp í sífellu.

En tíðindin eru þau að kviðdómur, skipaður fulltrúum almennings, féllst á málsvörnina og komst að því að aðgerðir sjálfboðaliðanna hefðu sannarlega verið réttmætar, í það minnsta réttlætanlegar, í ljósi þess skaða sem kolaverið ylli heiminum með mengun sinni.

Borgaraleg óhlýðni og skemmdir á einkaeigum, öðru nafni lögbrot, eru sumsé réttlætanlegar aðgerðir, að því gefnu að málstaðurinn sé góður.

Þetta rekur mann samstundis á óábyrgar æskuslóðir Hróa Hattar og annarra útlaga teiknimyndasagna. Æskan blinda, þar sem rétt er rétt, þótt yfirvaldið sé á öðru máli.

En burtséð frá upplífgandi rómantík. Hvað þýðir þetta fyrir veslings dómsmálayfirvöldin? Verður héðan í frá leyfilegt að eyðileggja vínbúðir og skyndibitastaði og herstöðvar og svo framvegis?

Grænfriðungar, fornir fjendur veiðimannasamfélaga, hvetja auðvitað stjórnvöld um heim allan til að taka mið af þessum dómi.

Við getum því hlakkað til komu Saving Iceland í vor og að samtökin fari svo beina leið með sömu rök fyrir dómstóla næsta haust.

HELGARKROSSGÁTAN

Þú gætir unnið nýjustu geislaplötu
Metallica
Death Magnetic
Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN *LAUSNARORÐ* á númerið 1900!
99 kr. smsið
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón:
Þá sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON

MYND/ CC Will Fuller

MYND/ CC Bob Jagendorf

MYND/ CC Racatumba

MP & BH 133		VEIÐI	LÍFRÆN SÝRA / GJALDMIÐILL		TIL	ÓSKUÐU	FRÍ / STRÁ									
ÁSTMAÐUR																
DRAUP / FÍKNIEFNI					LAND Í ASÍU / FLETTA		2				SLÆPIST / SKÁL	ÞESSI				
NÁLARAUGA		VOÐI	URG	TÖF			Í RÖÐ / REGLA			FLAGA / Í RÖÐ						
SKAMMA / FEIKN					5	NESTISPOKI / GARPUR						ÓLUKKA / FUGLAHLJÓÐ				
				NES / ÚT						SKRIFA / ÓSKERT					NÓTT	
ERTING		KÖTTUR / ÓVISSA					SVELGUR / ÓREIÐA				VÖKVA / ELDSNEYTI					
					FYRIR HÖND			NÆRÐAR / ANGRA						FORFAÐIR / VIRKJA		
ÞRÁÐUR			3		BLÁSA / SÖNGLA				NÁR / PLÖTUUMSLAG		4		VERSLUN / TVEIR EINS			GOÐSAGNAVERA
FRÁ			ÖRN				DÓMS / STELA	1				BOLMAGN / HEITI				
DÝRKA						MÁL / VEIÐARFÆRI				TÚN / RJÚKA					KERALDI	
				DVELJA				NABBI					ANDI / MÁLMUR			
											ÞREIFA					
				MAKA				ÓGIFT								

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

SÍÐASTA UPPGÖTVUN EINSTEINS EFTIR MARK ALPERT

SPENNUTRYLLIR ÁRSINS

„ÞESSI BÓK MINNIR Á DA VINCI LYKILINN, BARA EÐLISFRÆÐI Í STAÐ MYNDLISTAR ...“
- NEW YORK TIMES

E=mc² var notað til að smíða kjarnorkusprengjuna... hvað er hægt að gera við lykilinn að upphafi sköpunarinnar?

BJARTUR

„HÉR ER ALLT Á SUÐUPUNKTI... VEL SKRIFUÐ BÓK OG FLÉTTAN FRÁBÆR.“
- NEWSWEEK

1. SÆTI
Á METSÖLULISTA
EYMUNDSSON

DYNAMO REYKJAVÍK

LEIKKONAN JACQUELINE BISSET ER 64 ÁRA.

„Falleg framkoma, sjálfsagi, sálarþrek og heilindi geta aukið mjög á fegurð kvenna. Ég vil vera aðlaðandi eins lengi og mér endist aldur til. Það hefur með lífsþrótt minn, orku, áhuga og hagsmuni að gera.“

Breska leikkonan Jacqueline Bisset hefur verið alþjóðleg kvikmyndastjarna frá því seint á sjöunda áratugnum, er hún sló í gegn móti Steve McQueen í Bullit.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. SEPTEMBER 1965

Bítlarnir gefa út Yesterday

Bítlarnir gáfu út lagið Yesterday á þessum degi fyrir 43 árum. Lagið birtist Paul McCartney í draumi þar sem hann gisti hjá kærustu sinni Jane Asher og settist hann að píanói um miðja nótt til að taka upp á segulband melódíuna svo hún hyrfi honum ekki úr minni. Lagið er þunglyndisleg, órafmögnuð ballaða um endalok ástarsambands. Paul var svo óviss um uppruna lagsins að hann gekk manna á milli með upptökuna í mánaðartíma til að sannfærast um að hann yrði ekki sakaður um lagastuld.

Þegar ljóst var að Yesterday hefði komið til Pauls eins og í draumi hóf hann að smíða við lagið texta, en lengi kallaði hann það Scrambled Eggs og hljóðaði upphaf lagsins svona: „Scrambled Eggs; oh, my baby how I love your legs.“ Þótti John Lennon miður þegar Paul gaf laginu nafnið Yesterday, þar sem þeir höfðu getað hlegið sig máttlausa yfir hinu.

Yesterday var tekið upp tvisvar í Abbey Road-stúdíóinu, en í fyrri upptökunni syngur Paul við undirleik strengjakvartetts. Útkoman þótti svo ólík öllu sem Bítlarnir höfðu fengist við að John, Ringo and George höfnuðu alfarið útgáfu lagsins á Bretlandseyjum, en þar var lagið fyrst gefið út á smáskífu 1976. Útgáfan með strengjakvartettnum var seinna gefin út á Anthology 2.

Yesterday nýtur enn vinsælda og var valið lag 20. aldarinnar í könnun BBC á meðal tónlistarspekinga og hlustenda í aldarlok. Þó hefur það aldrei komist í efsta sæti vinsældalista.

MERKISATBURÐIR

1731 Æðstu embættismenn Íslands sverja Kristjáni VI. Danakonungi hollustueið á Þingvöllum.

1788 New York verður fyrsta höfuðborg Bandaríkjanna.

1894 Frídagur verslunarmanna haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn.

1906 Flugvél fer fyrst á loft í Evrópu.

1963 Barbra Streisand giftist leikaranum Elliot Gould.

1980 Tveir ungir menn klífa áður talinn ókleifan norðvesturvegg Skessuhorns í Skarðsheiði.

1981 Borgarfjarðarbrúin vígð, 520 metrar á lengd.

1992 Guðrún Helgadóttir hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bókina Undan illgresinu.

Krossaskilti
Skilti á leiði
2.990 kr. stk.
MARKO MERKI
AUGLÝSINGAVÖRUR
SKILTAGERÐ
www.marko.is
565-1999

AFMÆLI

ANDREA GYLFADÓTTIR söngkona er 46 ára.

GUÐJÓN ARNGRÍMSSON upplýsingafulltrúi er 53 ára.

GAFLARI Gissur V. Kristjánsson með Sívertsenshús í baksýn, en þar undir gafli stóðu sjómenn í eina tíð og fengu viðurnefnið Gaflarar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LIONSKLÚBBUR HAFNARFJARÐAR: HELDUR GAFLARADAG Á THORSPLANI Í DAG

Auglýsa eftir ungum mönnum

„Það er útbreiddur misskilningur að þeir einir sem bornir eru og barnfæddir í Hafnarfirði geti kallað sig Gaflara. Allir sem búið hafa og búa nú í Hafnarfirði eru réttmætir Gaflarar, því þeir hafa lagt hönd á árina sem knýr blómlegt bæjarfélagið áfram,“ segir Gissur V. Kristjánsson, lögmaður og félagi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar, sem í dag stendur fyrir opinberum Gaflaradegi á Thorsplani.

„Ég hef lengi gengið með þá hugmynd að halda árlegan Gaflaradag, en undanfarinn áratug hafa Lionsmenn selt Gaflaramerkið til styrktar líknar- og góðgerðarmálum. Gaflarar voru upphaflega sjómenn á þilskipum, en ef hann var á suðvestan var ekki hægt að róa því þá stóð stormur inn fjörðinn og gerði brælu. Við höfnina hittust þá sjófarendur til skrafs og ráðagerða undir húsgöflum, aðallega undir Sívertsenshúsi og Flygenringshúsi því engar þakrennur voru í þá daga, en þakskegg veittu skjól,“ segir Gissur um fyrsta áratug 20. aldar, en bærinn var gerður að kaupstað 1908.

„Í tilefni af 100 ára kaupstaðarafmæli og í góðri samvinnu við bæjaryfirvöld höldum við því fyrsta Gaflaradaginn í dag. Dagskráin höfðar til allrar fjölskyldunnar og stendur frá klukkan 13 til 15. Boðið verður upp á grill, drykki og piparkökur, og óskandi að hafnfirskar húsfreyjur sjái sér fært að hnoða í vínartertur og koma færandi hendi á hlaðborð Hafnfirðinga,“ segir Gissur, en vínarterta var einmitt fínasta fínt á veisluborðum Íslendinga í byrjun 20. aldar. „Á Thorsplan mætir hljómsveit og lögð verða á borð litir og blöð svo börn geti teiknað allt sem þeim þykir fínast í Hafnarfirði. Hápunktur hátíðahaldanna verður klukkan 14 þegar landsfrægur Hafnfirðingur fær útnefninguna Gaflari ársins,“ segir Gissur.

„Lionsmenn verða með merkjasölu, en ágóði í ár fer til stuðnings Firði, íþróttafélagi fatlaðra í Hafnarfirði. Vil ég hvetja alla Gaflara til að taka vel á móti sölumönnum og styrkja gott málefni. Ég vil líka nota tækifærið og auglýsa eftir ungum mönnum til að taka þátt í klúbbastarfinu með okkur og láta gott af sér leiða um leið og þeir eignast góðan, traustan vinskap út ævina í öðrum Lionsmönnum. Í Lions er afar góð eining og mjög góðir félagar. Ég er sannfærður um að til okkar muni koma yngri menn til að viðhalda starfinu og því markmiði Lions að gera heiminn betri um ókomna tíð.“ **thordis@frettabladid.is**

75 ára afmæli

Sunnudaginn 14. september verður 75 ára

Marinella Ragnheiður Haraldsdóttir,

Háahvammi 4, Hafnarfirði. Af því tilefni bjóða afkomendur hennar til veislu á afmælisdaginn kl. 16-18 í Turninum, 7. hæð í Verslunarmiðstöðinni Firði, Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði og þætti vænt um að sjá ættingja, vini og samferðafólk á meðal gesta. Gengið er inn í lyftuhús á vesturhlið hússins. Marinella afþakkar gjafir, en söfnunarkassi verður á staðnum frá ABC barnahjálp.

†

Yndislegur sonur okkar, bróðir og unnusti,

Sverrir Franz Gunnarsson

Birtingakvísl 14, Reykjavík,

lést mánudaginn 08. september 2008. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda
Gunnar Kristján Sigmundsson
Guðný Sverrisdóttir
Ari Þór Gunnarsson
Vala Hrönn Guðmundsdóttir.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Helga Stefánsdóttir

Kópavogsbraut 83,

lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 10. sept. sl.

Árni Jóhannesson
Svava Aðalsteinsdóttir
Lovísa Aðalsteinsdóttir
Guðlaug Jónína Aðalsteinsdóttir
Vernharður Aðalsteinsson
Alda Aðalsteinsdóttir
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Halldóra Lúthersdóttir
Kristín S. Lúthersdóttir Bekkevold
Þorleif Lúthersdóttir
Einar L. Benediktsson
Sigurður Geirsson
Anna Rannveig Jónatansdóttir
Ólafur Gunnar Þórólfsson
Einar Jón Ólafsson
Valþór Söring Jónsson
Alf Bekkevold
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorlákur Breiðfjörð Guðjónsson

rafvirkjameistari, Bláhömrum 2, 112 Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 8. september. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 17. september kl. 13.00.

Ragnheiður Sturludóttir
Þórunn Þorláksdóttir
Herborg Þorláksdóttir
Guðsteinn Þorláksson
Ólafur Magnús Þorláksson
Ragnheiður Kr. Þorláksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Þorgeir Jónsson
Axel Jóhann Hallgrímsson
Lindsey Tate
Herborg Þuríðardóttir
Fergal Malone

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og tengdasonur,

Ólafur Guðmundsson

fóðurfræðingur, Þinghólsbraut 22, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 11. september. Útförin verður auglýst síðar.

Lilja Ólafsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Ólöf Ólafsdóttir
Guðmundur Ólafsson
Dagbjört Guðjónsdóttir
Ingi Freyr Rafnsson
Stefán Halldór Magnússon

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Óslitin sigurganga

– Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar



Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent



* Meðallestur 18–49 ára – allt landið

Fréttablaðið er með 43% meiri lestur en 24 stundir og 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir. Í stærsta neysluhópnum, 18–49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí–júlí 2008. Kannanir síðustu fjögurra ára hafa skotið samkeppnisaðilunum lengra og lengra afturfyrir Fréttablaðið. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Allt sem þú þarft… **…alla daga**

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Skrípaleikir og skammarlegt ástand

Ég er að lesa ágætis bók um lífshlaup Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, verkalýðsforingja og baráttukonu fyrir jafnrétti. Það er mögnuð lesning. Aðalheiður ólst upp við sára fátækt og þurfti að vinna baki brotnu til að hafa í sig og á. Hún var verkakona, vann láglaunastörf alla sína tíð og sveið ranglætið á útborgunardegi þegar launaumslög kvenna voru hálftóm. Hún barðist fyrir því að störf kvenna yrðu metin að verðleikum. Bókin er gefin út árið 1986 og er Aðalheiði tíðrætt um að langt sé enn í að störf kvenna verði metin að verðleikum. Núna 22 árum síðar segja skýrslur að launamunur kynjanna aukist frekar en hitt eða um 3 prósent milli ára. Ljósmæður standa í ströngu við að fá störf sín metin og kljást við fornan hugsunarhátt afturhaldsseggja en samninganefnd ríkisins segist enn standa á skoðunum sínum gagnvart ljósmæðrafélaginu síðan 1962! Fjármálaráðherra kærir konurnar fyrir að þrýsta á um bætt kjör. Hvað á þetta að þýða? Lofaði ekki einhver fyrir kosningar að taka fyrir launamisréttið og leiðrétta laun kvennastétta?

„Fjármálaráðherra kærir konurnar fyrir að þrýsta á um bætt kjör. Hvað á þetta að þýða?“

Á meðan hrúgast nýfædd börn upp á Landspítalanum og nýbakaðar fjölskyldur hírast frammi á göngum með grátandi hvítvoðunga og bauga undir augum. Ég geri ráð fyrir að þeir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sem aðstoði fólkið séu einnig mikið til konur, sem ekki fá störf sín metin til fjár. Hvað ætli þeim sem helguðu líf sitt jafnréttisbaráttunni á síðustu öld finnist um þennan skrípaleik? Það er varla að ég þori að horfast í augu við Aðalheiði framan á bókarkápunni í kvöld.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hárgreiðslustofan Kompaníið býður Baldur Rafn velkominn til starfa
KOMPANÍIÐ hárgreiðslustofa

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

GÍTARINN HLJÓÐFÆRAVERSLUN
Stagg
Þjóðlagagítar
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka Strengjasett, eMedia geisladiskur.
Kr. 14.900
Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár.
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is

MÁLTÍÐ MÁNAÐARINS

Style Club Samloka

franskar & Coke

895.-

AMERICAN STYLE

STOFA 53

BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA

★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

Kl. 18
Ljósmyndararnir Björn Árnason, Friðrik Örn, Guðmundur Ó. Pálmason, Guðmundur R. Guðmundsson, Ingvar Högni Ragnarsson og Julia Staples opna ljósmyndasýningu í sýningarrýminu Lost Horse, Skólastræti 1, kl. 18 í dag. Á sýningunni ægir saman alls konar stíl, viðfangsefnum og bakgrunni ólíkra einstaklinga sem eiga sinn snertiflöt í ljósmyndamiðlinum.

menning

menning@frettabladid.is

Litið yfir feril Braga

Yfirlitssýning yfir langan og merkilegan feril Braga Ásgeirssonar listmálara verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Bragi er einn af þekktari myndlistarmönnum þjóðarinnar; hann hefur starfað sem listmálari, en einnig sem kennari og listrýnir. Tímabilin í list Braga eru fjögur og skiptast á milli miðla fremur en umfjöllunarefna; teikning, grafík, upphleypt verk og málverk. Flest verka Braga eru í einkaeign en einnig í eigu safna, einkasafna, fyrirtækja og einstaklinga.

LISTAMAÐURINN Samsett mynd eftir Braga Ásgeirsson.
MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Sýningarstjóri sýningarinnar er Þóroddur Bjarnason. Hann hefur valið af kostgæfni verk frá öllum tímabilum Braga, en list hans er víðfeðm; teikningar, upphleypt poppverk, abstrakt málverk og fígúratíf grafík. Sýningin gefur gott yfirlit yfir þróun listamannsins, hvernig popplistaverkin tengjast því sem á undan fór og hvaða breytingum list Braga hefur tekið á síðastliðnum árum. Þar má sjá einkenni grafískra verka hans og hversu vandaður teiknari og málari hann er, en fyrst og fremst hversu Bragi hefur verið sjálfum sér trúr og iðulega farið ótroðnar slóðir.
Í tilefni sýningarinnar stendur Listasafn Reykjavíkur, ásamt bókaforlaginu Opnu, að útgáfu bókar um feril og verk Braga. Bókina hannaði Anna Björnsdóttir og verður hún seld á Kjarvalsstöðum á tilboðsverði meðan á sýningunni stendur.
Á morgun kl. 15 verður Þóroddur Bjarnason með sýningarstjóraspjall og annast leiðsögn um sýninguna. - vþ

> Ekki missa af

Sýningum á norrænu myndunum sem tilnefndar eru til Norrænu kvikmyndaverðlaunanna. Þær verða sýndar í Háskólabíói í dag og á morgun og því einstakt tækifæri að sjá þar verk úr smiðju von Triers, Roy Anderson og Baltasars Kormáks.

Borgarferð



Leikhúsferð til London
23.–26. október
Leiklistin blómstrar í London
Skoðunarferð um borgina undir íslenskri leiðsögn, í boði að sjá hina margrómuðu *Billy Elliott,* farið á sýninguna *Disappearing Number* og sameiginlegur þríréttaður kvöldverður.
Fararstjóri: Magnús Geir Þórðarson
Verð á mann í tvíbýli
76.400 kr.
5.000 kr. afsláttur fyrir kortagesti Borgarleikhússins!
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði, þríréttaður kvöldverður, miði á Disappearing Number og íslensk fararstjórn.

Gagn og gaman með Express ferðum!
Express ferðir bjóða fróðlegar og spennandi borgarferðir undir leiðsögn þaulkunnugra fararstjóra. Kynntu þér úrvalið á www.expressferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Borgarferð
Í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands

Fræðslu- og menningarferð til Berlínar
14.–17. nóvember
Tveggja kvölda kynning og fyrirlestur um borgina hér heima fyrir ferð. Skoðunarferð um borgina, sameiginlegur kvöldverður, gönguferð um austurhluta borgarinnar undir leiðsögn Hjálmars og áning á gömlum austur-þýskum krám. Einnig í boði að fara á tónleika í Berlínarfílharmóníunni. Frjáls tími tilvalinn til að versla enda verðlagið hagstætt í Berlín.
Fararstjóri: Hjálmar Sveinsson
Verð á mann í tvíbýli
69.800 kr.
Innifalið: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli í miðborginni með morgunverði og íslensk leiðsögn.

Tónleikaröð Tríós Reykjavíkur af stað að nýju

Árviss tónleikaröð Tríós Reykjavíkur í samvinnu við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, hefur göngu sína í nítjánda sinn annað kvöld kl. 20. Tveir gestir munu koma fram á þessum fyrstu tónleikum vetrarins, þau Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari.

GUÐNÝ OG GESTIR Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Guðný Guðmundsdóttir og Sigurgeir Agnarsson koma fram á tónleikum í Hafnarborg annað kvöld kl. 20.

Gestirnir munu ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara flytja Tríó í e-moll eftir Joseph Haydn, Tríó opus 8 nr. 1 eftir Dmitri Sjostakovitsj og Árstíðirnar eftir Astor Piazzolla. Árstíðir Piazzolla eru um margt áhugavert verk. Þær innihalda fjóra tangóa, hver fyrir sína árstíð, og hafa verið útsettar fyrir hinar ýmsu hljóðfæraskipanir. Vinsældir verksins eru farnar að nálgast vinsældir hinna frægu Árstíða eftir Vivaldi, enda oft fluttar á sömu tónleikum og gefnar út á sömu geisladiskum.
Auk ofantalinna verka munu Guðný og Steinunn Birna flytja nokkrar af perlum þeirra Atla Heimis Sveinssonar, Jórunnar Viðar, Páls Pampichler Pálssonar, Jóns Ásgeirssonar og Þorkels Sigurbjörnssonar í tilefni þess að þessi tónskáld eiga öll stórafmæli á árinu.
Fram undan í vetur eru svo fjölbreyttir og skemmtilegir tónleikar Tríósins í Hafnarborg. Hinn 30. nóvember fara til að mynda fram hinir árlegu „Klassík við kertaljós“-tónleikar, en á þeim er lögð sérleg áhersla á tónlist frá klassíska tímabilinu. Á tónleikunum í nóvember verða flutt verk eftir Hummel, Mozart og Schubert.
Á hinum hefðbundnu nýárstónleikum hinn 11. janúar á næsta ári munu þau Sigrún Hjálmtýsdóttir og Bergþór Pálsson koma fram með Tríói Reykjavíkur og gleðja áheyrendur með geislandi framkomu og söng. Dagskráin verður sem fyrr óborganleg skemmtidagskrá sem inniheldur blöndu af óperettu-, söngleikja- og vínartónlist.
Á lokatónleikum vetrarins, sem fara fram hinn 29. mars, verður frumflutt nýtt Tríó eftir Karólínu Eiríksdóttur. Einnig verður Silungakvintettinn eftir Schubert á efnisskránni, en Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Richard Korn bassaleikari verða gestir Tríósins á þessum tónleikum. **vigdis@frettabladid.is**

Skreið út í nóttina og frostið



PER OLOV ENQUIST Sænski rithöfundurinn fékk verðlaun Norðurlandaráðs 1968, fyrstur manna.

Sænski rithöfundurinn Per Olov Enquist, sem er um þessar mundir einn þekktasti rithöfundur á Norðurlöndum, sendi frá sér í liðinni viku nýja bók – sjálfsævisögupart – sem hann kallar Ett annat liv, eða Annað líf. Hefur bókin þegar vakið gríðarlega athygli í heimalandi Per þar sem hann nýtur mikillar virðingar og í nágrannalöndunum, Noregi og Svíþjóð. Það sem kemur aðdáendum á óvart er að í bókinni lýsir Enquist á opinskáan hátt áfengissýki sinni og dregur ekkert undan. Í viðtali við sænska bókmenntaþáttinn Babel í síðustu viku, sem var helgaður Enquist, kvað þáttastjórnandinn það opinbert leyndarmál í bókabransanum í Svíþjóð að Enquist hafi átt við áfengisvanda að stríða, en engan hafi grunað að hann hafi verið svo illa staddur sem greint er frá í bókinni. Enquist segir að hann hafi í þrígang verið hætt kominn og verst hafi hann verið staddur hér á landi þar sem hann stakk af úr meðferð að vetrarlagi. Þá lýsir hann tilraunum sínum að drekka á antabus. Nú eru nær sautján ár liðin frá því hann setti tappa í flöskuna en í hinu dannaða samfélagi norrænna fjölmiðla þykir bókin sæta tíðindum. Áhugamönnum um áfengisvarnir kann að þykja forvitnileg sjálfskrufning hans á áfengissýki sinni, en hann lýsir misnotkun á víni sem úthugsaðri. Hann hafi til dæmis kynnt sér til hlítar fíkn á öllum sviðum, klætt neysluna vitsmunalegri kápu. Svo hafi hann skellt í sig tveimur flöskum af léttu víni.
Hér á landi hafa komið út nokkrar skáldsögur Enquist: För Lewis, Bókasafn Nemo skipstjóra, auk þess sem leikverk hans hafa komið á svið, en hann hefur margsinnis sótt Ísland heim. - pbb

„Krassandi, kraftmikil og átakanleg … mergjuð minningabók“

Árni Matthíasson / Morgunblaðið



1. SÆTI

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Handbækur / fræðibækur / ævisögur
09.09.08

„Frábær bók.“
Publishers Weekly

„Einstök.“
Time

„Glerkastalinn er stórbrotin bók.“
Entertainment Weekly

„Honum hefur tekist að umbreyta dapurlegum minningum sínum í listaverk.“
People

Áhrifarík uppvaxtarsaga frá Bandaríkjunum – seigla og lífsvilji í miskunnarlausu umhverfi.

Sláandi frásögn um brotna fjölskyldu sem hrekst á milli staða og er hvergi velkomin, saga um fátækt, vanrækslu og óbugaða trú á lífið.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

>TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Geldof systur slá í gegn
Dætur Bobs Geldof, **Pixie** og **Peaches** þykja með eindæmum töff í Lundúnaborg og hafa tekið við kyndli kúlsins af Kate Moss. Enska keðjan New Look hefur fengið Pixie til að hanna nýja og rokkaða línu fyrir sig á meðan Peaches afklæddist í auglýsingaherferð nærfatamerkisins Agent Provocateur þar sem hún pósar með vinkonu sinni Daisy Lowe.

stíll
utlit@frettabladid.is

Algerlega kringlótt sólgleraugu eru það heitasta hjá Hollywood-stjörnunum. Þessi appelsínugulu eru frá Gleraugnasmiðjunni, Kringlunni.

Næstum svartan varalit sem er málið í haust. Þessi er úr nýju línunni frá Mac og er fallega mattur. Fæst í Debenhams.

OKKUR LANGAR Í ...

Dýrindis ullarnærföt með silfurþráðum frá Afterwear. Fæst í Systrum, Laugavegi.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Marta María Jónasdóttir

Horft í baksýnisspegilinn

Upp á síðkastið hafa svokallaðar „kærasta“-gallabuxur verið að ryðja sér rúms úti í heimi. Fyrrnefndar gallabuxur eiga að vera mikið notaðar, svolítið sjúskaðar, svolítið stórar og með svolitlu uppábroti. Allar helstu stjörnurnar í Hollywood hafa látið sjá sig í svona buxum upp á síðkastið með misgóðum árangri. Leikkonan Sarah Jessica Parker sást í einum slíkum á dögunum og þá hafði erlenda pressan orð á því að þessi fallega kona liti hræðilega illa út. Ekki veit ég hvort það hafi verið út af buxunum en ég gæti þó trúað að þær hafi spilað eitthvað inn í.

Ég verð að játa að „kærasta“-gallabuxur geta litið vel út á konu sem er 179 á hæð og án nokkurs varaforða. Þetta tískutrend minnir svolítið á næntís í öllu sínu veldi þegar Claudia Schiffer, Naomi Campbell og Cindy Crawford pósuðu í allt of stórum hvítum skyrtum með hnausþykkar augabrúnir. Þegar ég hugsa um þetta tímabil finn ég lyktina af CK One.

Fyrir hina dæmigerðu íslensku konu sem er með mjúk læri og smá maga eru „kærasta“-gallabuxurnar langt frá því að vera góð hugmynd. Slíkar buxur gera nefnilega fátt annað en að láta lærin og magasvæðið virðast þykkara en það er í raun og veru. Hingað til hef ég aldrei hitt konu sem þráir það. Þar fyrir utan styttir uppábrotið leggina og margar okkar mega alls ekki við því.

Síðustu misseri hafa niðurmjóar gallabuxur þótt smartastar af öllu og hefur fatatískan svolítið spilast í kringum þær. Kjólar, hettupeysur og bolir yfir niðurmjóar gallabuxur voru málið í sumar en nú kveður við annan tón. Nýjasta sniðið hljómar svolítið eins og draumur hverrar konu, hátt mitti og víðar skálmar. Sem mun ekki skilja eftir sig „muffins“ upp úr buxnastrengnum og ekki beina athyglinni að breiðum lærum.

Til þess að finna rétta taktinn þegar draumabuxurnar eru valdar skiptir þó máli að vanda valið. Rassvasarnir skipta ótrúlega miklu máli, þeir geta gert flatan rass að kúlurassi, látið stóran rass virka minni og minni rass virka stærri, bara með því að vera rétt staðsettir og í réttri stærð. Næst þegar þú velur þér gallabuxur skaltu fá að horfa í baksýnisspegilinn áður en þú dregur upp vísakortið.

TÖFF Stuttur svartur kjóll, pönkaralegt belti og herðaslá frá Matthew Williamson.

SÍTRUSGUL NÓTA Hvítt dress frá Rodarte ásamt netasokkum og þykkbotna skóm fyrir vor 2009.

RÓMANTÍSKT Kjóll, köflótt skyrta og espadrillur frá Marc Jacobs fyrir vor 2009.

TÍSKUVIKAN Í NEW YORK

KJÓLAR, LITIR OG HNÉSÍÐ PILS

Tískuvikunni í New York borg er að ljúka um helgina en þar gaf að líta sýn bandarískra hönnuða á vor og sumar 2009. Þrátt fyrir að beri á haustkulda í stóra eplinu gengu fyrirsætur því niður tískupallana í efnislítilli sumartísku en þar bar mest á litríkum sumarkjólum. Tískublaðamenn hrifust einna mest af hönnun Marc Jacobs, Rodarte og Proenza Schouler. Tískutrendin sem koma sterkast inn í vor samkvæmt bandarískum hönnuðum eru kjólar, samfestingar, pífur, skærir litir og dökkblátt, en fylgihlutir voru gjarnan í afrískum eða asískum stíl, bróderaðir eða úr stráum.

amb@frettabladid.is

SKÆR JAKKAFÖT Falleg rafbleik og glansandi jakkaföt frá Matthew Williamson.







the PIER

hausttilboð

30% afsláttur af öllum húsgögnum um helgina!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

> OF HÁ LAUN

Nicole Kidman trónir á toppi lista tímaritsins Forbes yfir leikara sem fá of mikið borgað miðað við frammistöðu. Myndir hennar ná aðeins inn einum dollara á hvern dollara sem hún fær í laun og því ljóst að á þeim er ekki mikið að græða. Á hæla hennar fylgja Jennifer Garner og Tom Cruise.

fólk

folk@frettabladid.is

Handboltaþjálfari gerir plötu

Ragnar Hermannsson, sjúkraþjálfari og þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar í handbolta, hefur lokið við gerð sinnar fyrstu plötu, Kall útí bæ. Segja má að Ragnar hafi komist á bragðið eftir að lag hans Allt í himnalagi, sem var að finna á síðustu sólóplötu Regínu Óskar, fékk mjög góðar viðtökur, en textann samdi Stefán Hilmarsson.

Ragnar ætlaði upphaflega að taka upp nokkrar lagaprufur fyrir sjálfan sig en bræðurnir Börkur og Daði Birgissynir hvöttu hann til að taka upp heila plötu, enda efniviðurinn nægur. Hann segir að hljóðversvinnan hafi verið algjört ævintýri og líkja mætti henni við stórt og gott partí. „Að fá að kynnast því hvernig stúdíóið virkar var skemmtilegasti „prósessinn“. Að vera í hljómsveit sem hafði ekki gerst síðan ég var sautján eða átján ára var rosalega gaman,“ segir Ragnar. „Þetta var nokkurs konar æskudraumur að rætast og fyrst og fremst hugsað fyrir mig sem skemmtun, svona í staðinn fyrir að fara í lax.“

Stelpurnar í Stjörnunni urðu bikarmeistarar á síðasta ári og kom Ragnar þeim í gírinn fyrir leik með því að spila fyrir þær Stjörnulagið sem hann samdi. „Við unnum leikinn með harmkvælum, rétt mörðum hann á lokasprettinum í mjög spennuþrungnum og erfiðum leik,“ segir hann og bætir því hógvær við að sigurinn hafi unnist þrátt fyrir spilamennsku sína.

Keppnistímabilið hjá Stjörnunni hefst í dag þegar keppt verður um titilinn meistari meistaranna og hver veit nema Ragnar grípi í kassagítarinn á nýjan leik og hefji upp raust sína. Annað væri í raun óðs manns æði. - fb

RAGNAR HERMANNSSON Sjúkra- og handboltaþjálfarinn knái hefur lokið við gerð sinnar fyrstu plötu, Kall útí bæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 13. september

➜ Tónleikar

Rokk&Ról, 08 Rokkabillýband Reykjavíkur og Vax halda tónleika á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri.

➜ Uppákomur

21.00 Afþvíbara Reykjavik!, Hungry and the Burger og plötusnúðurinn Terrordisco efna til gleðskapar á Kaffibarnum við Bergstaðastræti.

➜ Dansleikur

Hljómsveitin Dísel spilar í Salthúsinu, Stamphólsvegi 2, Grindavík

➜ Viðburður

Hollvinadagurinn Í tilefni af 50 ára afmæli Hollvinasamtaka Bifrastar og 90 ára afmæli skólans verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá sem endar með dansleik í hátíðarsal skólans með hljómsveitinni Upplyftingu.

➜ Opnanir

14.00 Haustsýning Margrét Bryndísdóttir opnar sýningu á olíumálverkum í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Sýningin stendur til 28. september.

14.00 Svartir þræðir Gunnhildur Þórðardóttir opnar sýningu í Grafíksafni Íslands, sal íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu. Sýningin stendur til 28. september.

15.00 Lilja Kristjánsdóttir opnar málverkasýningu í baksal Gallerís Foldar. Sýningin stendur til 28. september.

16.00 Heima - Heiman Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari og Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur opna sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.

➜ Ljósmyndasýningar

Hjólin í Kína Jóhann Hansen sýnir ljósmyndir í kaffihúsinu Bifröst í Háskólanum á Bifröst.

➜ Myndlist

Kríumyndir Sigríður G. Sverrisdóttir sýnir akrýlmyndir á Café Loka, Lokastíg 28. Sýningin stendur til 26. ágúst.

DUGLEGIR Meðlimir Sign, hér með Sóley Ástudóttur, virðast vart hætta að túra.

FYRRVERANDI Birgir Örn var ritstjóri Monitor á fyrstu mánuðum þess.

VEL HRESS Atli Fannar ritstjóri og Hörður ljósmyndari skemmtu sér í skini stjarnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEMNING Hjaltalín eiga hlut í Stemningsnöglinni ásamt Páli Óskari.

Mikið stuð í Monitorpartíi

Gríðarleg stemming var á eins árs afmæli Monitor á Apótekinu síðastliðinn fimmtudag. Kvöldið hófst á verðlaunafhendingu, en hin forláta Nögl var veitt fyrir mismunandi afrek.

Verðlaun fyrir stemningu fengu Hjaltalín og Páll Óskar fyrir lagið Þú komst við hjartað í mér. Hr. Örlygur fékk Framtaksnöglina fyrir Iceland Airwaves og Mammút var verðlaunuð fyrir framfarir á nýrri plötu sinni Karkara. Þá fékk Sign nöglina fyrir dugnað og það sérstaklega hversu vel þeir hafa sinnt landsbyggðinni. Loks fengu aðstandendur Nætur- og Dagvaktarinnar hina svokölluðu Samstarfsnögl fyrir afburða sjónvarpsefni.

Meðal annarra gesta voru Sigur-Rós, Björk, Krummi, Biggi í Maus, Dísa, Rottweilerhundarnir, Sprengjuhöllin, Anita Briem og Unnur Birna. Þegar leið á kvöldið og vínið fór að segja til sín fóru meðlimir Sigur-Rósar að leika á als oddi, einna helst Jónsi sem sást rassskella menn með geisladiski á karlaklósettinu. Hver þarf Sirkus á slíkum stundum?

Djammið hélt svo áfram fram á nótt hjá Hjaltalín, Krumma, Dísu og Rottweilerhundunum á nærliggjandi bar.

House fær hærri laun

Bretinn Hugh Laurie, aðalleikara þáttanna House, verður einn launahæsti sjónvarpsleikari Bandaríkjanna með nýjum samningi sínum við framleiðandann Universal.

Samkvæmt honum fær Laurie um 36 milljónir króna fyrir hvern þátt sem hann leikur í. Um dágóða launahækkun er að ræða því hingað til hefur hann fengið um 22 til 27 milljónir fyrir þáttinn. Samningurinn kveður einnig á um að Laurie leiki House út árið 2012.

Þar með nálgast Laurie þá William Peterson, sem hefur fengið um 54 milljónir fyrir hvern þátt af CSI, og Kiefer Sutherland, sem fær tæpar 45 milljónir fyrir hvern þátt af 24. Báðir starfa þeir einnig sem framleiðendur þáttanna.

Dr. Spock í hryllingsmynd

Rokksveitin Dr. Spock kemur fram í íslensku hryllingsmyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre sem Júlíus Kemp leikstýrir. Tökur á myndinni standa nú yfir. Mun Dr. Spock koma fram í einu atriði myndarinnar þar sem sveitin spilar á tónleikum. Tökur á umræddu atriði fara fram á skemmtistað í Reykjavík næstkomandi mánudagskvöld og leitar fyrirtækið Reykjavík Casting nú að hundrað aukaleikurum til að koma fram í atriðinu. Allir áhugasamir, sem hafa náð 18 ára aldri, geta sótt um að fá að vera með. Er þeim bent á að senda tölvupóst á info@reykjavikcasting.is.

ÓTTARR PROPPÉ

HAUST 2008

LOKSINS KOMNAR
NÝJAR VÖRUR

BASK

NIKE
ADIDAS ORIGINALS
AMERICAN APPAREL
DR. DENIM

KSUBI
ACNE JEANS
FIFTH AV. SHOE REPAIR
SURFACE 2 AIR

BASK
LAUGAVEGUR 86-94
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 552 8090

Upplifa heyrnarleysi Braga

Á yfirlitssýningu á verkum myndlistarmannsins Braga Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum verður haldin hliðarsýningin Bragi í hólf og gólf þar sem gestir geta sett sig í spor listamannsins á óvenjulegan hátt.

Bragi hefur verið heyrnarlaus síðan í barnæsku og geta gestir sýningarinnar lagst á bekk í litlum sal með heyrnartól á sér sem útilokar öll önnur hljóð. Af bekknum geta gestirnir síðan horft á málverk Braga sem komið verður fyrir í loftinu.

„Í þessum litla sal verður lögð áhersla á skynjun án heyrnar, í anda þess sem Bragi hefur upplifað á sínum ferli. Eins er verið að prófa hvernig er að skynja listaverk frá öðru sjónarhorni," segir Alma Dís Kristinsdóttir, sem hefur umsjón með hliðarsýningunni ásamt Sigurlaugu Þ. Ragnarsdóttur. Alma Dís starfar hjá fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur og segir sýninguna hluta af fjölskyldustarfi safnsins sem hvetji fjölskyldur til að sækja listviðburði.

Gólf salarins á Kjarvalsstöðum og einn veggur verða einnig þakin úrklippum með greinum sem Bragi hefur skrifað á sextíu ára starfsferli sínum sem kennari og gagnrýnandi. „Þetta gefur sjónræna mynd af því starfi sem hann hefur unnið. Í staðinn fyrir að segja fólki að hann skrifi svona greinar erum við að sýna það," segir Alma Dís. „Fólk er þá að ganga á þessum greinum sem eru heill heimur af fróðleik sem fólk veit kannski ekki af en sér þarna í heild sinni."

Sýningin hefst í dag og stendur yfir til 16. nóvember.

- fb

MÁLVERKIÐ Á LOFT Alma Dís við málverkið sem mun hanga uppi í loftinu á hliðarsýningunni Bragi í hólf og gólf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Heillandi söngvari

Ef frá er talin Iceland Airwaves-hátíðin þá voru tónleikar Tindersticks á Nasa síðustu popptónleikarnir með erlendum listamönnum sem til hefur verið boðað á þessu ári. Þeir voru líka svanasöngur Gríms Atlasonar í tónleikainnflutningi, en hann hefur staðið fyrir mörgum frábærum tónleikum síðustu ár og hefur alltaf gert það með hjartanu. Eftirsjá að honum, en kreppan virðist vera skollin á í þessum bransa eins og víðar.

Það var samt engin kreppa á fimmtudagskvöldið. Salurinn á Nasa var troðfullur og mjög góð stemning. Það var Elín Eyþórsdóttir, yngsta dóttir Eyþórs og Ellenar, sem sá um upphitun ásamt hljómsveit. Hún hefur greinilega hæfileika og stóð sig mjög vel. Tónlistin var róleg og seiðandi, minnti mig einna helst á Cowboy Junkies þegar sú sveit var upp á sitt besta.

Eftir nokkurt hlé fóru meðlimir Tindersticks að tínast inn á sviðið. Það var sjö manna útgáfa af sveitinni sem spilaði á fimmtudagskvöldið. Forsprakkinn Stuart Staples söng og spilaði á gítara og hristur, en auk hans voru á sviðinu gítarleikari, bassaleikari, trommuleikari, hljómborðsleikari og tveir aukamenn sem spiluðu á saxófóna, trompet og selló.

Fyrstu sex lögin á tónleikunum voru fyrstu sex lögin á nýju Tindersticks-plötunni, The Hungry Saw. Það er til merkis um hvað góð hún er að þessi fyrstu lög náðu manni alveg. Tindersticks er firnagott tónleikaband. Það er alvöru dýnamík í spilamennskunni og Stuart er mjög heillandi söngvari, svolítið feiminn, en syngur af mikilli innlifun og tjáir sig með öllum líkamanum. Aðrir meðlimir eru flottir líka, sérstaklega var ég hrifinn af trommuleikaranum og hljómborðsleikaranum og svo áttu blásararnir góð tilþrif sem gerðu mikið fyrir tónlistina.

Tindersticks spiluðu 15 lög á rúmum klukkutíma, flest af nýju plötunni, en líka eldri lög eins og Dying Slowly, Say Goodbye To The City og She's Gone. Eftir mjög kraftmikið uppklapp renndi sveitin í Her af fyrstu Tindersticks-plötunni og tók svo tvö lög til viðbótar og lét þar við sitja þrátt fyrir nokkra tilburði meðal áhorfenda til að fá hana aftur á svið. Á heildina litið voru þetta frábærir tónleikar með heillandi hljómsveit.

Trausti Júlíusson

TÓNLEIKAR

Tindersticks

Nasa 11. september

★★★★

Stuart Staples og hljómsveitin Tindersticks heilluðu tónleikagesti á Nasa á fimmtudagskvöldið með tilfinningaríkum söng og dýnamískri spilamennsku.

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA

JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 1:30 - 3:40-5:50-8-10:10	L
DEATH RACE	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:40	12
DEATH RACE	kl. 2 - 5:50 - 8:40	VIP
THE MUMMY 3	kl. 1:30 - 3:40	12
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30	L

KRINGLUNNI

JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 1:40 -3:50 - 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
DEATH RACE	kl. 10:10	16
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 - 8	L
STAR WARS	kl. 1:30	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50	L

SELFOSS

TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50	L

AKUREYRI

STAR WARS m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
MIRRORS	kl. 8 - 10:10	16
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 2	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 4 - 6 - 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

KEFLAVÍK

THE ROCKER	kl. 8	7
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 6	L
X-FILES	kl 10:10	16
SKRAPP ÚT	kl. 8	12
DECEPTION	kl. 10	12
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ

MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
MIRRORS LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 1 - 3.15 - 5.45 - 8 - 10.15	12
TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 1 - 3.30 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1 - 4	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

MIRRORS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 8 - 10.15	12
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 10	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.30	L

BRÚÐGUMINN	kl. 4	KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐUR-LANDARÁÐS 2008
HEIMILI DÓKKU FIÐRILDANNA	kl. 4	
MAÐURINN SEM UNNI FYRSTU ÁRIN	kl. 6	
ÞÁ SEM LIFIÐ	kl. 8	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

TROPIC THUNDER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
THE ROCKER	kl. 8 - 10.20	7
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6 - 8 - 10.20	7
SKRAPP ÚT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 4 - 6	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ

JOURNEY TO THE CENTER EKKI Í 3D	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
STEP BROTHERS	kl. 8	12
TROPIC THUNDER	kl. 10	16
MAMMA MIA	kl. 6	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3 - 4.30	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800), 4, 6, 8 og 10	L
STEP BROTHERS	kl. 8 og 10	7
GRÍSIRNIR ÞRÍR	kl. 2(500), 4 og 6	L
MAMMA MIA	kl. 2(500), 4.30, 6.45 og 9	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

Sími: 553 2075 - bara lúxus Ódýrt í bíó

ATH!!! 800 KR. ATH!!! 500 KR. ATH!!! 500 KR.

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SparBíó laugardag og sunnudag

SAMbio.is SAMBÍÓIN

850kr	550kr	550kr	550kr	550kr	
JOURNEY 3D kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.40 í Kringlunni	STAR WARS kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.30 í Kringlunni kl. 2 á Akureyri	WALL-E ísl. tal. kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.30 á Selfossi og í kefl. kl. 2 á Akureyri	GET SMART kl. 1.30 í Kringlunni	MUMMY 3 kl. 1:30 í Álfabakka	

TILBOÐSVERÐ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 & 4.30 BORGARBÍÓ

KL.4 BORGARBÍÓ

30 STYKKI

United LCD

United LTV27W60
27" LCD breiðtjald með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

50% afsláttur

30 sýningareintök – Aðeins í Kauptúni

Barkalaus þurrkari

Whirlpool AWZ7465
Tvíátta barkalaus þurrkari • Tekur 6kg • 2 hitastig • Kaldur blástur • Rakaskynjari með 6th Sense • Orkunýtni C • Stærð (bxhxd): 60x85x59,6sm

74.989 kr.
Fullt verð 84.989

Þvottavél

Euroline WME1000
1000 snúninga og 5kg þvottavél • Vinding 500 og 1000 snúninga • Hitastillir 30-90° • Hurðaropnun 30sm • Ullarkerfi, Skolstopp og hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C • Stærð (bxhxd): 60x85x60sm

54.989 kr.

Ryksuga

Panasonic MCE7113
1600W ryksuga • 320W sogkraftur • 4 filtera kerfi • 5 metra snúra • Þyngd 4.1 kg •Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka

5.989 kr.
Fullt verð 8.989

Philips kaffikanna

Philips HD7446SV
900w kaffivél • 1,3 lítra • Dropastoppari

2.989 kr.
Fullt verð 3.989

DVD myndir 489 kr.
Tónlist á CD – PC og PS2 leikir á 489kr. stk.



Hundruðir DVD titla í boði!

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

> Meistarakeppni HSÍ í dag og á morgun

Segja má að handboltatímabilið hér á landi hefjist formlega í dag þegar Stjarnan mætir Fylki í Meistarakeppni HSÍ í kvennaflokki kl. 14.00 í Laugardalshöll. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað innan herbúða beggja liða frá síðustu leiktíð en þar ber helst að nefna að Rakel Dögg Bragadóttir er farin frá Stjörnunni og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir en aftur á móti komin í Garðabæinn. Ragnar Hermannsson fer nú einn með þjálfun Stjörnunnar en Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson, sem þjálfaði liðið á síðustu leiktíð ásamt Ragnari, er nú þjálfari Fylkis. Karlaleikur Hauka og Vals fer fram á morgun kl. 16.00.

sport
sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTAKAPPINN JÓN ARNÓR STEFÁNSSON: NÝTUR ÞESS AÐ VERA KOMINN AFTUR HEIM TIL ÍSLANDS

Núna er það bara skólinn allan daginn

Jón Arnór Stefánsson fór fyrir íslenska landsliðinu í körfubolta sem vann Danmörku í fyrsta leik sínum í B-deild Evrópukeppninnar í ár á miðvikudaginn síðastliðinn og var stigahæstur íslensku strákanna með 14 stig. Íslenska landsliðið leikur sinn annan leik í Evrópukeppninni í dag þegar það mætir Hollandi í Topsportcentrum í La Almere. Jón Arnór er bjartsýnn á gott gengi Íslands í riðlinum, en ásamt Íslendingum, Dönum og Hollendingum þá leika þar einnig Austurríkismenn og Svartfellingar.

„Við gerum okkur grein fyrir því að við erum litla liðið í þessum riðli eins og er reyndar alltaf með íslenska landsliðið í körfubolta en við erum vel stemmdir og mjög jákvæðir. Möguleikar okkar í riðlinum eru meiri á móti Danmörku og Austurríki heldur en hinum þjóðunum, en sigur strax í fyrsta leik fleytir okkur örugglega langt," segir Jón Arnór bjartsýnn.

Jón Arnór leikur með KR-ingum í Iceland Express-deildinni í vetur og hlakkar mikið til þess að takast á við það verkefni.

„Landsliðið hefur náttúrulega verið í forgrunni í sumar og verður það þangað til þessir leikir í B-deildinni í ár klárast 20. september og þá hefst undirbúningurinn að fullu með KR fyrir tímabilið hér heima. Ég er annars búinn að skjótast á nokkrar æfingar með KR inn á milli landsliðsæfinga og mér finnst það alveg gríðarlega gaman. Þar er ég kominn aftur í hóp með félögum sem ég ólst upp með og spilaði með áður en ég fór út. KR-liðið lítur annars vel út og þetta er spennandi áskorun," segir Jón Arnór.

Jón Arnór ákvað að taka sér árs frí frá atvinnumannalífinu til að spila með KR, komast í faðm fjölskyldunnar á ný og setjast aftur á skólabekk. Hann nýtur nýja lífsstílsins til hins ýtrasta.

„Ég er ótrúlega ánægður með að vera kominn heim. Dagarnir eru heldur betur öðruvísi hjá manni núna heldur en hefur verið undanfarin ár. Núna er það bara skólinn allan daginn og svo æfing um kvöldið. Ég er svona að komast inn í þá rútínu og það er bara mjög gaman að eiga við þetta," segir Jón Arnór kátur í bragði.

ÚRSLIT

1. deild karla:

Fjarðabyggð-Selfoss	**2-1**
1-0 Sveinbjörn Jónasson(´35), 1-1 Henning Eyþór Jónasson (´77), 2-1 Srdjan Rajkovic (´83, víti).	
Stjarnan-KA	**1-0**
1-0 Daníel Laxdal (´89)	
Víkingur Ó.-Víkingur R.	**1-2**
0-1 Egill Atlason (´04), 1-1 Brynjar Víðisson (´28), 1-2 Alfreð Elías Jóhannsson (´36, sjálfsmark).	
Þór-Haukar	**1-1**
0-1 Davíð Ellertsson (´48), 1-1 Jóhann Helgi Hannesson (´78), rautt spjald: Lárus Orri Sigurðsson þjálfari Þórs (´84).	
Leiknir-Njarðvík	**2-1**
0-1 Aron Már Smárason (´11), 1-1 Einar Örn Einarsson (´66), 2-1 Fannar Þór Arnarsson (´69).	
KS/Leiftur-ÍBV	**0-1**
0-1 Atli Heimisson (´34).	

STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

1. ÍBV	**20**	**16**	**1**	**3**	**40:12**	**49**
2. **Stjarnan**	**21**	**13**	**5**	**3**	**42:21**	**44**
3. Selfoss	**21**	**13**	**4**	**4**	**51:35**	**43**
9. Víkingur Ó	21	5	9	7	19:28	24
10. Leiknir R.	**21**	**6**	**5**	**10**	**27:39**	**23**
11. Njarðvík	20	3	6	11	21:39	15
12. KS/Leiftur	**21**	**1**	**9**	**11**	**16:30**	**12**

1. deild karla í fótbolta:

ÍBV í Landsbankadeildina

FÓTBOLTI ÍBV tryggði sér í gærkvöld sæti í Landsbankadeild karla í knattspyrnu með sigri á KS/Leiftri. Leikurinn fór 1-0 fyrir ÍBV. Stjarnan náði öðru sætinu, þegar aðeins ein umferð er eftir í deildinni, með 1-0 sigri á KA í Garðabæ.

Selfoss féll niður í þriðja sæti en liðið tapaði viðureign sinni við Fjarðabyggð á útivelli í gærkvöld. Lokatölur leiksins voru 2-1 fyrir Fjarðabyggð. Mikið gekk á í leiknum, Selfyssingar misstu mann út af og tvær vítaspyrnur fóru í súginn.

Þá féllu Njarðvíkingar í 2. deild eftir tap gegn Leikni úr Breiðholti. **- aþ, pal**

Hraðmótið hefst með látum í dag

Nú fer að styttast í annan endann í Landsbankadeild karla í fótbolta. Baráttan á toppnum er í algleymi en Íslandsmeistarar verða krýndir eftir tvær vikur. Baráttan um titilinn stendur nú á milli Keflavíkur og FH.

MIKIÐ Í HÚFI Það verður leikur upp á líf og dauða hjá FH og Val í toppbaráttuslag Landsbankadeildar karla á Kaplakrikavelli í dag. Á myndinni má sjá Tryggva Guðmundsson og Bjarna Ólaf Eiríksson í baráttu fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FÓTBOLTI Lokaspretturinn í Landsbankadeild karla má segja að hefjist í dag. Þær fjórar umferðir sem eru eftir klárast á tveimur vikum og talað er um „hraðmót" í því samhengi. Stórleikur dagsins er án efa viðureign FH og Vals en topplið Keflavíkur verður einnig í eldlínunni gegn Fjölni.

FH hefur ekki leikið í Landsbankadeildinni í tæpar þrjár vikur vegna þátttöku sinnar í forkeppni UEFA-bikarsins og landsleikjahléinu en Tryggvi Guðmundsson, framherji FH, segir Hafnarfjarðarliðið ekkert vera búið að gleyma markmiðum sínum fyrir sumarið.

„Þetta er orðin ansi löng pása síðan við spiluðum síðast og mér finnst vera ár og dagar síðan við löbbuðum út af Villa Park. Menn eru hins vegar búnir að nota tímann vel og æfa grimmt og það er gríðarleg tilhlökkun í hópnum hjá okkur að fara af stað aftur. Þetta er hörku dagskrá fram undan hjá okkur þar sem við spilum fimm leiki á tveimur vikum," segir Tryggvi.

Tryggvi telur að leikurinn gegn Val á Kaplakrikavelli verði erfiður en fagnar því að Hafnarfjarðarliðið sé ennþá með örlögin í sínum eigin höndum.

„Við eigum mjög erfiða leiki eftir, það leikur enginn vafi á því, en erum þó engu að síður með þetta í okkar höndum þar sem við tökum titilinn ef við vinnum þessa fimm leiki. Við höfum náttúrulega verið að berjast við Val síðustu árin og ég tel liðin vera nokkuð jöfn að getu. Það er því ómögulegt að segja hvernig leikurinn fer en við verðum alla vega tilbúnir í baráttuna," segir Tryggvi ákveðinn að lokum.

Guðmundur Steinarsson segir Keflvíkinga vera búna að nota sér landsleikjafríið til góðs og þeir mæti endurnærðir til leiks gegn Fjölni á Fjölnisvöll í dag.

„Leikmennirnir nýttu fríið vel til þess að hlaða batteríin og endurnæra sig aðeins og erlendu leikmennirnir okkar fóru til síns heima, þeir sem vildu. Þannig að menn komu fullir af orku til baka og það er mikil eftirvænting innan hópsins að komast af stað á ný gegn Fjölni," segir Guðmundur.

Framherjinn snjalli er minnugur þess hvernig fyrri viðureign liðanna 23. júní fór, þar sem nýliðar Fjölnis sóttu öll stigin þrjú til Keflavíkur, en það var síðasta tap Keflvíkinga í deildinni.

„Fjölnir hefur komið hve mest á óvart í sumar og er með vel spilandi lið. Fjölnir vann okkur í Keflavík og við viljum hefna ófaranna og bæta fyrir tapið," segir Guðmundur. **omar@frettabladid.is**

Í HEFNDARHUG Guðmundur Steinarsson segir Keflvíkinga ákveðna í að bæta fyrir tapið gegn Fjölni fyrr í sumar á Fjölnisvelli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

LEIKIR KEFLAVÍKUR

Fjölnir-Keflavík	13. sept.
Keflavík-Breiðablik	17. sept.
FH-Keflavík	21. sept.
Keflavík-Fram	27. sept.

LEIKIR FH

FH-Valur	13. sept.
Fram-FH	17. sept.
FH-Keflavík	21. sept.
FH-Breiðablik	24. sept.
Fylkir-FH	27. sept.

Mænan er ráðgáta
– hjálpumst að við að leysa hana

Við verðum í Smáralind og Kringlunni í dag og á morgun. Með því að kaupa skemmtilega gestaþraut leggur þú þitt af mörkum.

Þú getur styrkt okkur með því að hringja: Síminn

904 1000 | 904 3000 | 904 5000

og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr.

HART Á MÓTI HÖRÐU Steven Gerrard og Anderson háðu harða baráttu á Anfield í fyrra en Gerrard verður líklega fjarri góðu gamni í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Erkifjendurnir Liverpool og Manchester United mætast á Anfield í dag:

Fyrsti stórleikur tímabilsins

FÓTBOLTI Átta leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag en flestra augu munu líklega beinast að hádegisleik Liverpool og Englandsmeistara Manchester United.

Liverpool getur unnið sinn ellefta heimaleik í röð og komist eitt á topp deildarinnar, alltént í nokkrar klukkustundir, þegar erkifjendurnir í United koma í heimsókn. Liverpool tapaði aðeins einum heimaleik í deildinni á síðustu leiktíð, en það var einmitt á móti United.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, virðist reyndar hafa eitthvert tak á Rafa Benitez, knattspyrnustjóra Liverpool, því í deildinni hefur Skotinn stýrt United til sigurs í sjö leikjum af átta gegn Liverpool undir stjórn Spánverjans og gert eitt jafntefli. Eina skiptið sem Benitez hefur skotið Ferguson ref fyrir rass var í 5. umferð FA-bikarsins árið 2006.

Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool, viðurkennir að United sé búið að spila betur en Liverpool í undanförnum grannaslögum.

„Ég trúi ekki á heppni og óheppni í fótbolta. Þú færð bara það sem þú átt skilið og United hefur verið betra en við í síðustu viðureignum," segir Carragher.

Liverpool verður að öllum líkindum án bæði Stevens Gerrard og Fernando Torres og pressan fer nú að aukast á Robbie Keane að skora sitt fyrsta mark fyrir Rauða herinn.

Dimitar Berbatov, fyrrum liðsfélagi Keane hjá Tottenham, mun líklega spila sinn fyrsta leik í treyju United en líklegt er þó að Ferguson haldi sig við Wayne Rooney og Carlos Tevez í framlínunni. Þá vonast Ferguson eftir því að Michael Carrick nái að spila leikinn eftir að hafa jafnað sig á ökklameiðslum. - óþ

HERMANN HREIÐARSSON Skilur ekki Grétar frekar en aðrir í landsliðinu. FRÉTTBLAÐIÐ/VILHELM

Hermann um Grétar Rafn:

Gagnrýnin á ekki rétt á sér

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson gaf í gær frá sér yfirlýsingu vegna gagnrýni Grétars Rafns Steinssonar á umgjörðina í kringum landsliðið. Yfirlýsingin hljómar svona:

„Það var okkur landsliðsmönnum mikil vonbrigði að ná ekki fram hagstæðum úrslitum í landsleiknum síðastliðinn miðvikudag gegn Skotum á Laugardalsvelli.

Við höfum allir sem einn lagt okkur fram um að ná árangri innan vallar og hið sama hafa þjálfarar og starfsmenn landsliðsins gert sem og knattspyrnusambandið.

Félagi minn í landsliðinu, Grétar Rafn Steinsson, lét þessi vonbrigði hafa áhrif á sig og gagnrýndi aðbúnað liðsins að leik loknum. Þessi gagnrýni á ekki rétt á sér og landsliðið kom eins vel undirbúið til leiks í gær og hægt er. KSÍ hefur lagt sig fram í að skapa okkur leikmönnum sem bestan aðbúnað og ráðið fagmenn til starfa með liðinu.

Ég vil nota tækifærið og þakka áhorfendum frábæran stuðning í leiknum í gær.

Hermann Hreiðarsson, fyrirliði landsliðsins."

zetor

Námskeið í smíði og samsetningu

Gítarmagnara

Á námskeiðinu getur þú sett saman þinn eigin lampagítarmagnara undir handleiðslu kennara. Innifaldir í námskeiðinu eru sérvaldir hágæða íhlutir frá Trinity Amps í Toronto. Kjörgripur fyrir gítarleikara og aðra tónlistarmenn sem vilja eignast frábæran lampamagnara, og smíða hann sjálfir!

Námskeiðið er alls 30 kennslustundir og hefst í þriðjudaginn 4. nóvember.
Nánari upplýsingar í síma 514 9000, á www.tskoli.is eða með fyrirspurn á vgv@tskoli.is.

ÖRFÁ SÆTI LAUS!

Raftækniskólinn
Tækniskólinn

Raftækniskólinn er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

www.tskoli.is

dagskrá

> **Robert Downey Jr.**

„Það eru orðin tóm að vera að tala um að enhver sé svo skarpur, vingjarnlegur og góður. Öll góðmenni hafa enhvern veikleika og alltaf má finna einhvern snilling í kjánum.“ Downey Jr. leikur í myndinni The Shaggy Dog sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR VILL AÐ RÆTT SÉ VIÐ ÞÁ SEM MÁLIN VARÐA

Fréttaefni af holdi og blóði

Haukur Holm, fréttamaður á Stöð 2 sagði á mánudag erfiða frétt af skilningi og næmni en þessir tveir þættir eru ekki algengir í frásögnum af lögreglumálum. Frétt Hauks skar sig úr þar sem hann reiddi sig ekki eingöngu á þulu lögreglumanna upp úr skýrslu, heldur mætti á staðinn þar sem tilefni fréttarinnar hafði átt sér stað og ræddi við þann sem átti hlut að máli.

Þannig varð maður á þrítugsaldri af erlendum uppruna sem stunginn hafði verið með hnífi eftir að hafa lent í átökum við hóp karla um þrítugt af erlendum uppruna að manneskju af holdi og blóði. Á skjánum birtist ungur Pólverji sem búsettur hafði verið hér á landi í talsverðan tíma ásamt fjölskyldu sinni og greindi frá upplifun sinni á skínandi góðri íslensku. Ungi maðurinn gat nefnilega greint frá því

að hópur manna sem honum voru óviðkomandi höfðu haft í hótunum við íbúa húss við Mánagötu. Þegar systir mannsins kom heim reyndu mennirnir að ryðjast inn á heimili fjölskyldunnar og vitanlega reyndi ungi maðurinn að varna þeim inngöngu. Sú mótspyrna varð svo til þess að einn mannanna, Lithái sem nú er flúinn úr landi, stakk hann í lærið með hnífi. Í meðförum fréttamannsins upplifðu áhorfendur að það sem um var fjallað varðaði þá og gæti jafnvel hent þá sjálfa en að þarna væri ekki enn og aftur á ferðinni eitthvert standard viðfangsefni lögreglu.

Fréttin er gott dæmi um mikilvægi þess að líta stundum af langþreyttum embættismönnum og til þeirra sem voru raunverulegur hluti atburðarásarinnar sem er tilefni umfjöllunarinnar.

EKKI MISSA AF

▶ **13.00 Valur - Stjarnan, BEINT** SJÓNVARPIÐ

▶ **15.45 FH - Valur, BEINT** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.45 America's Funniest Home Videos** SKJÁR EINN

▶ **20.30 Ríkið** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.40 Godsend** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Snillingarnir, Skordýrin í Sólarlaut. Upp í sveit, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.

10.25 Kastljós (e)

11.00 Út og suður (e)

11.25 Bókavörðurinn - Leitin að spjótinu (The Librarian: Quest for the Spear) (e)

▶**13.00 Íslandsmótið í fótbolta** Bein útsending frá leik Vals og Stjörnunnar í lokaumferð efstu deildar kvenna.

14.55 Lokamót Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins Upptaka frá gullmóti í frjálsum íþróttum sem fram fór í Stuttgart fyrr í dag.

17.40 Táknmálsfréttir

17.50 Útsvar (e)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Vinir í raun (In Case of Emergency) (12:13)

20.05 Dansskólinn (Step Up) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2006 um ungan vandræðagemling í Baltimore sem kynnist efnilegri dansmey. Aðalhlutverk: Channing Tatum, Jenna Dewan og Damaine Radcliff.

21.45 Lara Croft - vagga lífsins (Lara Croft Tomb Raider: The Cradle of Life) Bandarísk hasarmynd frá 1003. Aðalhlutverk: Angelina Jolie og Gerard Butler.

23.45 Grunuð um græsku (Twisted) (e)

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.20 You, Me and Dupree

08.10 Fantastic Voyage

10.10 The Object of Beauty

12.00 Field of Dreams

14.00 Fantastic Voyage

16.00 The Object of Beauty

18.00 Field of Dreams

20.00 You, Me and Dupree Rómantísk gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum.

22.00 The Da Vinci Code

00.25 Date Movie

02.00 The Tesseract

04.00 The Da Vinci Code

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Funky Valley, Hlaupin, Blær og Kalli og Lóa.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.

09.30 Könnuðurinn Dóra

09.55 Kalli kanína og félagar

10.05 Stóra teiknimyndastundin

10.30 Robots Tölvuteiknimynd fyrir alla fjölskylduna um ungt og efnilegt vélmenni sem dreymir um að verða uppfinningamaður.

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Bold and the Beautiful

12.50 Bold and the Beautiful

13.10 Bold and the Beautiful

13.50 Bold and the Beautiful

14.15 So you Think you Can Dance

15.45 So you Think you Can Dance

16.35 The Celebrity Apprentice (1:14)

17.30 Sjáðu

18.00 Ríkið (4:10)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Lottó

19.01 Veður

19.10 The Simpsons (5:20)

19.35 Latibær (5:18)

20.05 The Shaggy Dog Fjölskyldumynd um venjulegan fjölskyldumann sem óvænt verður fórnarlamb brjálaðs vísindamanns þegar hann verður bitinn af hundi sem nýsloppinn er út af erfðarannsóknarstofu. Aðalhlutverk: Robert Downey Jr., Tim Allen og Kristin Davis

▶**21.40 Godsend** Hörkuspennandi drama um hjón sem missa ungan son sinn og í samvinnu við dularfullan og sérvitran lækni ákveða þau að klóna hann. Þegar sonurinn kemur aftur til þeirra á ný fara undarlegir hlutir að gerast og hann virðist vera örlítið öðruvísi en áður.

23.20 Saved! Myndin um stelpu í sannkristnum skóla sem verður ólétt eftir að hafa reynt að „snúa“ besta vini sínum sem hún er hrædd um að sé samkynhneigður. Þetta setur skólastarfið á annan endann og skyndilega er allt farið að snúast um hvaðeina sem ekki má.

00.50 The Island

03.00 Jersey Girl

04.40 Melinda and Melinda

SPORT *besta sætið*

08.55 Formúla 1 - Ítalía Bein útsending frá lokaæfingum liðanna.

10.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar BMW Championship mótið.

11.00 F1. Við rásmarkið

11.45 Formúla 1 - Ítalía Bein útsending frá tímatökunni.

13.20 Inside the PGA

13.45 NFL deildin

14.15 Spænski boltinn

14.45 Countdown to Ryder Cup

5.15 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu

▶**15.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik FH og Vals í Landsbankadeild karla.

17.55 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Barcelona og Racing í spænska boltanum.

19.55 Box Wladimir Klitschko gegn Tony Thompson

21.10 Landsbankadeildin 2008 FH - Valur

23.00 Spænski boltinn Barcelona - Racing

SPORT 2 *enski boltinn*

09.30 PL Classic Matches Newcastle - Manchester United, 02/03.

10.00 PL Classic Matches Tottenham - Everton, 02/03.

10.30 Premier League World 2008/09

11.00 English Premier League 2008/09

11.30 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá stórleik Liverpool og Manchester Utd. í ensku úrvalsdeildinni.

13.45 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Portsmouth - Middlesbrough Sport 4. Newcastle - Hull Sport 5. WBA - West Ham Sport 6. Fulham - Bolton

15.55 Enska úrvalsdeildin Portsmouth - Middlesbrough.

17.35 PL Classic Matches Tottenham - Everton, 02/03.

18.00 PL Classic Matches Tottenham - Southampton, 99/00.

18.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

19.50 Enska úrvalsdeildin Manchester City - Chelsea

21.30 4 4 2

SKJÁREINN

08.50 Vörutorg

09.50 Rachael Ray (e)

13.35 The Biggest Loser (e)

15.05 Kitchen Nightmares (e)

15.55 Frasier (e)

16.20 Robin Hood (e)

17.10 Life is Wild (e)

18.00 Family Guy (e)

18.25 Game tíví (e)

18.55 Nokia Trends (2:6) Áhugaverðir þættir þar sem fjallað er um allt það nýjasta í tónlist, tísku, menningu og listum.

19.20 30 Rock Jack fær þá snilldarhugmynd að nota tölvutæknina til að setja Jerry Seinfeld í alla þætti á NBC. Seinfeld sjálfur leikur gestahlutverk í þættinum. (e)

▶**19.45 America´s Funniest Home Videos** Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar uppákomur með börnum, fullorðnum eða jafnvel húsdýrum.

20.10 What I Like About You Gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Þegar pabbi þeirra tekur starfstilboði frá Japan flytur unglingsstúlkan Holly inn til eldri systur sinnar, Valerie.

20.35 Eureka (e)

21.25 House (e)

22.15 C.S.I. New York (e)

23.05 Law & Order: SVU (e)

23.55 Criss Angel Mindfreak (e)

00.20 The Eleventh Hour (e)

01.10 Trailer Park Boys (e)

02.00 Trailer Park Boys (e)

02.50 Jay Leno (e)

03.40 Jay Leno (e)

04.30 Jay Leno (e)

05.20 Vörutorg

06.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku Endursýnt á klukkustunda fresti.

N4 Sjónvarp Norðurlands

Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Borgarveisla
í haust & vetur
Fullt af frábærum sértilboðum!
www.heimsferdir.is
ENNEMM / SÍA • NM35595
Ferðaskrifstofa Leyfisnr. Ferðamálastofu
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. Allt verð er netverð á mann.

Barcelona
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum


Prag
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum


Búdapest
Frá kr. 59.990
Flug og gisting
Brottför 23. okt., m.v. gistingu í tvíbýli á Mercure Duna í 3 nætur.

Kraká
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum

Montreal
Frá kr. 29.990
Flugsæti báðar leið m. sköttum, 2 fyrir 1, 26. sept.
Gisting frá kr. 4.900
Netverð á mann á nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Travelodge Montreal með morgunverði. Gisting á Best Western Ville Marie kr. 5.900 á mann á nótt.


Róm
Frá kr. 19.900
Flugsæti aðra leið m. sköttum, 7. eða 10. okt.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.35

Latibær

Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ. Glanni glæpur heldur áfram að hrella íbúa Latabæjar og reyna að spilla krökkunum sem hafa loksins áttað sig á því að íþróttaálfurinn hafði á réttu að standa þegar hann sagði þeim að betra væri að hreyfa sig og borða hollan mat. Sjónvarpsþættirnir hafa verið sýndir í yfir eitt hundrað löndum og njóta sívaxandi vinsælda.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Lara Croft – vagga lífsins

Sjónvarpið kl. 21.45

Lara Croft fornleifafræðingur finnur grip með vísbendingu um hvar askja Pandóru sé niðurkomin. Í óskjunni er að finna allar plágur mannskyns og þarf Lara að finna hana á undan valdagráðuga vísindamanninum Jonatan Reiss. Hún fær Terry Sheridan, vaskan málaliða og gamlan kærasta sinn, í lið með sér og saman leggja þau upp í ævintýralega ferð.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Stef
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Heimsmynd á Húsavík
14.00 Í söguferð um Brasilíu
14.40 Stjörnukíkir
15.20 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Gestagangur í bókmenntum
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
19.50 Sagnaslóð
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Ísland og Evrópusambandið
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Tvö tónskáld
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (11:260)
16.25 Hollyoaks (12:260)
16.50 Hollyoaks (13:260)
17.15 Hollyoaks (14:260)
17.40 Hollyoaks (15:260)
18.20 So you Think you Can Dance
19.45 So you Think you Can Dance
▶**20.30 Ríkið** (4:10) Grínsnillingar Íslands eru hér samankomnir í þessum nýstárlega sketsaþætti. Í þáttunum er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundargamni, vinnustaðarómantíkinni og er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi.
20.55 Smallville (4:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
21.40 The Dresden Files (5:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.20 E.R. Bráðavaktin er þáttaröðin sem gerði meðal annars George Clooney að stórstjörnu en hann fer einmitt með stórt hlutverk í fyrstu þáttaröðunum. Þættirnir gerast á bráðamóttöku í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
23.40 So you Think you Can Dance
01.05 So you Think you Can Dance
01.50 Smallville (4:20)
02.30 The Dresden Files (5:13)
03.10 Talk Show With Spike Feresten (16:22)
03.30 Tónlistarmyndbönd – Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Strictly Come Dancing **14.00** Strictly Come Dancing: Results Show **14.30** Strictly Come Dancing **15.30** Strictly Come Dancing: Results Show **15.45** Royal Opera House: The Nutcracker **17.35** Eroica **19.00** Judge John Deed **20.30** The Murder Room **22.00** Royal Opera House: The Nutcracker **0.00** Judge John Deed

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne Mod Drengene **11.30** Family Guy **11.55** Talent 2008 **12.55** Europæisk Danse Grand Prix 2008 **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Der var engang.... **16.00** Vilde verden **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** SportNyt **17.15** Robin Hood **18.00** aHA Award ,08 **19.00** First Knight **21.10** Speedway. Polens Grand Prix **22.40** Skytsenglen

NRK 1

09.30 Columbo **11.05** Norge rundt **11.30** Ut i naturen **12.25** I skyggen av Snøhvit **13.20** Verdensarven **13.35** Den siste Fleksnes **15.00** Beat for beat **16.00** Lunas lure plan **16.25** Wummi **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Kvitt eller dobbelt **18.55** Den store reisen **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.35** Paralympics i Beijing **21.05** Kveldsnytt **21.20** Sliding Doors **23.00** Singel i L.A. **23.45** Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

10.50 Plus **11.20** Oväntat besök **11.50** Sixties **12.20** Uppdrag Granskning **13.20** Friidrott. Världscupfinalen Stuttgart **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Lunas listiga plan **16.45** Pettson & Findus **17.00** Min vän Percys magiska gymnastikskor **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Lånta fjädrar **20.30** Five days **21.30** Videokväll hos Luuk **22.00** Misstänkt **00.00** Sändningar från SVT24

Skyrtudagar í herradeild

Cottonfield skyrtur
kr. 2990

Sparilegar straufríar,
Olymp skyrtur
kr. 3990
Mikið af extra löngum ermum

Thomas Nash skyrtur
Þú kaupir eina á
kr. 2290
Þú kaupir tvær á
kr. 3435

Gildir til 18. september
NÝTT KORTATÍMABIL

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

PERSÓNAN

Silja Hauksdóttir

Starf: Leikstjóri
Aldur: 32 ára
Fjölskylda: Faðir minn heitir Haukur Haraldsson og er auglýsingateiknari, móðir mín heitir Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir og er skrifstofustjóri félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Svo á ég systur sem heitir Arna Hauksdóttir og er ráðgjafi menntamálaráðherra.
Búseta: Ég er búsett í Vesturbænum í Reykjavík.
Stjörnumerki: Steingeit.
Silja Hauksdóttir leikstýrir Ríkinu og mun leikstýra Áramótaskaupinu í ár.

Ósáttir við óumbeðna samkeppni

„Okkur finnst þetta fyrst og fremst leiðinlegt fyrir íslenska áhorfendur. Og sorglegt að það þurfi að stilla dagskránni þannig upp að þetta sé sýnt á sama tíma og fólk geti ekki notið beggja þáttaraða," segir Ragnar Bragason kvikmyndaleikstjóri.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að helstu trompum Stöðvar 2 og RÚV er spilað út á sama tíma. Dagvaktin, sem Ragnar leikstýrir, og spennuþáttaröðin Svartir englar, sem Óskar Jónasson leikstýrir, eru sýndar á sama tíma á sunnudagskvöldum. Óskar og Ragnar, sem vinna á sömu hæð við Laugaveg hjá Saga film, við lokafrágang þáttaraðanna, eru þrælfúlir að vera allt í einu komnir í þá aðstöðu að vera komnir í samkeppni án þess að hafa neitt um það að segja. „Við erum fúlir. Það er verið að fara illa með áhorfendur. Það er ekki það mikið af innlendri framleiðslu. Þetta er út í hött en svona hefur þetta verið frá því ég man eftir mér – að stöðvarnar eru að tefla sínu besta efni fram á sama tímanum," segir Óskar.

Leikstjórarnir tveir eru samstiga í afstöðu sinni en báðir hafa unnið fyrir Stöð 2 og RÚV. En í þessu tapa allir – keppni sem enginn getur unnið. „Kannski er maður barnalegur," segir Ragnar. „En í fullkomnum heimi þá hefðu menn rætt saman og komist að niðurstöðu. Þetta eru náttúrulega tvær stöðvar og ef hvorugur vill lúffa með tímasetningar hefðu þeir átt að setja upp eitthvað skemmtilegt eins og til dæmis dansbardaga. Milli tveggja dagskrárstjóra. Gaman væri að sjá Þórhall [Gunnarsson] og Pálma [Guðmundsson] í break-keppni á Ingólfstorgi." -jgb

RAGNAR OG ÓSKAR Vilja frekar sjá dagskrárstjórana sjálfa í break-keppni á Ingólfstorgi en að þáttaröðum þeirra sé teflt fram hvorri gegn annarri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. fley, **6.** kyrrð, **8.** kvk nafn, **9.** tímabils, **11.** númer, **12.** bátur, **14.** gimsteinn, **16.** ætið, **17.** umfram, **18.** bókstafur, **20.** grískur bókstafur, **21.** sjávardýr.

LÓÐRÉTT
1. fituskán, **3.** mun, **4.** versla, **5.** samstæða, **7.** eilífð, **10.** sæ, **13.** herma, **15.** skær, **16.** gras, **19.** sjúkdómur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. skip, **6.** ró, **8.** una, **9.** árs, **11.** nr, **12.** keipak, **14.** tópas, **16.** sí, **17.** auk, **18.** emm, **20.** pí, **21.** fisk.

LÓÐRÉTT: 1. brák, **3.** ku, **4.** innkaup, **5.** par, **7.** óratími, **10.** sjó, **13.** apa, **15.** skír, **16.** sef, **19.** ms.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Stefna fyrir ólöglegar uppsagnir.
2. Journey to the Center of the Earth.
3. Fjórir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

WIM VAN HOOSTE: VAR KALLAÐUR VÍKINGURINN Í SKÓLA

Belgískur læknir er sérfræðingur um íslenska tónlist

Doktor Wim Van Hooste frá Belgíu er haldinn miklum áhuga á íslenskri popptónlist. Hann heldur úti tónlistarsíðunni **icelandicmusic.blogspot.com**, sem er líklega líflegasta tónlistarsíðan um íslenska tónlist í heiminum. Wim setur inn margar greinar á dag og er mjög með á nótunum þótt hann sé í fullu starfi sem læknir í Belgíu.

„Ég fékk Íslandsbakteríuna þegar ég heyrði „Birthday" með Sykurmolunum í belgíska útvarpinu 1987. Þá var ég 14 ára," segir Wim. Eitt leiddi af öðru og fyrr en varði var Wim orðinn forfallinn Íslandsaðdáandi. „Ég átti sjö Bjarkar-boli, einn fyrir hvern dag vikunnar," viðurkennir Wim. „Krakkarnir í skólanum kölluðu mig aldrei annað en „Íslendinginn" eða „Víkinginn"."

Wim kom fyrst til fyrirheitna landsins árið 1996. „Ég var skiptinemi á Landspítalanum en hápunktur ferðarinnar voru tónleikar á Rósenberg. Þar sat ég meðal annars við hliðina á Ellý í Q4U sem var í netasokkabuxum – ógleymanlegt! Eftir að ég útskrifaðist vann ég einn vetur á spítalanum á Akureyri. Á Akureyri var lítið að gerast svo ég fór einu sinni í mánuði til að sjá tónleika í Reykjavík."

Eftir Akureyrarveturinn sneri Wim til Belgíu í framhaldsnám en hefur komið að minnsta kosti einu sinni á ári til Íslands síðan. „Ég kom alltaf á afmælinu mínu í maí, en frá og með árinu 2006 hef ég komið á Iceland Airwaves. Ég setti ljósmyndir frá Airwaves 2006 á síðu sem ég kallaði „I love Icelandic music". Síðan óx og óx og ég hef nú sett þar inn um 1500 færslur um íslenska tónlist."

MEÐ SYKURMOLA Wim Van Hooste lét smella af sér mynd með Einari Erni eftir tónleika Ghostigital í Belgíu.

Síða Wim er vel sótt og hann segir að netið hafi hjálpað fólki með sömu áhugamál að leiða saman hesta sína. „Netið hjálpar mér líka við að fylgjast með Íslandi. Ég kann hrafl í málinu og get lesið flesta íslenska miðla."

Wim segir íslensku tónlistarsenuna í miklum blóma um þessar mundir. „Það er þó synd hve mörg efnileg íslensk bönd hætta snemma, kannski án þess að hafa gefið út plötu eða strax eftir fyrstu plötuna. Þetta á til dæmis við um Nilfisk og Jakobínurínu. Þá hlaupa menn bara til og stofna ný bönd og byrja á öllu upp á nýtt. En kannski er þetta bara leyndarmálið á bak við íslenska tónlist!?"

drgunni@frettabladid.is

TEIKNING WIM AF DÍSU Wim teiknar oft íslenskt tónlistarfólk og birtir á blogginu sínu. Svona sér hann Dísu Jakobs.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kosning meðlima Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar um framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna hófst á föstudag. Mynd **Ólafs Jóhannessonar**, The Amazing Truth About Queen Raquela, er á atkvæðaseðlinum en sá böggull fylgir skammrifi að hún er ekki gjaldgeng í keppnina. Þar sem myndin hefur ekki verið frumsýnd hérlendis fær hún ekki að taka þátt í Óskarskapphlaupinu, en það kom einungis í ljós seint og síðar meir. Náðist því ekki að fjarlægja hana af atkvæðaseðlinum í tæka tíð.

Mynd **Ara Kristinssonar**, Duggholufólkið, var ekki heldur með í kosningunni og var það að ósk leikstjórans. Telur hann barnamynd sína ekki eiga mikið erindi í keppni sem þessa og ákvað því að halda sig til hlés. Duggholufólkið hefur verið sýnd víða um heim að undanförnu við góðar undirtektir og framundan er þátttaka á átta kvikmyndahátíðum fram að áramótum.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, og aðrir í því félagi gefa lítið fyrir kreppuna. Þar á bæ telja menn bókina halda velli sem traust gjafavara og vel það, ekki síst í kreppu líkt og brennivínið. Þannig lítur út fyrir að fleiri bækur verði gefnar út nú en í fyrra. Í síðustu Bókatíðindum voru sjö til átta hundruð titlar og stefnir í að þeir verði enn fleiri þetta árið.

- fb, jbg

Spáir að Siggi stormur hætti

„Hún sagði að það væru einhverjar afgerandi breytingar fram undan. Kannski sér hún eitthvað lengra en mínar spár, sem ná lengst tíu daga fram í tímann," segir Sigurður Þórður Ragnarsson veðurfræðingur, betur þekktur sem Siggi stormur, eftir að Hrönn Friðriksdóttir spámiðill spáði fyrir honum í morgunþættinum Zúber á FM 95,7 í gærmorgun.

„Það eru engar planleggingar hjá mér og mér líður ofsalega vel í því sem ég er að gera, svo þetta kom mér í jafn opna skjöldu og hlustendum. Hún sagði að þessum breytingum í vinnu myndu fylgja miklir peningar, svo það er greinilega engin kreppa hjá mér, nema þetta séu Matadorpeningar," segir Sigurður og hlær, en hann hefur nú starfað í um tíu ár hjá Stöð 2.

Aðspurður segir Sigurður að Hrönn hafi haft mikið til síns máls í spádómnum. „Hún komst furðu nálægt því hvernig ég er og þarf að hafa hlutina. Til dæmis kom hún inn á að ég er eirðarlaus maður, vil hafa mikið fyrir stafni og vera innan um mikið af fólki, annars líður mér ægilega illa. Ég hef aldrei áður farið til miðils að öðru leyti en frænka mín hefur aðeins gripið í spil í matarboðum, en Hrönn notaði þrenns konar spil, kúlu og steina sem hún rýndi í."

„Það sem hann er að fara að gera tengist mikið inn á mannleg samskipti og hann mun fara í samstarf við tvo aðra karlmenn sem hann er ekki í samstarfi við núna. Ég vil meina að þetta komi upp í kringum janúar, febrúar á næsta ári og gangi vel fjárhagslega hjá honum," segir Hrönn Friðriksdóttir.

- ag

NOTAR SPIL, KÚLU OG STEINA Hrönn Friðriksdóttir rekur vefsíðuna spamidill.com.

SIGGI STORMUR Segist ekki íhuga að breyta um starfsvettvang, en hann hefur nú starfað í tíu ár á Stöð 2.

SIA hefur flutt í Tekk-Company

Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Hetjusögur úr kreppunni

Nokkrar vikur eru síðan Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, blaðamaður á Mogganum, skrifaði góða grein þar sem sálfræðingur sagði frá því hvernig best væri að skýra blankheit fyrir börnum. Þar voru góð skilaboð, svo sem þau að líta á tímabundnar fjárþrengingar sem yfirstíganlegt verkefni. Þannig töluðu fullorðnir í þeirri stöðu ekki aðeins kjark í börnin heldur líka sjálfa sig. Nokkru síðar var fréttamaður Ríkissjónvarpsins kominn í ritfangaverslun þar sem foreldrar notuðu kreppuna til að flagga nirfilsskapnum og býsnuðust yfir því hvað skólavörur fyrir sex ára börn væru dýrar.

ÉG fann til með börnum þessa fólks þegar myndavélinni var beint að þeim og þau spurð hvernig það væri að byrja í skólanum. Ég er viss um að það hefði verið mun skemmtilegra ef foreldrar þeirra þusuðu ekki yfir því – og það fyrir framan alþjóð – hvað strokleðrið er dýrt. Alveg gleymdist að athuga hvort eitthvað af þessu dóti fyndist ekki heima, stöku blýantur kannski? Á þriðjudaginn sagði Mogginn frá konu sem kvaðst hafa sparað 40% með því að hætta að kaupa jafnmikinn mat og hún var vön. Fólk þarf örugglega að venja sig á nokkuð mikla óráðsíu til að geta síðan sparað jafnmikið við það eitt að láta af henni.

FRÁSÖGNIN minnti mig á aðra sem eitt sinn birtist í Vikunni. Hún var af konu sem grenntist heil ósköp á því einu að hætta að drekka gos. Í ljós kom að hún hafði drukkið heila tvo lítra á dag! Það er í raun fátt sem hægt er að læra af svona dæmum. Eitt af fyrstu sparnaðarráðunum sem fjölmiðlar ráðlögðu þjóðinni þegar kreppan lagðist við bryggju var að segja upp allra handa áskriftum. Það hljómar svo sem nógu gáfulega en sá böggull myndi þó fylgja skammrifi að við færum þá á mis við sparnaðarráð sumra þessara fjölmiðla.

LÍKLEGA er best að nota bara dómgreindina þegar kemur að heimilisbókhaldinu. Mig er nefnilega farið að gruna að þeir sem fóru á mis við góðærið, og slepptu því að taka eitthvert þessara ægilegu lána sem þá buðust, eigi líka eftir að sleppa að mestu leyti við kreppuna. Svo er auðvitað gott að hafa í huga ráðið hans Gvendar Jaka sem hann lét flakka þegar Vífilfell hækkaði verðið á kóki og hann var spurður hvað fólkið í landinu ætti að taka til bragðs. „Hætta að kaupa kók," sagði maðurinn. Og þegar málið er sett svona upp virðist það auðvitað svo sáraeinfalt.

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn 13. september, 257. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.46	13.24	19.59
Akureyri	6.28	13.08	19.47

Heimild: Almanak Háskólans

Þitt líf - Þitt heimili

JORUN teppi B130xL170cm.
Marglitað **1.990,-**

4.790,-

895,-
FABLER HUND mjúkdýr grátt 60cm.

MIKAEL tölvuborð á hjólum
B77xD50 H76cm. Ýmsir litir **5.950,-**

KASSETT CD box m/loki
B16xL26 H15cm.
Ýmsir litir **795.-/2 í pk.**

PJÄS bastkarfa á fæti Ø37 H19cm.
Bananatrefjar, handofið **1.390,-**

IKEA PS JONSBERG blómavasi
H34cm. Ýmsir litir

BARNSLIG RAND
sængurverasett
B150xL200/B50xL60cm.
Ýmsir litir **2.690,-**

795,-
SIGRID svunta gult/grænt

LIMMAREN flöskur H15cm.
Ýmsir litir **1.090,-/3 í pk.**

IKEA STOCKHOLM
sjónvarpsbekkur B160xD45
H58cm. Svart **44.950,-**

2.490,-
SNILLE stóll sætishæð
47cm. Ýmsir litir



SLIPAD standur m/5 hnífum
L29xB9 H28cm. **1.390,-**

PJÄTTERYD mynd
B56xH56cm. **3.990,-**

BÄSTIS kattarúm Ø44 H16cm.
Túrkísblátt/ljósgrænt **1.790,-**

GRIMEN rúmgrind B140xL200cm.
Grænt **44.950,-**

KORALL SKÖLDPADDA karfa Ø35
H45cm. Ýmsir litir **895,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2008